**GUÐRÚN ÞÓRA HJALTADÓTTIR**

*Bragðgóðir skyrdrykkir og gómsætt hafrakex*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**IDOL-KEPPNIN**

*Tólf keppendur eigast við í kvöld*

**föstudagur**

FYLGIR Í DAG




**AUÐUR TINNA AÐALBJARNARDÓTTIR**

*Busi í MH slær í gegn í Gettu betur*

Gæti orðið fyrsta konan til að sigra í keppninni

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. mars 2009 — 69. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Mikil sorg



Leikarar í Vesturporti syrgja Natöshu Richardson. Móðir hennar hefur sterk tengsl við leikhópinn.

FÓLK 42

### Endurholdgun og tímaflakk



Þórir Sæmundsson leikari frumsýnir Eterinn.

TÍMAMÓT 24

### Í Hreindýralandi

Tilraunakvikmynda- og myndbandahátíð 700.IS Hreindýralands hefst á Héraði á morgun.

MENNING 30

### Snæfell mætir Grindavík



Snæfell tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum úrslitakeppninnar með sigri á Stjörnunni.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**MILT** Í dag verður suðaustan 8-13 m/s sunnan og vestan til með rigningu eða skúrum. Norðan- og austanlands verður þurrt og skýjað með köflum. Áfram hlýtt í veðri.

VEÐUR 4

# Sendir skýr skilaboð um stjórnarsamstarf

**Steingrímur J. Sigfússon ætlar að senda skýr skilaboð á landsfundi um að hann vilji sama stjórnarsamstarf. Hann vill ráðast gegn ofurlaunum hjá ríkinu.**

**STJÓRNMÁL** „Ég mun í minni setningarræðu á landsfundi senda skýr skilaboð um það að við erum tilbúin að halda þessu stjórnarsamstarfi áfram," segir Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna, í ítarlegu fréttaviðtali. Hann segir flokkinn ekki ganga bundinn til kosninga en það sé fullgilt markmið í sjálfu sér að tryggja það að Sjálfstæðisflokkurinn komist ekki til valda í bráð.

Steingrímur, sem nú er kominn í þá aðstöðu að hafa aðgang að upplýsingum um störf fyrri ríkisstjórna, segist ekki hafa séð gögn um að reynt hafi verið að hylma yfir viðkvæm mál er varða banka- og efnahagshrunið. „En það er ýmislegt sem er að koma upp í hendurnar á manni sem vekur spurningar um hvernig að málum var staðið. [...] Margt sem maður hefur á tilfinningunni, og annað sem ég hef séð, vekur upp spurningar um andvara- og aðgerðaleysi sem ríkti gagnvart alvarlegum og versnandi aðstæðum í íslenskum efnahagsmálum á undangengnum árum."

Steingrímur tekur af allan vafa um það að rekist hann á gögn sem gæfu vísbendingar um að reynt hefði verið að hylma yfir einstök mál, þá yrðu þau án hiks send rétta boðleið. „Hér starfar sérskipaður saksóknari og rannsóknarnefnd og við munum að sjálfsögðu veita þeim allar þær upplýsingar sem eðlilegt er að slíkir aðilar fái í þágu sinna starfa."

Steingrímur kallar eftir hugmyndum um hvernig sé mögulegt að loka risavöxnu fjárlagagati upp á 150 til 170 milljarða með öðrum hætti en aðhaldi í ríkisrekstri og leggja á skatta með réttlátum hætti. „Ég held að þær séu ekki til."

Steingrímur telur eðlilegt að þak verði sett á laun háttsettra starfsmanna opinberra stofnana og fyrirtækja. „Já, ég held að við eigum að snúa ofan af ofurlauna vitleysunni sem hér hélt innreið sína, og var hluti af þessu sjúka ástandi sem hér myndaðist." Hvernig þetta verður framkvæmt mun koma í ljós." - shá / sjá síðu 18



**ELDGOS SUÐUR AF TONGA** Neðansjávargos um tíu kílómetra suður af Kyrrahafseyjunni Tonga gæti tengst jarðskjálfta sem mældist 7,9 á Richter og átti upptök sín um 200 kílómetra suðaustur af eyjunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varað við hættulegum flóðbylgjum eftir harðan jarðskjálfta undir Kyrrahafi:

# Hlógu að flóðbylgjuviðvörun

**TONGA** Íbúar eyjunnar Tonga á Kyrrahafi létu sér flóðbylgjuviðvörun sem gefin var út eftir gríðarstóran jarðskjálfta á hafsbotni í léttu rúmi liggja.

Jarðskjálftinn varð um 200 kílómetra suðaustur af eyjunni, og mældist um 7,9 á Richter-skalanum. Óttast var að flóðbylgja myndi skella á nærliggjandi eyjum. Engar fréttir höfðu borist af tjóni af völdum flóðbylgna í gærkvöldi.

Búist var við að áhrifa skjálftans myndi gæta víða, og var varað við sterkum hafstraumum á Hawaii, rúmlega 5.000 kílómetrum frá upptökum skjálftans.

„Fólk er úti á götu og hlær að viðvöruninni," sagði talsmaður lögreglu. „Það færir sig ekki frá ströndinni þótt það hafi verið varað við öflugri flóðbylgju."

Skjálftinn fannst á Nýja-Sjálandi, um 3.000 kílómetra suður af upptökum skjálftans. - bj



**Á KJALARNESI** Lögreglumaður við vinnu í kannabisverksmiðjunni á Esjumelum.

Teknir við fíkniefnaverksmiðju:

# Ekki krafist gæsluvarðhalds

**LÖGREGLUMÁL Tveir menn sem handteknir voru við gríðarstóra kannabisverksmiðju á miðvikudagskvöld voru látnir lausir um klukkan 19 í gær. Rannsókn málsins er þó ekki lokið.**

**Ekki þótti ástæða til að krefjast gæsluvarðhalds yfir mönnunum vegna rannsóknarhagsmuna, segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Hann vildi ekki segja til um hvort mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, hafi játað sök.**

**Rannsókn málsins miðar ágætlega, en talsverð tæknivinna er enn eftir, segir Karl Steinar.**

- bj / sjá síðu 16

Reynt að taka Össur yfir:

# Hagstætt eftir gengishrunið

**VIÐSKIPTI** Breskur einkaframtakssjóður, með fulltingi stærsta hluthafa stoðtækjafyrirtækisins Össurar, hefur undanfarnar vikur átt í viðræðum við aðra hluthafa um yfirtöku á félaginu.

Eyrir Invest, næststærsti hluthafinn auk stjórnenda, telur tilboðið of lágt og vísaði því út af borðinu.

Nokkur áhugi hefur verið meðal erlendra fjárfesta á Össuri enda gengi hlutabréfa félagsins, sem er skráð í krónur, einkar ódýrt eftir gengishrunið.

Tilboð einkaframtakssjóðsins er sagt nema um einum Bandaríkjadal á hlut, sem er um 50 prósenta yfirverð. Fyrir sléttu ári samsvaraði einn hlutur í Össuri einum Bandaríkjadal.

- jab / sjá síðu 20





Fréttablaðið er með 97% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.






**SPURNING DAGSINS**



*Dóri, er hann Pinetop ekki kátur í Reykjavík?*

Jú, hann fílar Reykjavík svo lengi sem hann má reykja hérna.

Pinetop Perkins er 95 ára blúsari sem reykt hefur í 88 ár en hann er gestur á blúshátíð sem hér er haldin. Halldór Bragason, sem er einn mesti blúsari Íslendinga, er góður vinur Pinetops og gestgjafi.

Jóhanna Sigurðardóttir býður sig fram til formanns Samfylkingarinnar:

# Lætur undan þrýstingi flokksmanna

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ætlar að bjóða sig fram til formennsku í Samfylkingunni á landsfundi flokksins, sem fram fer aðra helgi.

Með þessu lætur Jóhanna undan miklum þrýstingi flokksmanna undanfarnar vikur. Enginn annar hefur lýst yfir framboði til formanns og litlar líkur taldar á því að annar lýsi yfir framboði.

Ekki náðist í Jóhönnu í gærkvöldi, en í tilkynningu sem hún sendi fjölmiðlum segir að í ljósi niðurstöðu prófkjörsins í Reykjavík og þeirrar miklu hvatningar sem hún hafi fengið hafi hún tekið þessa ákvörðun.

Áður hafði Jóhanna þvertekið fyrir að til greina kæmi að hún tæki við formennskunni eftir brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

„Við jafnaðarmenn fengum það hlutskipti að leiða vinstristjórn eftir einhver harkalegustu áföll sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir. Verkefnið er hins vegar rétt að hefjast. Brýnt er að því verði fylgt eftir af festu og að við stjórn landsins fari saman ábyrg efnahagsstjórn og félagslegar áherslur,“ segir í tilkynningu Jóhönnu.

„Því tel ég áríðandi að Samfylkingin gegni áfram lykilhlutverki í endurreisnarstarfinu, með jafnræði og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.“ **- bj**



**ÞAKKAR TRAUSTIÐ** Jóhanna Sigurðardóttir segist þakka það traust sem flokksmenn sýni sér í yfirlýsingu til fjölmiðla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný könnun Capacent-Gallup:

## Stjórnin með meirihluta

**KÖNNUN** Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna fengi samtals 38 þingsæti af 63 yrðu úrslit kosninga í takt við könnun Capacent-Gallup, sem gerð var fyrir Ríkisútvarpið og Morgunblaðið.

Samfylkingin mælist með 31,2 prósent atkvæða og 21 þingmann. Um 26,5 prósent sögðust styðja Sjálfstæðisflokk sem myndi skila 18 á þing. Vinstri græn njóta stuðnings 24,6 prósenta og fengju 17 þingmenn. Framsóknarflokkurinn mælist með 11,3 prósent og fengi 7 þingmenn. Aðrir flokkar næðu ekki manni. 64,3 prósent sögðust styðja ríkisstjórnina, en 35,7 voru henni andvíg. **- bj**



**VAMBIR OG KEPPIR** Fyrirhugaður er aukinn útflutningur sláturhússins á Hvammstanga á vömbum og keppum til Kína. Prufusending fór þangað í haust.

# Djúpsteikja hrútseistu

**Vaxandi útflutningur hefur verið á innmat úr fé og stórgripum til útlanda. Bandaríkjamenn kaupa einungis hrútseistu hjá sláturhúsinu á Hvammstanga og djúpsteikja þau. Þjóðir í Evrópu og Asíu kaupa fleiri tegundir af innmat.**

**ÚTFLUTNINGUR** Vaxandi útflutningur hefur verið á innmat úr sauðfé og stórgripum frá Sláturhúsi KVH ehf. á Hvammstanga til landa í Evrópu, Asíu og til Bandaríkjanna.

„Við fluttum dálítið af innmat úr lömbum til Kína í haust,“ segir Magnús Jónsson framkvæmdastjóri. „Kínverjarnir tóku ákveðinn afskurð, fitu, nýru og svoleiðis. Svo erum við að skoða að flytja þangað vambir og keppi. Það fór smámagn af því í haust og kemur til með að verða meira í næstu sláturtíð.

Til Evrópu sendum við lifur, þindar og fleira sem væntanlega er notað í vinnslu til manneldis. Þá sendum við hrútseistu til Bandaríkjanna. Það er eini innmaturinn sem Bandaríkjamenn kaupa af okkur. Okkur er sagt að þeir djúpsteiki þau. Útflutningur á eistum þangað var í gangi fyrir nokkrum árum en lagðist síðan af þar til nú.“

Magnús segir að það magn af innmat sem flutt hefur verið út sé ekki tiltakanlega mikið, en fari þó vaxandi milli ára.

„Við höfum aldrei flutt innmat út í eins miklum mæli og í fyrra,“ heldur Magnús áfram. „Að vísu hafa menn verið að flytja út eitthvert magn sem hefur þá farið í dýrafóður og annað þess háttar. En tilgangurinn með þessum útflutningi er tvíþættur. Annars vegar að koma þessum aukaafurðum okkar í verð en einnig erum við að leita leiða til þess að minnka urðun.“

Magnús segir nauðsynlegt að skapa verðmæti úr innmatnum með einum eða öðrum hætti. Til framtíðar litið verði öll urðun á honum bönnuð. Tvennt verði því í stöðunni, að auka útflutninginn eða vinna hann hér heima í dýrafóður eða til moltugerðar.

Spurður um hvað fengist hafi fyrir þann innmat sem fluttur var út í fyrra segir Magnús það nema 25 milljónum króna. Árið áður hafi verið flutt út fyrir fimm milljónir.

„Þannig að það eru ákveðin tækifæri í þessu,“ segir hann. „Víða eru stórir markaðir fyrir hendi sem ganga þarf í að þróa.“

**jss@frettabladid.is**



**RÚSTIR** Ísraelskir hermenn hafa sagt frá óhæfuverkum sem þeir hafi unnið á Gasa. Leyniskyttur hafi skotið á konur og börn. Hér er föngum bjargað úr fangelsi eftir loftárás Ísraela. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sögur ísraelskra hermanna:

## Hermenn játa óhæfu á Gasa

**ÍSRAEL** Ísraelskir hermenn sögðu frá óhæfuverkum sem þeir frömdu í innrás Ísraelsmanna á Gasa. Hermennirnir voru gestir á námskeiði í ísraelska herskólanum Oranim og hafa frásagnir þeirra verið gefnar út. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Þeir sögðu frá konu og tveimur börnum sem voru myrt af leyniskyttum eftir að hafa misskilið í hvaða átt þau ættu að fara frá heimili sínu. Þá voru hermenn sendir upp á þak til að drepa gamla konu sem gekk á veginum. Ísraelsk mannréttindasamtök hafa gagnrýnt stjórnvöld fyrir að rannsaka ekki ásakanir á hendur hernum. **- kóp**

**KAMERÚN**

### Páfinn fyllti fótboltavöll

Um 60 þúsund manns fylltu fótboltavöll í höfuðborg Kamerún í fyrstu messu Benedikts XVI páfa í Afríku. Páfi sagði Afríku „álfu vonarinnar“, en gagnrýndi efnishyggju og fólksflutninga til stórborga, og varaði við áhrifum þessa á fjölskyldur í Afríku.

**SLYS**

### Tvö bifhjólaslys á sama tíma

Tvö bifhjólaslys urðu um níuleytið í gærkvöldi á höfuðborgarsvæðinu. Ökumaður annars hjólsins féll við Víkurveg við Egilshöll, en ekið var aftan á hinn við Kaplakrika í Hafnarfirði. Báðir ökumenn voru fluttir á slysadeild, en ekki er vitað um líðan þeirra.



**GERSEMI** Ekki þykir ólíklegt að 20 milljónir Bandaríkjadala fáist fyrir teppið. NORDIC PHOTOS/AFP

Fornt teppi boðið upp:

## Perluteppi frá Indlandi selt

**DUBAI Perluteppið frá Baroda verður boðið upp í Katar á næstunni. Teppið er gert úr tveimur milljónum perlna og skreytt hundruðum verðmætra steina, að því er segir á fréttavef BBC.**

**Maharajann í Baroda á Indlandi lét gera teppið á sjöunda áratug 19. aldar. Teppið átti að skreyta grafhvelfingu Múhameðs, en maharajann lést áður en af því varð.**

**Uppboðið verður í Doha næsta fimmtudag og er lágmarksboð um fimm milljónir dollara. Uppboðshaldarar búast við að það seljist á að minnsta kosti fjórfalt hærri upphæð.** **- kóp**






Grímuklæddur maður reyndi að ræna verslun Franchs Michelsen úrsmiðs:

# Réðst með piparúða á úrsmið

**LÖGREGLUMÁL** Grímuklæddur maður réðst inn í verslun úrsmiðsins Franchs Michelsen við Laugaveg undir hádegi í gær og úðaði piparúða í augu Franchs. Ræninginn stökk síðan á brott, að því er virtist tómhentur. Hann var ófundinn þegar blaðið fór í prentun.

„Hann tæmdi heilan brúsa í augun á mér,“ segir Frank. „En ég hékk bara á honum,“ bætir hann við. Þess vegna hafi ræninginn hrökklast á brott.

Frank segir að reynt hafi verið að ræna sig áður en aldrei með jafnalvarlegum hætti og nú. Frank segir að í versluninni sé fullkomið upptökukerfi þannig að ómögulegt sé að ræninginn hafi ekki náðst á mynd.

Ræninginn var þögull, og Franch telur hann hafa verið ungan. Hann segir ræningjann hafa hulið andlit sitt með dulu og að hann hafi verið klæddur í dökka hettupeysu. Við leit að manninum fannst slík peysa á Grettisgötu og er talið mögulegt að ræninginn hafi klætt sig úr henni til að villa um fyrir lögreglu.

Franch er ánægður með snör viðbrögð lögreglu. Hann þrýsti á neyðarhnapp um leið og hann varð ræningjans var og hann segir að ekki hafi liðið nema sekúndur þar til lögreglan var komin á vettvang. **- sh**



**SÁRT** Lögreglan lánaði Franch jakka áður en hann skolaði piparúðann úr augunum eftir að hafa stökkt ræningjanum á flótta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

you can

Canon



# Þú þekkir Canon. Veldu gæði.

Glæsilegt úrval af Canon myndavélum, linsum, vídeóvélum, prenturum, fjölnota prenturum, skönnum, blekhylkjum, ljósmyndapappír og aukahlutum.

**Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is**



## Canon EOS 1000D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 linsu

### Leiðin að þinni sköpun - Verðlaunuð af EISA

- 10.1 megapixla CMOS sensor.
- Þrír rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 2.5" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- Gríðarlegt úrval af aukahlutum og linsum (yfir 60).
- Digital Photo Professional (DPP) hugbúnaður fylgir með.

**Listaverð aðeins 99.900 kr.**



## Canon EOS 450D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 Image Stabilizer linsu

### Leiktu þér - Verðlaunuð af TIPA

- 12.2 megapixla CMOS sensor.
- 3.5 rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- 9 punkta fókus kerfi.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 3.0" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- Gríðarlegt úrval af aukahlutum og linsum (yfir 60).
- Digital Photo Professional (DPP) hugbúnaður fylgir með.

**Listaverð aðeins 139.900 kr.**



## Canon PowerShot A480

### Notendavæn og skemmtileg vasamyndavél - Full af sniðugri tækni

- Fjórir litir í boði; silfur, svartur, rauður, blár.
- 10.0 megapixla sensor - Hægt að prenta út stórar myndir.
- 3.3x optical aðdráttur.
- DIGIC III örgjörvinn dregur úr suði og veitir hraða.
- Face Detection & Red-Eye Correction tækni.
- 15 tökustillingar, ásamt Kids & Pets stillingu o.fl.
- 1cm Macro stilling.
- Motion Detection tækni segir bless við blörr.
- 2.5" LCD skjár & VGA upptaka & AA rafhlöður.
- Notendavænn Canon hugbúnaður fylgir með.

**Listaverð aðeins 26.900 kr.**

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt:**

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / **Reykjavík** Sense Center, Kringlan • Verslun Nýherja, Borgartún • ELKO Lindir & Skeifan • Beco, Langholtsvegur • Myndval, Mjódd / **Akureyri** Pedromyndir / **Sauðárkrókur** Tengill **Blönduós** Kjalfell / **Reykjanesbær** Omnis / **Akranes** Omnis / **Vestmannaeyjar** Foto • Tölvun / **Selfoss** TRS / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ísafjörður** Netheimar • Penninn / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Neskaupsstaður** Tónspil / **Höfn Hornafirði** Martölvan

## GENGIÐ 19.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,94 | 113,48 |
| Sterlingspund | 161,80 | 162,58 |
| Evra | 152,50 | 153,36 |
| Dönsk króna | 20,463 | 20,583 |
| Norsk króna | 17,521 | 17,625 |
| Sænsk króna | 14,008 | 14,090 |
| Japanskt jen | 1,1814 | 1,1884 |
| SDR | 170,19 | 171,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

185,5835

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms og sýknaði séra Gunnar Björnsson:

# Niðurstaðan kom ekki á óvart

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær séra Gunnar Björnsson, sóknarprest á Selfossi, af ákæru um kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum. Hæstiréttur staðfesti þar með dóm héraðsdóms.

Niðurstaðan er léttir, eins og fyrir alla sem bornir eru slíkum sökum, segir Kristinn Bjarnason, verjandi séra Gunnars. Hann segir niðurstöðuna þó ekki hafa komið á óvart. Sú háttsemi sem sannað hafi verið að átt hafi sér stað hafi ekki getað talist saknæm.

Sannað var að séra Gunnar hafi faðmað tvær sextán ára unglingsstúlkur sem lögðu fram kæru gegn honum. Hann kyssti einnig aðra þeirra á báðar kinnar og strauk bak hinnar utan klæða. Hæstiréttur taldi ósannað að þessi háttsemi teldist kynferðisleg áreitni, ósiðleg eða særandi samkvæmt skilningi laganna.

Séra Gunnari var vikið tímabundið frá störfum sem sóknarprestur á Selfossi þegar ákæran kom fram. Kristinn segist reikna með því að það gangi til baka eftir dóm Hæstaréttar.

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sagðist í gær ekki geta tjáð sig um málið, enda dómur nýfallinn. Engin ákvörðun hafi verið tekin varðandi störf séra Gunnars.

Séra Gunnar vildi ekki veita viðtal vegna málsins í gær, en vísaði á verjanda sinn. - bj



**SÝKNAÐUR** Faðmlag, kossar og strokur séra Gunnars Björnssonar voru hvorki kynferðisleg áreitni né ósiðleg eða særandi, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Konur í Ísrael:

## Vilja komast hjá herskyldu

**JERÚSALEM, AP Ísraelsher hefur ráðið einkaspæjara til að njósna um einstaklinga sem grunaðir eru um að reyna að komast hjá herskyldu. Eftirlitið hófst í fyrra og hafa 520 konur verið gómaðar við að ljúga því til að þær séu strangtrúaðar, til að komast hjá herskyldu.**

**Árið 1991 komust 21 prósent kvenna hjá herskyldu vegna trúarskoðana en í fyrra var talan komin upp í 36 prósent. Þykir það furðulegt í ljósi þess að einungis 20 prósent Ísraela teljast trúuð.**

**Mikill fjöldi karlmanna kemst einnig hjá herskyldu með þessu móti, enda eru talsvert fleiri karlmenn strangtrúaðir en konur.** - ams

Lagabreyting í Danmörku:

## Samkynhneigðir mega ættleiða

**DANMÖRK** Danmörk hefur nú bæst í raðir þeirra landa þar sem samkynhneigðum pörum er heimilt að ættleiða börn. Það gerðist með lagabreytingu sem meirihluti danska þjóðþingsins samþykkti, þrátt fyrir að það væri stefna allra flokkanna þriggja sem að baki ríkisstjórnarmeirihlutans standa að heimila ekki þessa breytingu á ættleiðingarlögunum.

Meirihluti fékkst samt fyrir tillögunni þar sem sex þingmenn Venstre, flokks Anders Fogh Rasmussens forsætisráðherra, „sviku lit“ og studdu breytinguna. Tillagan fékkst þannig samþykkt með 62 atkvæðum gegn 53. - aa

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eignaspjöll í mótmælum**

Um 460 eignaspjöll voru skráð í janúar, þegar mótmælin stóðu sem hæst. Þetta kemur fram í bráðabirgðatölum Ríkislögreglustjóra.

# Starfshættir við bílalán til skoðunar

**Talsmaður neytenda hefur starfsemi fjármögnunarfyrirtækja til skoðunar. Skoðað er hvort neytendareglur og samkeppnisjónarmið séu brotin. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur sent viðskiptaráðherra erindi vegna málsins.**

**NEYTENDUR** Talsmaður neytenda kallaði fulltrúa fjögurra fjármögnunarfyrirtækja til fundar við sig í síðustu viku. Tilefnið eru kvartanir vegna starfshátta fyrirtækjanna um skilmála bílalánasamninga og forsendur uppgjöra. Nægt tilefni þótti til að halda samráðsfund vegna eðlis þeirra kvartana sem bárust.

Fulltrúar fyrirtækjanna fjögurra, Lýsingar, Avant, SP-fjármögnunar og Íslandsbanka fjármögnunar, hittu talsmann neytenda, fulltrúa Félags íslenskra bifreiðaeigenda og fulltrúa Neytendastofu á miðvikudag í síðustu viku. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segist vera að fara yfir málið og vill ekkert segja um möguleg viðbrögð. Verið sé að skoða hvort starfsemin sé í samræmi við samkeppnisjónarmið og almennar neytendareglur. „Það eru nægilega mörg tilvik til að skoða málið,“ segir Gísli.

Sé pottur brotinn í starfsemi fyrirtækjanna segir Gísli að send séu út tilmæli um úrbætur, ýmist formleg eða óformleg. Vakni hins vegar grunur um grófari brot sé málinu vísað til stofnana sem fari með eftirlit á því sviði. Þar er Neytendastofa nærtækust, en hún getur úrskurðað um bann og stjórnvaldssektir. Verið er að skoða hvort einhver tilvik gefi tilefni til slíkra aðgerða.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur sent viðskiptaráðherra erindi, þar sem vakin er athygli á starfsháttum fjármögnunarfyrirtækja. Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri segir marga félagsmenn hafa leitað til félagsins. Algengast sé að menn kvarti yfir óeðlilega háum kröfum, til dæmis vegna viðgerðarkostnaðar.

„Þá er fólk óánægt með þá skilmála sem það fær: bréf frá lögfræðistofu og mikinn viðbótarkostnað. Þegar haft er samband við fyrirtækin segja þau þetta vera ítarkröfur til umræðu. Staða þeirra sem eru í vandræðum er hins vegar oft það slæm að þeir bera ekki hönd fyrir höfuð sér.“

Runólfur hefur bent á að samkvæmt samningarétti sé hægt að hverfa frá ákvæðum samnings ef hægt er að sýna fram á að viðskiptahættir raski mjög högum lántakenda. „Það verður að vera jafnvægi á réttindum samningsaðila og það virðist vera misbrestur á því.“ kolbeinn@frettabladid.is



**BÍLAR** Gríðarlegur fjöldi bíla hefur verið fluttur inn til landsins á síðustu árum. Margir hafa tekið bílalán hjá fjármögnunarfyrirtækjum til bílakaupa og eru starfshættir slíkra fyrirtækja nú til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GÍSLI TRYGGVASON



RUNÓLFUR ÓLAFSSON



**Í HÆTTU** Norðmenn telja að ísbjörnum muni fækka um 60 prósent fyrir 2050 verði ekkert að gert í loftslagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimskautaþjóðir sammála:

## Ísbirnir í hættu vegna hlýnunar

**NOREGUR, AP Framtíð ísbjarna veltur á því að hlýnun jarðar takist að stöðva. Þetta er niðurstaða fulltrúa þeirra þjóða sem eiga land að norðurpólnum, Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands, Danmerkur og Noregs, en þeir funda um þessar mundir í Tromsö í Noregi.**

**Heimamenn höfðu óskað eftir því að samþykkt yrði ákall til loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, sem haldin verður í desember, um beinar aðgerðir en ekki náðist samstaða þar um. Norðmenn telja að ísbjörnum muni fækka um 60 prósent til ársins 2050 verði ekkert að gert.** - kóp

### BANDARÍKIN

**Rændu ræningjana**

Tveir menn sem rændu skartgripasala í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum voru rændir þegar þeir reyndu að komast undan. Til átaka kom þegar tveir menn sátu fyrir ræningjunum. Lögregla handtók alla fjóra mennina, en ránsfengurinn fannst ekki.

### JAFNRÉTTISMÁL

**Viðurkenning Seltjarnarness**

Lyfjastofnun og leikskólarnir Mánabrekka og Sólbrekka fengu í gær jafnréttisviðurkenningu Seltjarnarnesbæjar. Á öllum stöðunum er starfað eftir jafnréttisáætlun. Viðurkenningin er veitt einu sinni á kjörtímabili.





IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Smám saman kólnar á landinu um helgina. Á morgun verður fremur hæg suðvestanátt með skúrum og síðar éljum um mest allt land en þó verður þurrt og bjart með köflum austast á landinu. Á sunnudag verður vindur fremur stífur af vestri, 8-15 m/s en hvassari í námunda við fjöll og á hálendinu. Él verða víðast hvar, síst þó á Austurlandi. Eftir helgina frystir víðast á landinu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 11° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 13° |
| New York | 8° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 4° |
| París | 11° |
| Róm | 10° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Prjónadagar

# 10% AFSLÁTTUR

## af öllum lopa, garni & prjónavöru

**SÉRFRÆÐINGAR í prjónaskap leiðbeina í Hagkaup**

Kringlunni föstudag kl. 15:00 – 18:00
Skeifunni laugardag kl. 10:00 – 18:00
Smáralind sunnudag kl. 12:00 – 14:45
Holtagörðum sunnudag kl. 15:00 – 18:00









DALE

MARKS & KATTENS
Garn Mönster Idéer

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF

Prym

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt að banna kaup á vændi?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,2% |
| Nei | 54,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við þá ákvörðun Seðlabankans að lækka stýrivexti í 17 prósent?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Forseti EFTA-dómstólsins kysi að aðilar í EFTA-löndunum nýttu stofnanir EES betur:

# Væntingar um að Ísland gangi í ESB veikir stofnanir EES

**EVRÓPUMÁL** Væntingar um að Ísland muni fljótlega sækja um aðild að Evrópusambandinu hafa orðið til þess að veikja stofnanir EES, að minnsta kosti tímabundið. Þetta segir Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, í samtali við Fréttablaðið.



**CARL BAUDENBACHER**

„Þið eigið jú ekki langt eftir ólifað,“ heyrir maður gjarnan frá kollegum hjá dómstól Evrópusambandsins,“ segir Baudenbacher, en EFTA-dómstóllinn er til húsa í næsta nágrenni við hinn margfalt umsvifameiri dómstól ESB í Lúxemborg.

EFTA-dómstóllinn, sem nú hefur starfað í fimmtán ár, fær að meðaltali aðeins um sjö mál á ári til umfjöllunar. Spurður hvers vegna hann telji svo fá mál koma til kasta dómstólsins segir hann að hafa verði í huga að aðildarríki dómstólsins, Ísland, Noregur og Liechtenstein, séu lítil lönd. En honum hafi lengi fundist að það myndi vera í þágu réttarhagsmuna einstaklinga og fyrirtækja í þessum löndum ef dómstólar innan þeirra gerðu meira af því að skjóta málum til EFTA-dómstólsins.

Baudenbacher minnir einnig á þann grundvallarmun sem er á EES-rétti og ESB-rétti, að samkvæmt ESB-rétti geta mun fleiri aðilar skotið málum til hins yfirþjóðlega dómstóls, þar með talið almennir borgarar og lögaðilar innan aðildarríkjanna. **- aa**

Lönd í sunnanverðri Afríku:

# Viðurkenna ekki Rajoelina

**AFRÍKA, AP** Lönd í sunnanverðri Afríku hafa gefið það út að þau viðurkenni ekki nýjan forseta Madagaskar, Andry Rajoelina. Ráðstefna Þróunarnefndar sunnanverðrar Afríku hvetur Afríkubandalagið og alþjóðasamfélagið til að gera slíkt hið sama og endurreisa „lýðræðislega, stjórnarskrárbundna stjórnarhætti eins fljótt og mögulegt er“.

Rajoelina stóð fyrir mótmælum gegn forseta landsins, Marc Ravalomanana, svo mánuðum skipti. Hann sagði af sér á þriðjudag og lét völdin í hendur hersins, sem skipaði Rajoelina forseta innan fárra klukkustunda. **- kóp**

Kærði ummæli í Blaðinu:

# Ímynd Franklíns ekki svert

**DÓMSMÁL** Ritstjóri og blaðamaður Blaðsins voru í gær sýknaðir af kæru Franklíns K. Stiner vegna ærumeiðandi ummæla. Meðal annars var fullyrt að Franklín hefði verið „umsvifamesti fíkniefnasali landsins“.



**FRANKLÍN K. STINER**

Í dómi Hæstaréttar segir að ummælin, sem birtust í skrifum Sigurjóns M. Egilssonar, fyrrverandi ritstjóra, og Trausta Hafsteinssonar blaðamanns hafi ekki svert ímynd Franklíns, þar sem fyrir liggi hvaða ímynd hann hafi skapað sér, en hann hefur hlotið dóma fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni. **- bj**

Ný upptaka með bin Laden:

# Vill láta steypa Sómalíuforseta af stóli

**EGYPTALAND, AP** Osama bin Laden, leiðtogi al-Kaída-hryðjuverkanetsins, hvetur í nýrri myndbandsupptöku, sem dreift hefur verið á vefsíðum íslamista, til þess að uppreisnarmenn íslamista í Sómalíu steypi forseta landsins af stóli.

Í upptökunni, sem er ellefu og hálf mínúta að lengd, talar bin Laden aðeins um Sómalíu undir yfirskriftinni „Haldið baráttunni áfram, meistarar Sómalíu“. Hann úthúðar nýjum forseta Sómalíu, sjeik Sharif Ahmed, sem Sómalíuþing kaus hinn 31. janúar. Ahmed kemur sjálfur upprunalega úr herbúðum íslamista en þykir nú í hófsamari kantinum. **- aa**



**MIKIÐ MAGN** Aldrei hefur viðlíka magn af fíkniefnum verið tekið í einu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Neitaði allri sök en hlaut níu ára dóm

**Tveir dæmdir fyrir að smygla til landsins 200 kílóum af hassi í húsbíl. Hlutu níu og sjö og hálfs árs fangelsisdóm. Framburður mannanna þótti með ólíkindum.**

**DÓMSMÁL** Athafnamaðurinn Þorsteinn Kragh var í gær dæmdur í níu ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir innflutning á tæplega 200 kílóum af hassi og 1.300 grömmum af kókaíni. Aldraður Hollendingur, Jacob van Hinte, sem flutti efnin til landsins falin í húsbíl, hlaut sjö og hálfs árs fangelsisdóm.

Hollendingurinn játaði sök en Þorsteinn neitaði aðild að málinu. Dómurinn telur vitnisburð Þorsteins með ólíkindum og að engu hafandi.

Efnið barst til landsins 10. júní í fyrra. Lögregla handtók Hollendinginn vegna þess að hann var eftirlýstur erlendis en lögregla vissi ekki af efnunum, sem voru vel falin í húsbílnum, fyrr en hann vísaði á þau. Sérstakt áhald þurfti til að opna leynihólf þar sem efnin voru geymd.

Hollendingurinn bar í fyrstu að maður sem hann kallaði Kimma hafi fengið hann til innflutningsins, og benti á Þorstein við sakbendingu og sagði að þar færi Kimmi. Hann



**ÞORSTEINN KRAGH**



**JACOB VAN HINTE**

sagðist hafa flutt inn 50 kíló af hassi í félagi við Þorstein árið 2007, og hefði átt að fara eins að í þetta skiptið og afhenda Þorsteini efnið við gufubaðið á Laugarvatni, sem Þorsteinn rak. Hann hafi átt að fá 40 þúsund evrur fyrir viðvikið.

Síðar í rannsókninni tók framburður hans hins vegar u-beygju og skyndilega kannaðist hann ekkert við aðild Þorsteins. Sagði hann þá Breta að nafni Bill og Jim hafa skipulagt innflutninginn.

Þorsteinn sagðist kannast við Hollendinginn. Hann hafi ferjað á áttunda tug ellilífeyrisþega frá Seyðisfirði og í gufubaðið sitt fyrir Hollendinginn á sínum tíma og hafi auk þess ætlað að útbúa stjörnukort fyrir öldunginn, sem hafi haft mikinn áhuga á stjörnufræði. Ekkert af þessu kannaðist Hollendingurinn við.

Dómurinn taldi sannað, út frá upplýsingum um símnotkun og bankagögnum, að Þorsteinn hefði skipulagt smyglið og að Hollendingurinn hefði breytt framburði sínum eftir að hann hitti Þorstein á Litla-Hrauni.

Segir í dómnum að breyttur framburður Jabobs van Hinte sé „svo ótrúverðugur og reyfarakenndur að hann verði ekki lagður til grundvallar niðurstöðunni“. Þá sé framburður Þorsteins með ólíkindum og „í algjöru ósamræmi við flest annað sem fram er komið í málinu“. Þorsteinn eigi sér engar málsbætur.

Það er metið Hollendingnum til refsilækkunar að hann játaði sök og benti á Þorstein, þótt hann hafi síðar dregið þann framburð sinn til baka. Líklegt er að dómnum verði áfrýjað. **stigur@frettabladid.is**

Lögmaður sakar þingmann um valdníðslu og opinbera niðurlægingu:

# Stefnir Árna Mathiesen og ríkinu

**DÓMSMÁL** Hæstaréttarlögmaðurinn Guðmundur Kristjánsson hefur stefnt Árna Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og íslenska ríkinu vegna skipunar í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Guðmundur var einn umsækjenda um starfið.

Árni, þá settur dómsmálaráðherra, skipaði Þorstein Davíðsson í embættið þrátt fyrir að matsnefnd hefði metið hann tveimur hæfisflokkum neðar en þrjá aðra umsækjendur. Umboðsmaður Alþingis komst svo að því um síðustu áramót að annmarkar hefðu verið á öllum þáttum skipunarinnar og að hæfasti umsækjandinn hafi ekki verið valinn.



**ÁRNI MATHIESEN**

Guðmundur krefst þess að Árni og ríkissjóður greiði honum óskipt fimm milljónir króna í miskabætur, þar sem Árni hafi með ráðningunni sýnt honum „takmarkalausa lítilsvirðingu, niðurlægt hann á opinberum vettvangi og vegið að starfsheiðri hans og viðurkenningu á reynslu hans og hæfni“, eins og segir í stefnunni. „Með því hafi hann beitt valdníðslu með ráðherravaldi sínu og valdið stefnanda miska með því að fremja ólögmæta alvarlega meingerð gegn æru hans og persónu.“

Þá er þess einnig krafist að skaðabótaábyrgð verði viðurkennd, þar sem Guðmundur hafi hlotið fjártjón af því að verða af ráðningunni. Málið var þingfest í héraðsdómi í gær. **- sh**




20 ÁRA STARFSAFMÆLI
Allur ferskur fiskur í fiskborði og allir fiskréttir
990
KR/KG LAX, RAUÐSPRETTA, SUSHI OG FLEIRA OG FLEIRA
Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin
*Tilboðið gildir út alla vikuna*
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

NÝTT!

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

**Opnum í dag kl. 12.00**

| Íþróttafatnaður | Golffatnaður | Herrafatnaður |
| Dömufatnaður | Barnafatnaður |
| Ungbarnafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dömubolir | 695 | Barnabolir | 495 |
| Dömubuxur | 995 | Strákaskyrtur | 695 |
| Dömublússur | 1.595 | Barnabuxur | 1.495 |
| Dömujakkar | 1.995 | Barnanáttföt | 995 |
| Kjólar | 1.995 | Barnainniskór | 495 |
| Dömuskór með háum hæl | 1.995 | Barnaskór | 795 |
| Dömutöskur | 995 | | |
| Herrabolir | 995 | | |
| Herraskyrtur | 1.495 | DVD | 100 |
| Herrabuxur | 1.495 | Tölvuleikir | 500 |
| Stakir jakkar | 2.995 | DVD Þættir | 1.000 |

ZARA

Brandtex

RUGBY JEANS CO.

true

**Stærsta Outlet landsins!**

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Fyrir hvaða franska stjórnmálaflokk býður Eva Joly sig fram til Evrópuþingsins?*

*2 Hvaða fisk veiða Íslendingar nú af miklum móð við mikla andstöðu Norðmanna?*

*3 Hver var markahæstur íslensku leikmannanna í Skopje?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Eignasvið borgarinnar segir öryggi barna hafa ráðið örlögum gamals vatnstanks:

# Tankurinn var slysagildra sem þurfti að víkja

**SKIPULAGSMÁL** Kristín Einarsdóttir, aðstoðarsviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkur, segir vatnstank á Hallsteinshöfða í Grafarvogi hafa verið rifinn vegna slysahættu.

Kristín segir að í fyrsta lagi hafi börn getað fallið fram af tankinum. Þá hafi ítrekað verið brotist inn í tankinn, jafnvel þótt dyr hans væru logsoðnar aftur. Þar inni hafi fundist sprautunálar.

„Okkur sýndist að þarna inni gæti ýmislegt misjafnt farið fram,“ segir Kristín sem kveður markvisst hafa verið unnið að því að tankurinn yrði fjarlægður eftir að kvartanirnar tóku að berast. „Enda blasti ekki annað við en að við værum alltaf að sjóða hurðina fasta og hún væri svo jafnharðan brotin upp aftur.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telur Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingar í hverfisráði Grafarvogs, að Ólafur F. Magnússon, þáverandi borgarstjóri, hafi lofað því á íbúafundi í apríl 2008 að láta útbúa útsýnispall ofan á tankinum eins og íbúar hverfisins vildu. Þetta segist Kristín hafa kannað á skrifstofu borgarstjóra og fengið þau svör að borgarstjórinn hafi eingöngu sagt á fundinum að útbúa ætti fallegan útsýnisstað með bekk við listaverk Hallsteins Sigurðssonar þar á hæðinni.

Í bókun hverfisráðs Grafarvogs frá í fyrrakvöld segir að það hafi fengið loforð um að tankurinn yrði ekki rifinn og að bygging útsýnispalls yrði útfærð í nánu samráði við hverfisráðið. „Á sama tíma og í orði kveðnu átti að fara fram samráð um þessa framkvæmd var í raun verið að undirbúa niðurrif tanksins,“ segir ráðið. **- gar**



**TANKURINN SEM HVARF** Haustið 2007 voru fjarlægðir úr vatnstankinum á Hallsteinshöfða alls kyns hlutir sem óviðkomandi maður hafði komið þar fyrir í geymslu.












# Varfærin fyrsta stýrivaxtalækkun

**Stýrivextir Seðlabankans voru í gær lækkaðir um eitt prósentustig, úr 18 prósentum í 17 prósent. Lækkunarferli er hafið. Aukavaxtaákvörðunardagur verður í byrjun apríl. Dregið verður úr peningalegu aðhaldi, segir seðlabankastjóri.**

**VIÐSKIPTI** Lækkunarferli stýrivaxta Seðlabanka Íslands hófst í gær með því að vextir voru færðir niður um 100 punkta, í 17 prósent. Lækkunin er kynnt sem varfærið fyrsta skref í lækkunarferli, en boðaður var aukavaxtaákvörðunardagur 8. apríl. Verðbólga hefur hjaðnað hraðar en Seðlabankinn hafði spáð, frá hámarki í janúar.

Vaxtaákvörðunin nú er sú fyrsta eftir að lögum um Seðlabankann var breytt fyrr á árinu og stofnuð peningastefnunefnd til að taka ákvarðanir í peningamálum. Arnór Sighvatsson aðstoðarbankastjóri og Svein Harald Øygard, aðalbankastjóri Seðlabankans, auk Þórarins G. Péturssonar aðalhagfræðings kynntu ákvörðunina á fundi í Seðlabankanum í gær.

Í rökstuðningi peningastefnunefndar kemur fram að hagvísar bendi til þess að skilyrði séu til þess að draga úr peningalegu aðhaldi. Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur Landsbankans, benti á fundinum á að vegna verðbólguþróunar væri með ákvörðuninni ekki í raun dregið úr aðhaldinu þar sem raunvaxtastig væri hér enn hátt. Svein Harald Øygard seðlabankastjóri kvað hins vegar ljóst í hvaða átt bankinn stefndi, þótt ekki vildi hann geta sér til um hversu mikillar vaxtalækkunar væri að vænta í apríl. „Það er peningastefnunefndarinnar að taka þá ákvörðun og ekki við hæfi að taka fram fyrir hendurnar á henni með yfirlýsingum þar um,“ sagði hann.

Seðlabankinn leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að halda gengi krónunnar stöðugu, í ljósi þess hve efnahagur heimila, fyrirtækja og banka sé viðkvæmur gagnvart gengissveiflum. Fyrir vikið sé óhjákvæmilegt að peningalegt aðhald sé meira en annars væri viðeigandi. Arnór Sighvatsson bendir á að ákvarðanir bankans séu teknar með það í huga að höftum verði létt. „Peningastefnunefndin hefur ákveðið að stíga varlega til jarðar. Við viljum sjá og endurmeta eftir hverja ákvörðun hvaða áhrif hún hefur á gjaldeyrismarkaðinn og krónuna. Í ljósi þess tökum við svo næstu skref,“ segir hann, en ekki sé ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvenær í ferlinu verði hægt að hefja afnám haftanna.

Peningastefnunefndin bendir á að á næstu mánuðum verði mikilvæg skref stigin í endurskipulagningu fjármálakerfisins. Að henni lokinni, og hafi dregið úr óvissu og virkni fjármálamarkaða aukist, geti peningastefnan í auknum mæli stutt við efnahagsbata. Áréttað er að allar ákvarðanir þurfi að taka með það fyrir augum að „fjárhagslegt tap einkaaðila í kjölfar fjármálakreppunnar falli ekki á hið opinbera umfram það sem þegar er orðið“. **olikr@markadurinn.is**



**RÉTT FYRIR FUND** Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, tekur tali Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóra og Svein Harald Øygard seðlabankastjóra rétt fyrir kynningarfund vegna stýrivaxtaákvörðunar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vextir ættu að vera 10 prósent



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Lækkun stýrivaxta um eitt prósentustig, í 17 prósent, er ótrúlega lítil, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Vilhjálmur segir að lækka hefði átt stýrivextina í 10 prósent. Svo lítil lækkun nú geri ekki annað en reka fólk inn á atvinnuleysisskrá.

„Ég skil ekki hvers vegna verið var að búa til nýjar aðferðir við að ákveða vextina, ef gamla módelið ræður enn ríkjum,“ segir Vilhjálmur. Miðað við tíðindi gærdagsins segist hann ekki vongóður á frekari vaxtalækkanir á næstunni. Háir stýrivextir hafi þegar valdið miklum skaða. **- bj**

## Bjóst við stærra skrefi í upphafi



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Þótt það sé í sjálfu sér ánægjulegt að vaxtalækkunarferli Seðlabankans sé komið í gang áttu sérfræðingar Alþýðusambandsins von á meiri lækkun strax í upphafi, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Lækka hefði átt vextina strax um í kringum þrjú prósent, og svo lækka áfram í þéttum skrefum, segir Gylfi. Hann segir að ASÍ leggi gríðarlega áherslu á að stýrivextir lækki hratt áður en algert eignahrun verður hjá heimilum og fyrirtækjum. Verðbólgan sé ekki áhyggjuefni á næstu mánuðum, spár bendi til þess að hún muni lækka hratt. **- bj**

## Vonbrigði hvað lækkun var lítil



**FINNUR ODDSSON**

„Það jákvæða við aðgerðir Seðlabankans er að þeir hafa hafið vaxtalækkunarferlið,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. „Hins vegar mun þessi vaxtalækkun ekki skipta neinum sköpum fyrir heilsufar fyrirtækja og heimila og því vonbrigði að ekki hafi verið tekið stærra skref.“

Finnur vonast til að hafið sé hratt vaxtalækkunarferli. „Í þeim efnum er eðlilegt að bæta við vaxtaákvörðunardögum, eins og Seðlabankinn hefur reyndar þegar gert og ættu þeir að vera tíðari áfram,“ segir hann því annars hægi ekki nægilega á óheillaþróun og gjaldþrotahrinu. **- óká**


Verslaðu ódýrt!
20% afsláttur
PÖNNUBÚÐINGUR
199 kr/pk.
249 kr/pk.
45% afsláttur
KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR
1.636 kr/kg
2.975 kr/kg
57% afsláttur
FERSK GRÍSALUND
1.297 kr/kg
2.996 kr/kg
MAÍSSTÖNGLAR 4 STK. 1080g
299 kr/pk.
359 kr/pk.
ÓDÝRT
HUNANG 450g
359 kr/ds.
TÓMATAR Í DÓS 400g
59 kr/ds.
LA BOTTEGA PIZZUR, MOZARELLA EÐA PEPPERONI
399 kr/stk.
FRANSKAR KARTÖFLUR 1kg
298 kr/pk.
Frábært fyrir ferminguna
MACKINTOSH 1.6kg
998 kr/ds.
Ný verslun í Hverafold
TILBOÐIN GILDA 19. - 22. MARS EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Birt með fyrirvara um prentvillur.
www.markhonnun.is
www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
netto
- ódýrara en þú heldur



**URRRR** Kasper, þriggja mánaða gamall hvítur ljónsungi, bítur í hárið á Nödju Radovic, gæslumanni sínum, í dýragarðinum í Belgrad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fréttablaðið og Ísafold:

## Nýr samningur til tíu ára

**FJÖLMIÐLAR** Ísafoldarprentsmiðja og 365 miðlar hafa endurnýjað samning um prentun Fréttablaðsins. Samningurinn gildir til næstu tíu ára.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir samninginn gerðan í framhaldi af því að Samkeppniseftirlitið hafnaði samningi 365 og Árvakurs um kaup Árvakurs á Fréttablaðinu og Pósthúsinu, dreififyrirtæki þess. „Mér þykir súrt í brotið að þetta hafi endað þannig og er enn áhugasamur um að finna fleti til að fá náð yfirvalda fyrir samstarfi á dreifingu og jafnvel prentun. Ef upprunalegi samningurinn hefði fengið að standa hefði ekki komið til þess að ríkisbankar væru að afskrifa um þrjá milljarða hjá Árvakri, eins og komið hefur fram í fréttum. Það er tjón sem stjórnvöld ákveða að skattgreiðendur taki á sig,“ segir Ari Edwald. - kg

# Minnisblað Davíðs er persónulegt gagn

**Minnisblað fyrrverandi formanns bankaráðs Seðlabankans um símtal hans við þáverandi forsætisráðherra er persónulegt minnisblað og ekki í vörslu bankans. Orkar tvímælis að minnast á slíkt óformlegt plagg í viðtali, segir sérfræðingur.**

**EFNAHAGSMÁL** Minnisblað sem Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankaráðs Seðlabankans, ritaði eftir símtal við Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, síðastliðið sumar er persónulegt minnisblað Davíðs. Seðlabankinn hefur á þeim forsendum neitað Fréttablaðinu um afrit af því.

Davíð upplýsti í Kastljósi Sjónvarpsins 24. febrúar að hann hefði fundið minnisblaðið við tiltekt á skrifborði sínu. Það hafi hann ritað eftir símtal í júní 2008, þar sem hann hafi varað þáverandi forsætisráðherra við yfirvofandi hruni íslenska bankakerfisins.

Geir H. Haarde hefur sagt að hann muni ekki eftir því samtali sem Davíð vísaði í. Hafi slíkt samtal átt sér stað hafi það í það minnsta ekki verið formlegt samtal þar sem stefna Seðlabankans hafi verið látin í ljós.

Fréttablaðið óskaði eftir afriti af minnisblaðinu 25. febrúar. Seðlabankinn hefur nú svarað erindinu og hafnað því að afhenda afrit af minnisblaðinu.

Í svari Seðlabankans segir: „Þar sem hér er um persónulegt minnisblað formanns bankastjórnar að ræða, sem er í vörslu hans sjálfs, er ekki unnt að verða við beiðni yðar um afhendingu þess.“

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur um opinbera stjórnsýslu, segir flókið að meta hvort umrætt minnisblað eigi að teljast persónuleg eign starfsmannsins eða eign Seðlabankans.



**VIÐTAL** Davíð Oddsson sagðist hafa varað Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, við yfirvofandi bankahruni í símtali í júní 2008. Geir hefur ekki kannast við slíkt samtal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Fólk hripar ýmislegt hjá sér í vinnunni, en það sem mér finnst orka meira tvímælis er að minnast á þetta í viðtalinu. Ef þetta var bara til minnis fyrir hann persónulega hefur þetta auðvitað ekkert gildi,“ segir Gunnar Helgi.

Hann bendir á að hafi skjalið ekki verið vistað formlega hjá bankanum sé ekkert sem sanni að minnisblaðið hafi verið skrifað á þeim tíma sem haldið hafi verið fram. Þá hafi það enga þýðingu og sanni hvorki eitt né neitt.

Fréttablaðið óskaði einnig eftir afriti af upptöku af símtalinu. Í svari Seðlabankans segir að einungis símtöl alþjóða- og markaðssviðs bankans séu hljóðrituð. Tilgangurinn sé að eiga upptökur af viðskiptum ef ósætti komi upp. Símtöl úr síma formanns bankastjórnar séu ekki hljóðrituð.

Fréttablaðið hefur kært synjun Seðlabankans á ósk um afrit af minnisblaðinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

brjann@frettabladid.is



**SIV JENSEN** Leiðtogi Framfaraflokksins en flokkurinn mælist stærstur í Noregi.

Stjórnmál í Noregi:

## Framfaraflokkurinn stærstur

**NOREGUR Framfaraflokkurinn í Noregi mælist nú stærsti stjórnmálaflokkur landsins, með 30,9 prósenta fylgi. Verkamannaflokkurinn tapar hins vegar fylgi; hann fengi 28,4 prósent ef kosið yrði nú, samkvæmt könnun Opinion fyrir fréttastofuna ANB.**

**Samkvæmt könnuninni fengju hægriflokkarnir 96 þingmenn, 14 fleiri en í síðustu kosningum. Þó er fylgisaukning Framfaraflokks að nokkru á kostnað Hægriflokksins, sem tapar 3,5 prósentum og mælist nú með 13,2 prósent.**

**Vinstrisósíalistar í flokki Kristinar Halvorsen fjármálaráðherra, SV, tapa einnig fylgi og mælast nú aðeins með 6,1 prósent samkvæmt könnun Sentio fyrir Dagens Næringsliv.** - aa

**KJARAMÁL**

### Starfsskerðing endurskoðuð

Bæjarráð Voga ætlar að endurskoða ákvörðun bæjarstjóra um að taka alla yfirvinnu af starfsmanni í félagsþjónustu bæjarins enda sé hún ekki í samræmi við samþykkt bæjarráðsins sem veitti bæjarstjóranum heimild til að ræða við bæjarstarfsmenn um fimm til tíu prósenta lækkkun á yfirvinnu.





Sex vinir óháð kerfi

er liður í aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!

SONY ERICSSON G502

Símalán - útborgun: 900 kr.

Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 24.900

Tilboðið gildir meðan birgðir endast

ENNEMM / SÍA / NM36699

**Neytendur:** Mælt með Penslasápu

# *Haugamatur verður sem nýtt*



DR. GUNNI
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@ frettabladid.is

Hilmari Sigurðarsyni, smiði til fimmtíu ára, blöskrar það þegar fólk hendir penslum bara vegna þess að þeir eru skítugir. Hann er með góða lausn. *„Ég fann eitthvað sem heitir Penslasápa í Byko,“* segir hann. *„Umbúðirnar lofa öllu fögru. Ég hélt að þetta væri einhver auglýsingabrella, en gaf því þó tækifæri. Ég lét nokkra skítuga og grjótharða pensla liggja í sápunni í tvo sólarhringa og mér til mikillar ánægju komu þeir upp úr þessu eins og nýhreinsaðir hundar. Það þurfti ekki nema að skola af þeim með volgu vatni og þá mátti fara að nota þá aftur. Þessi sápa er íslensk og náttúruvæn, framleidd af Undra í Reykjanesbæ. Fólk er eflaust að dytta að og mála úti um allt land um þessar mundir og það liggja penslar undir skemmdum víða. Ég mæli eindregið með því að fólk verði sér út um þessa sápu því það skilar sér margfalt. Penslar sem voru haugamatur komast aftur í not.“*



Hægt að greiða atkvæði um alþingisfrumvörp á netinu:

# Allir geta tekið þátt í Almannaþingi

**STJÓRNMÁL** Almenningur getur kosið um einstök mál á Alþingi, gefið þeim álit og einkunn á heimasíðu Almannaþings sem hópur hugbúnaðarsérfræðinga hefur þróað. Að sögn Daða Ingólfssonar, eins forsvarsmanna verkefnisins, kviknaði hugmyndin í kjölfar efnahagshrunsins síðastliðið haust. Stjórnmálaflokkarnir sýndu þá að þeir voru úr tengslum við fólkið í landinu. Hugmyndin um kerfi sem virkjaði íbúa landsins í beinu lýðræði var því þróuð af Daða og fleiri hugbúnaðarsérfræðingum.



DAÐI INGÓLFSSON

Í stuttu máli má á vef Almannaþings fylgjast með Alþingi og málum sem það hefur til umfjöllunar og greiða með þeim atkvæði eða á móti, sömuleiðis má gefa einstökum málum einkunn. Notendur skrá sig inn á vefinn og verður í framtíðinni hægt að gera það með rafrænum skilríkjum. Hugmynd hópsins var upphaflega sú að reyna að koma manni að á þing sem myndi vera fulltrúi fólksins, og greiða atkvæði í samræmi við niðurstöðu Almannaþings. Vegna þess hve knappur tími er til kosninga verður sennilega ekki úr því en Daði bendir á að alþingismenn muni geta fylgst með niðurstöðum meðlima þingsins og notað þær til að verða einhvers vísari um vilja þjóðarinnar.



**ALÞINGI** Á heimasíðu Almannaþings, lydraedi.is, getur fólk kosið um einstök mál á Alþingi.

Hugmyndafræðin á bak við síðuna verður kynnt í dag á hádegisfundi Skýrslutæknifélagsins þar sem fjallað er um ýmsar hliðar rafrænna kosninga. Slóð síðu Almannaþings er beint.lydraedi.is, nánari upplýsingar um fundinn er að finna á sky.is. **- sbt**

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Helgarblaðið:**
Bjarni Benediktsson í helgarviðtali
Snyrtir fætur útigangsmanna - Bergdís Þóra Jónsdóttir hlaut samfélagsverðlaunin
Frægustu Hollywood-slysin

**Ferðalög:**
48 tímar í Berlín – svölustu borg Evrópu

**Heimili og hönnun:**
Heimshornaflakkarinn Kolbrún Hjartardóttir safnar sérkennilegum munum.

Allt sem þú þarft




Veldu þína leið og byrjaðu að spara!

**Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.**
- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Sex vinir óháð kerfi**
- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Núll kr. mín. í heimasíma**
- Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrír GSM vinir innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma 800 7000 og veldu þína leið!

Þitt val • Það er **Síminn**

# Taktu þátt í að móta framtíðina

## Endurreisn atvinnulífsins - útgáfa bókarinnar

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins hefur á undanförnum vikum mótað tillögur og hugmyndir um uppbyggingu íslensks efnahagslífs. Mörg hundruð sjálfstæðismenn hafa sett sitt mark á tillögurnar og komið að vinnslu bókar sem geymir þessar hugmyndir. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins mun svo taka afstöðu til þessara hugmynda og sjálfstæðismenn nota hana sem vegvísi í endurreisninni sem framundan er.




Í tilefni af útgáfu bókarinnar býður Sjálfstæðisflokkurinn til útgáfuteitis í Valhöll í dag, föstudaginn 20. mars kl. 17. Allir þeir sem vilja kynna sér tillögur Endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins eru hvattir til þess að mæta.

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.



# ÞVOTTA DAGAR

19.–29. MARS

## TILBOÐSVERÐ

15% afsláttur

Allar einstakar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar eru nú á tilboðsverði.



ORMSSON

Gerðu hreinlega góð kaup!

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Splunkunýjar þvottavélar frá AEG á splunkunýju tilboðsverði!

Þú gerir ekki betri kaup á hágæða þvottavélum!

**AEG þvottavél**
LAVAMAT 62840
1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 99.900

**AEG þvottavél**
LAVAMAT 64840
1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B Orkuflokkur: A+
Tilboðsverð: Kr. 109.900

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Sjá nánar á www.ormsson.is


Borðað í Kaupmannahöfn:

# Michelin-veitingastöðum fjölgar

**VEITINGAHÚS** Kaupmannahöfn hefur stigið á lista Michelin-handbókarinnar sem er nýkomin út. Kaupmannahöfn státar nú af fjórtán stjörnum, fleirum en þekktar sælkeraborgir eins og Róm og Madríd.

París vermir efsta sætið yfir evrópskar borgir, en borgin státar af alls níutíu og níu Michelin-stjörnum. Meðal veitingastaða í Kaupmannahöfn sem hljóta stjörnurnar eftirsóttu er Noma, sem leggur mikla áherslu á norræna matargerðarlist. Tokýó er sú borg sem hefur flestar stjörnur, tvö hundruð tuttugu og sjö talsins. **- alþ**



**KÓNGSINS KÖBEN** Samkvæmt Michelin-handbókinni fjölgar góðum veitingastöðum í Kaupmannahöfn.



**DÆMDUR** Fritzl færður úr dómsal í Sankt Pölten eftir dómsuppkvaðninguna í gær. Hann játaði á sig allar sakir eftir að rétturinn hlýddi á vitnisburð dóttur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fritzls bíður lífstíðarvist á réttargeðdeild

**Austurríkismaðurinn Josef Fritzl var í gær sakfelldur fyrir brot sín gegn dóttur sinni sem hneykslað hafa heimsbyggðina. Hann var dæmdur til lífstíðarvistunar á réttargeðdeild. Hann segist iðrast gjörða sinna.**

**AUSTURRÍKI, AP** Kviðdómur sakfelldi í gær Josef Fritzl fyrir barnsmorð, að hneppa manneskju í þrældóm, sifjaspell, ítrekaða nauðgun og fleiri brot. Á grundvelli sakfellingarinnar var hann dæmdur af dómstól í Sankt Pölten í Austurríki til lífstíðarvistunar á réttargeðdeild fyrir að hafa haldið dóttur sinni fanginni í 24 ár og getið með henni sjö börn.

Fritzl, sem er 73 ára að aldri, sat hljóður og niðurlútur þegar dómurinn var kveðinn upp. Að dómsuppkvaðningu lokinni tjáði hann réttinum að hann sætti sig við úrskurðinn og gaf frá sér réttinn til áfrýjunar. Þar með var endi bundinn á eitthvert umtalaðasta sakamál sem upp hefur komið í Evrópu á síðari árum.

Franz Cutka, talsmaður dómstólsins, sagði að Fritzl yrði vistaður á deild fyrir geðtruflaða afbrotamenn.

Barnsmorðið, sem fellur undir „morð fyrir tilstilli aðgerðaleysis“ samkvæmt austurrískum lögum, var alvarlegasta ákæruatriðið sem Fritzl var sakfelldur fyrir, og fyrir það fékk hann hámarksrefsinguna sem lögin heimila. Þetta ákæruatriði sneri að því að Fritzl hefði borið ábyrgð á andláti eins barnanna sjö sem dóttir hans Elisabeth fæddi í prísundinni, þar sem hann sá ekki til þess að það kæmist undir læknishendur. Það dó einum og hálfum sólarhring eftir fæðingu.

Talsmenn dómsmálayfirvalda í Austurríki segja að Fritzl muni ekki geta farið fram á reynslulausn fyrr en í fyrsta lagi eftir fimmtán ár – en þá yrði hann orðinn 88 ára að aldri. Hvers konar beiðni um breytingar á refsingunni yrði að bera undir réttargeðlækna. Honum verður enn fremur gert að bera kostnaðinn af réttarhaldinu. Þeir ellefu mánuðir sem hann hefur þegar varið í gæsluvarðhaldi teljast sem hluti af refsivist hans.

Meðal annarra ákæruliða sem hann var sakfelldur fyrir voru frelsissvipting og valdbeiting. Fritzl breytti um afstöðu til ákæranna á miðvikudag og játaði þá á sig allar sakir. Það var eftir að rétturinn hafði hlýtt á ellefu klukkustunda myndbandsupptöku af vitnisburði dóttur hans, sem hann lokaði inni í kjallara húss síns þegar hún var átján ára.

„Ég iðrast af öllu mínu hjarta … ég get ekki bætt fyrir gjörðir mínar,“ tjáði hann réttinum fyrir dómsuppkvaðningu í gær.

**audunn@frettabladid.is**

Mörg hundruð hönnuðir taka þátt í umfangsmiklum hönnunardögum:

# Hönnuðir ætla að gæða Laugaveginn lífi

**HÖNNUN** „Við munum gæða Laugaveginn lífi,“ sagði Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvarinnar, við kynningu á HönnunarMars, hönnunardögum sem haldnir verða 26. til 29, mars næstkomandi.

Innsetningar í tóm verslunarrými á Laugaveginum eru meðal þess sem bera mun fyrir augun á dögunum. En auk þess verður húsgagnaverslunin Kúlan, sem starfaði í Reykjavík á sjöunda áratugnum og seldi nýstárlega hönnun, endursköpuð í Listasafni Íslands, boðið verður upp á forvitnilega fyrirlestra og Fatahönnuðafélag Íslands opnar stórsýningu svo fátt eitt sé nefnt.

Mörg hundruð hönnuðir taka þátt í hátíðinni og hefur ekki áður verið efnt til jafn umfangsmikilla hönnunardaga á Íslandi en það er sameiginlegur samstarfsvettvangur íslenskra hönnuða, Hönnunarmiðstöðin, sem stendur fyrir HönnunarMars. Flestir viðburðir verða í miðbænum en fjölmargir þó annars staðar á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem hátíðin teygir sig alla leið til Hveragerðis.



**ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR**

Aðstandendur hátíðarinnar vonast til þess að almenningur taki virkan þátt í dagskránni og að hönnunardagarnir verði innspýting fyrir ferðamannaiðnaðinn hér á landi, enda er markmiðið að þeir verði haldnir árlega.

Ítarlega dagskrá hátíðarinnar er að finna á síðunni www.honnunarmidstod.is.



**KÚLAN** Húsgagnaverslunin Kúlan var opnuð í Reykjavík árið 1962 en hún hafði að markmiði að selja ódýr og nýstárleg húsgögn og listmuni. Á myndinni má sjá táningahúsgögn eftir þá Magnús Pálsson og Dieter Roth sem betur eru þekktir sem myndlistarmenn.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ANDRÉS KOLBEINSSON

Tæplega þrítug kona dæmd:

## Sex mánuðir fyrir skjalafals

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítug kona hefur verið dæmd í sex mánaða fangelsi meðal annars fyrir skjalafals og þjófnað.

Konan notaði í viðskiptum sínum falsaða tékka úr stolnu tékkhefti. Þá fór hún í félagi við aðra konu í leyfisleysi inn í íbúð í Engihjalla. Þar stal hún allhárri peningaupphæð auk ýmissa verðmætra muna og tækjabúnaðar.

Enn fremur var hún dæmd fyrir að hafa í vörslu sinni talsvert magn af góssi sem hún vissi að hafði verið stolið, þar á meðal safn bóka eftir Halldór Laxness og safn Íslendingasagna.

Konan á sakaferil að baki. - jss



**ÓMAR Í FRIÐARSÖNG** Ómar gerir sig kláran fyrir sönginn. Við hlið hans er Stefán Rafn Sigurbjörnsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimsgangan kynnt:

## Samdi lag fyrir heimsgönguna

**SAMFÉLAGSMÁL Heimsgangan sem nær yfir níutíu lönd var kynnt á sérstökum fundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær.**

**Lagt verður upp í þessa friðargöngu á Nýja-Sjálandi 2. október næstkomandi og lýkur henni þremur mánuðum síðar við fjallsrætur Aconcagua sem liggur á landamærum Argentínu og Chile. Tilgangurinn er að koma á vitundarvakningu um frið um heim allan.**

**Fjöldi manns mætti til að vekja athygli á göngunni og var Ómar Ragnarsson, fjölmiðlamaður ásamt fleiru, þar á meðal. Hann hafði samið lag að þessu tilefni og tóku aðrir vel undir þegar hann kenndi það. Á fundinum var tilkynnt að Reykjanesbær og Hafnarfjörður munu leggja þessu átaki lið.** - jse

Kólumbískir uppreisnarmenn:

## Síðasta erlenda gíslinum sleppt

**BOGOTA, AP** Uppreisnarmenn í Kólumbíu hafa sleppt sextíu og níu ára gömlum Svía úr haldi eftir hátt í tveggja ára gíslingu. Erik Roland Larsson var síðasti erlendi gíslinn sem vitað var til að uppreisnarmennirnir hefðu í haldi. Enn er þó talið að 22 innlendir hermenn og lögreglumenn séu í gíslingu.

Farið var með Larsson á spítala en hann virðist hafa fengið hjartaáfall í vist sinni hjá uppreisnarmönnunum. Reiknað er með að hann geti farið aftur til Svíþjóðar í næstu viku. Upphaflega óskuðu uppreisnarmennirnir eftir 600 milljóna króna lausnargjaldi en ekki er vitað til þess að það hafi nokkurn tíma verið borgað. - ams

ÍRAN

### Khatami hættir við framboð

Mohammed Khatami, fyrrverandi forseti Írans og þekktasti fulltrúi „umbótasinna“ þar í landi, hefur ákveðið að hætta við að bjóða sig fram gegn harðlínu-forsetanum Mahmoud Ahmadinejad, í kosningum í júní. Ráðgjafi Khatamis kvað ákvörðunina að rekja til þess að Khatami vilji ekki dreifa atkvæðum umbótasinna. Tveir aðrir bjóða sig fram sem umbótasinnar.



# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP



MJÚKÍS ÁRSINS
399 kr/pk.



PÁSKA KALKÚNN
898 kr/kg.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP



MOZZARELLA FRÁ MJÓLKU
319 kr/stk.



RJÓMI 240ml FRÁ MJÓLKU
169 kr/stk.

RJÓMI 400ml FRÁ MJÓLKU
269 kr/stk.



PLOKKFISKUR
799 kr/kg.



KJÚKLINGUR + 2 ltr. COKE
999 kr.



HUDROXYCUT 140 TÖFLUR
4.499 kr/pk.



COKE LÍTIL DÓS
59 kr/dósin



NAMMILAND FÖSTUD.-SUNNUD.
50 % afsláttur

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP



LATABÆJAR SÁPUR
299 kr/stk.



BLEIUR EUROSHOPPER
908 kr/pk.



HVÍTLAUKS BAGUETTE
239 kr/stk.

Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær


ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
OPIÐ til 20 alla daga
LAMBASKROKKUR HEILL FROSINN
849 kr/kg.
FERSK ÍSLENSK NAUTALUND
2.999 kr/kg.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
SALAMI
SALAMI
EKTA DÖNSK SALAMI
399 kr/pk.
Hamborgarabrauð
4 HAMBORGARAR + BRAUÐ
499 kr/pk.
40% afsláttur við kassa
KJÚKLINGA-BRINGUR
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
45% afsláttur við kassa
KJÚKLINGUR FERSKUR
522 kr/kg.
Merkt verð 949.-
Doritos
DORITOS NACHO CHEESE
199 kr/stk.
Dole
DOLE FROSNIR ÁVEXTIR
399 kr/pk.
PEPSI
PEPSI 2 LÍTRA
139 kr/stk.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÍTALÍA ÓLÍFUOLÍA
499 kr/stk.
NÚÐLUR 4 TEG.
29 kr/pk.
VÍNBER
399 kr/kg.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FBL-GREINING:** KANNABIS

# Lyf og vímugjafi

Lögreglan hefur upprætt nokkrar kannabisræktunarstöðvar á Íslandi að undanförnu.

### ■ Hvað er kannabis?

Hugtakið kannabis er yfirleitt notað yfir alla hluta kannabisplöntunnar sem innihalda kannabínóíða, þar á meðal tetrahýdrókannabínól. Helstu flokkar eða tegundir kannabis eru hass og marijúana (stundum kallað gras) en einnig hassolía.



Marijúana samanstendur af blómsprotum og laufi kannabisplantna sem eru þurrkuð og grófmulin.

Hass er mulin, sigtuð, pressuð og stundum hreinsuð kvoða unnin úr kannabisplöntum. Magn kannabínóíða í hassi er mun meira en í marijúana.

Hassolía er framleidd með því að láta lífræn leysiefni draga kannabínóíða úr hassi eða kannabisplöntum. Þannig verður þéttni eða magn tetrahýdrókannabínóls og annarra kannabínóíða meira en annars væri hægt að ná fram.

### ■ Hvernig er þess neytt?

Magn THC í marijúana er oft á bilinu 5-10 mg í einu grammi, í hassi er það um 30-70 mg/g og í hassolíu 50-120 mg/g. Marijúana er venjulega reykt í heimatilbúnum sígarettum. Hass er oftast reykt mulið í pípum eða öðrum reykingartólum, en er stundum blandað í te. Hassolía er oftast notuð þannig að nokkrir dropar eru settir í tóbak sem síðan er reykt. Kannabis er einnig stundum neytt við inntöku í ýmsum formum.

Kannabis hefur í árþúsundir víða um heim verið notað sem róandi lyf, svefnlyf, verkjadeyfandi lyf, flogaveikilyf og vímugjafi. Það var samt ekki fyrr en árið 1964 að sannað þótti að tetrahýdrókannabínól væri hið vímugefandi efni í kannabis. Enn er því svo farið að minna er vitað um verkanir tetrahýdrókannabínóls en flestra annarra vímugjafa. **Heimild: Vísindavefur HÍ.**


Miele




www.eirvik.is

Sparaðu
með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.
Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 139.995
Þurrkarar - Verð frá kr. 119.995

MOST TRUSTED BRAND 2008 | best brands 2008 das deutsche markenranking

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200


## FRÉTTASKÝRING: Íslensk kannabisverksmiðja upprætt








**BÚNAÐUR** Blóm kannabisjurtarinnar er sá hluti hennar sem mesta vímuefnið er í. Ef styrkur þeirra er mikill er efnið oft drýgt með laufum jurtarinnar, eins og sást í plastpokum í verksmiðjunni, sem höfðu að geyma efni tilbúið til sölu.







**BAÐAÐSTAÐAN** Mennirnir klæddust hvítum algöllum þegar þeir sinntu ræktuninni og fóru í sturtu áður en haldið var aftur út.

# Kannabis að verðmæti 50 milljónir

**Hefðu þær hundruð kannabisplantna sem teknar voru í verksmiðjunni á Esjumelum í fyrrakvöld komist í sölu á götunni hefði söluágóði numið ríflega 50 milljónum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Meintur ræktandi keypti húsnæðið 2007.**

**LÖGREGLUMÁL** Á sjöunda hundrað plöntur voru í kannabisverksmiðjunni sem fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu upprætti í iðnaðarhúsnæðinu á Esjumelum í fyrrakvöld. Áætla má að söluverðmæti þeirra hefði orðið rúmlega 50 milljónir króna hefðu þær komist á götuna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Mennirnir tveir, sem fíkniefnalögreglan handtók á staðnum, voru utandyra þegar hana bar að garði, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Viðbrögð þeirra og framburður á vettvangi þóttu með þeim hætti að þau styrktu grun lögreglumanna um að hugsanlega væri kannabisræktun í húsnæðinu. Eftir handtöku þeirra var því ákveðið að fara í húsleit, sem bar heldur en ekki árangur. Í húsnæðinu reyndist vera gríðarleg kannabisræktun í gangi á tveimur hæðum. Um var að ræða svokallaða vatnsræktun, þar sem plantan stendur í vatni og notað er öflugt vatns- og dælukerfi, auk vikurs og ýmissa bætiefna sem sett eru í vatnið. Áður hafði verið notast við mold því á gólfinu voru stórir hraukar í tonnum af henni. Verksmiðjan hafði hins vegar verið þróuð út í vatnsræktun sem gefur skjótsprottnari plöntur og blómlegri.



**TEKIN NIÐUR** Margar hendur voru á lofti við að taka kannabisverksmiðjuna niður í gær, enda mikið verk. Fjórir lögreglunemar frá jafnmörgum Norðurlöndum, sem eru í heimsókn hjá íslensku lögreglunni tóku þátt í að hreinsa húsnæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Talið er að búnaður í verksmiðjunni hlaupi á milljónum króna að verðmæti. Á þriðja tug gróðurhúsalampa var á staðnum, sem flestir höfðu að líkindum verið keyptir þar sem ekki hafði verið skorið á snúrur þeirra. Eitt stykki lampi kostar um fimmtíu þúsund krónur. Rýmið hafði verið stúkað sundur með gifsplötum og í verksmiðjunni var feikiöflugt loftræstikerfi. Auk þessa voru þarna blástursofnar, einangrunarplast, vogir og annar búnaður.

Auk þeirra rúmlega 600 plantna sem voru í ræktun í húsnæðinu hengu um 120 plöntur í búntum til þurrkunar í verksmiðjunni. Þær voru tilbúnar til niðurskurðar. Á gólfinu var hrúga af þurrkuðum kannabislaufum, sem hafa trúlega verið ætluð til að drýgja efnið til sölu. Loks voru um 400 grömm af kannabisefni í plastpokum tilbúin til sölu.

Húsnæðið sem ræktunin var í var keypt af öðrum hinna handteknu á árinu 2007. Talið er að frá hausti það ár hafi kannabisræktunin hafist og staðið síðan.

Ræktunartími kannabisplöntu er um 12 vikur, sem þýðir fjórar ræktanir á ári. **jss@frettabladid.is**

# GEFÐU FERMINGARBARNINU GOTT VEGANESTI







Bækurnar **ÍSLENSK ORÐTÖK**, **ÍSLENSKIR MÁLSHÆTTIR** og **SAGA ORÐANNA** eru nauðsynleg uppflettirit öllum þeim sem vilja auðga mál sitt, skilja sögu þess og uppruna og glöggva sig á tengslum tungumálsins og menningarinnar.



Íslenskir málshættir og Íslensk orðtök fást einnig í fallegri gjafaöskju.

IÐUNN

www.forlagid.is

**BÓK ER GLÆSILEG FERMINGARGJÖF**

**FRÉTTAVIÐTAL:** Steingrímur J. Sigfússon

# Vill áframhaldandi samstarf

**Steingrímur J. Sigfússon,** formaður Vinstri grænna, segir að sinn vilji til áframhaldandi stjórnarsamstarfs sé ríkur. Hann finnur þess ekki stað að hylmt hafi verið yfir viðkvæm mál eftir bankahrunið en spyr hvernig yfirvofandi vandi gat farið fram hjá mönnum. Blanda réttlátra skattahækkana og aðhalds í ríkisrekstri sé eina færa leiðin til að stoppa upp í fjárlagagatið.



**VERKEFNIN FRAM UNDAN** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna og ráðherra fjármála, sjávarútvegs og landbúnaðar, segir að þrír til fimm ráðherrar hefðu nóg með að vinna úr þeim úrlausnarefnum sem hafa hlaðist upp í fjármálaráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

*Nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa sagst gera það að skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi við VG, að það náist lending í ESB-málum. Hvers konar lending kemur til greina af ykkar hálfu?*

Samfylkingin gerir það upp við sig sjálf hvaða áherslum hún stillir upp fyrir kosningar. Við störfum á grundvelli okkar stefnu og hún liggur fyrir. Okkur er jafnframt ljóst að það þarf að leiða þetta mál til lykta á uppbyggilegan og lýðræðislegan hátt; af eða á. Við göngum því ekki til viðræðna með fyrirfram ákveðnum skilyrðum. Okkar útgangspunktur í þessu máli, og mörgum öðrum stórum málum, er að íslenska þjóðin á sjálf að ákvarða örlög sín.

*Peningamálin í þessu ljósi: Hvernig sérðu fyrir þér þróun þessa grundvallarmáls á næstu misserum?*

Ég held að verkefnið hér og nú sé að ná stöðugleika í íslenskt efnahagslíf, bæði hvað varðar verðlag, gjaldeyrismál og almennt. Það gerum við með þeim tækjum sem við höfum í höndunum. Síðan þarf að horfa til framtíðar og svara þeirri spurningu hvaða fyrirkomulag er vænlegast fyrir framtíðina. Það sér það enginn sem vænlegan kost að við búum við lokað hagkerfi með gjaldeyrishöftum og getum ekki átt eðlilegt samstarf og viðskipti við umheiminn. Við verðum að horfa á í hvaða stöðu Ísland er, og hvað gagnast okkur best til að komast í gegnum erfiðleikana. Þá eru bæði kostir og gallar að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil. Menn geta sagt að það verði erfitt til lengri framtíðar að hafa svona litla mynt í alþjóðlegum viðskiptum. En á móti kemur að með raunhæfri gengisskráningu getur það hjálpað okkur mikið við að búa útflutningsatvinnuvegunum hagstætt umhverfi og reka utanríkisviðskipti með afgangi til að borga niður þær miklu skuldir sem eru að hlaðast á okkur. Þetta er vandasamt mat, einnig þegar litið er til þróunar þessara mála alþjóðlega. Það er stórt sem smátt í gagngerðu endurmati og svo kann að fara að gjaldeyrislandslag heimsins verði gjörbreytt innan fárra ára. Ég tel að það sé of snemmt að svara spurningu þinni endanlega, ég treysti mér alla vega ekki til þess.

*Eftir langan tíma í stjórnarandstöðu ert þú kominn í þá aðstöðu að hafa aðgang að upplýsingum sem féllu til á stjórnartíma Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar. Hefur þú eða samráðherrar þínir séð gögn um að reynt hafi verið að hylma yfir viðkvæm mál; sérstaklega þegar litið er til banka- og efnahagshrunsins?*

Nei, ég vil ekki orða það þannig að ég hafi séð gögn sem sanni yfirhylmingar. En það er ýmislegt sem er að koma upp í hendurnar á manni sem vekur spurningar um hvernig að málum var staðið. Ég myndi kannski segja að það vekti upp spurningar um það hvað var ekki gert. Hlutir sem hefði þurft að vinna betur og faglegar; það sem var brýnt að aðhafast en var ekki gert. Margt sem maður hefur á tilfinningunni, og annað sem ég hef séð, vekur upp spurningar um andvara- og aðgerðaleysi sem ríkti gagnvart alvarlegum og versnandi aðstæðum í íslenskum efnahagsmálum á undangengnum árum. Ef það kæmu í mínar hendur sterkar vísbendingar um slíka hluti þá færi það sína boðleið. Hér starfar sérskipaður saksóknari og rannsóknanefnd og við munum að sjálfsögðu veita þeim allar þær upplýsingar sem eðlilegt er að slíkir aðilar fái í þágu sinna starfa. Ég lúri ekki á neinu sem ég er að halda hér innandyra. Það hefur heldur ekkert sérstakt komið upp í mínar hendur, allavega enn sem komið er, sem ég tel ástæðu til að senda áfram.

*Þú minnist á andvaraleysi. Til hvers ertu að vísa?*

Mér finnst merkilegt að það liggi ekki fyrir greining á ört versnandi stöðu þjóðarbúsins á árunum 2005 til 2007. Þessar rosalegu skuldasúlur sem þá eru að dragast upp. Ég hef kynnt þetta nýlega þar sem þessi veruleiki er dreginn upp á hverri glærunni af annarri og þá spyr maður sig: Hvað voru íslensk stjórnvöld að hugsa? Ekki bara að láta þetta líðast heldur tönglast á því að hér væri góðæri, þegar við blasti hverjum hugsandi manni að landið var að sökkva í stórhættulegar skuldir. Þegar maður hugsar til stjórnvalda í heild spyr maður: Hvað voru menn að hugsa, hvað voru menn að gera? Eða ekki gera öllu heldur.

*Hvaða málamiðlun ert þú og þinn flokkur tilbúinn að gera varðandi umhverfismál ef sitjandi ríkisstjórn heldur áfram samstarfi að loknum kosningum eins og flest bendir til? Er stóriðjuuppbygginu lokið, ef frá er talinn Bakki og Helguvík?*

Það er mikil óvissa um bæði þessi mál sem þú nefnir. Flestir eru að horfast í augu við þá staðreynd að það gerist sífellt fjarlægari möguleiki að lagt verði af stað með risaálver. Ég efast reyndar um að slíkar verksmiðjur verði byggðar á Vesturlöndum næstu tíu til fimmtán árin, eins og horfir í áliðnaði og efnahagslífi heimsins. Ég held að aðstæðurnar leysi þetta mál og svara því um leið að í kortunum séu ekki þær aðstæður að það komi til okkar kasta að gera miklar málamiðlanir, enda erum við föst fyrir ef til slíks kemur. Við drögum línuna þar að við sættum okkur ekki við óafturkræf og stórfelld umhverfisspjöll. Við teljum þvert á móti að aðrar áherslur í atvinnu- og efnahagsuppbyggingu séu vænlegri. Annað mun takmarka þetta og það er skuldastaða þjóðarinnar og lánskjör. Það er augljóst mál að það sem við verðum að leggja áherslu á eru greinar sem fela ekki í sér miklar lántökur og skuldsetningu, heldur það sem skilar virðisauka án mikillar fjárfestingar. Ég treysti því að aðstæðurnar og skynsemin leysi þetta mál.

*Þeirri hugmynd hefur verið fleygt að eðlilegt sé að setja þak á laun háttsettra starfsmanna opinberra stofnana og fyrirtækja. Ert þú þessarar skoðunar og við hvað á að miða?*

Já, ég held að við eigum að snúa ofan af ofurlaunavitleysunni sem hér hélt innreið sína, og var hluti af þessu sjúka ástandi sem hér myndaðist. Nú er það svo að allir kjarasamningar í landinu eru lausir í vor, sumar og haust. Öllum er ljóst hvaða verkefni bíður þar. Það er ekki að hækka hærri laun heldur að verja störf og kaupmátt lægri launa. Ég tel að í kjölfar þess hvernig landið teiknast í kjaraviðræðum eigi líka að skoða hæstu launin og setja þeim einhver siðsöm efri mörk. Hvernig það verður gert verður að koma í ljós.

*Stendur þinn vilji til að VG og Samfylking gangi bundin til kosninga, svo kjósendur hafi skýrt val um hvað er fram undan?*

Okkar vilji stendur til þess að tryggja hér áfram vinstri ríkisstjórn. Við erum tilbúin að tala skýrt í þeim efnum, já. Okkar hugur stefnir að því. Nákvæmlega hvernig það yrði gert er ekki okkar einna að ákveða. Ég mun í minni setningarræðu á landsfundi senda skýr skilaboð um það að við erum tilbúin að halda þessu samstarfi áfram. Í öllu falli viljum við beita okkar afli til að mynda hér vinstri- og umhverfissinnaða ríkisstjórn. Ísland hefur frekar þörf á því núna en kannski um langan tíma. Við í Vinstri grænum erum einn sá stjórnmálaflokkur, sem nú er spáð mönnum á þing, sem berum ekki ábyrgð á því að hafa komið Sjálfstæðisflokknum til valda og haldið honum þar. Og þess vegna er það besta trygging fólks fyrir því að hér sé áfram vinstrisinnuð ríkisstjórn að kjósa okkur. Bæði í ljósi sögunnar og fyrir hvað við stöndum. Síðan er það mín bjargföst sannfæring, og ég er alls ófeiminn við að segja það, að það sé fullgilt markmið í sjálfu sér að tryggja það að Sjálfstæðisflokkurinn komist ekki aftur til valda í bráð. Það er komið nóg af slíku. Þessi átján ár, þegar upp er staðið, hafa ekki endað vel. Langur samfelldur valdatími Sjálfstæðisflokksins skilur landið eftir í sárum og þar er ærinn starfi að greiða úr því. Ég held að sú vinna sé betur komin í höndum annarra en þeirra sem aðalábyrgðina bera.

*Mikill niðurskurður er fyrirséður. Verður þessu mætt með aðhaldi í ríkisfjármálum eingöngu eða eru skattahækkanir ekki óumflýjanlegar?*

> Já, ég held að við eigum að snúa ofan af ofurlauna vitleysunni sem hér hélt innreið sína, og var hluti af þessu sjúka ástandi sem hér myndaðist.

Það eru gríðarlegir erfiðleikar yfirstandandi og fram undan. Það er öllum hugsandi mönnum ljóst að við rekum ekki ríkissjóð ár eftir ár með 150 milljarða króna halla. Það leiðir til þess á undraskömmum tíma að þjóðarbúið allt kyrkist í vaxtakostnaði. Við verðum að ná þessum halla markvisst og tiltölulega hratt niður, annars segir það sig sjálft að vaxtabyrðin verður óviðráðanleg. Það er ekkert val í þeim efnum. Ef einhver getur bent mér á gáfulegri aðferð en að fara þar einhverja blandaða leið; spara og halda kostnaði í lágmarki og jafnframt að afla allra þeirra tekna sem að aðstæður bjóða með réttlátum hætti, þá væri ég feginn að fá að sjá slíkar hugmyndir. Ég held að þær séu ekki til. Ég held að það sé alveg sama hvaða ríkisstjórn yrði við völd á næstu árum, hún yrði að fara blandaða leið í þessu.

*Hvað telur þú að sé raunhæft að skera mikið niður á næstu fjárlögum?*

Það verður að sjálfsögðu að hefjast handa strax og draga úr þessum halla. Félagslega væri æskilegt að þurfa ekki að taka mjög stórt skref núna. Í sjálfu sér, byðu aðstæðurnar upp á það, teldi ég réttlætanlegt og einboðið að sætta sig við umtalsverðan halla á ríkissjóði og á sveitarfélögunum á meðan við værum að koma samfélaginu í gegnum mesta áfallið. Aðstæðurnar setja þessu skorður, og þó ég sé eindreginn stuðningsmaður þess að það eigi að beita sameiginlegum sjóðum til sveiflujöfnunar, þá eru þessu takmörk sett. Það er því ekki um neitt að ræða annað en að hefjast handa. Vonandi er eitthvert svigrúm um hversu skrefið verður stórt á næsta ári. Þetta ár og næsta verður erfitt, og það væri ábyrgðarlaust að segja annað. Ég vil segja þjóðinni satt. Þetta verður hunderfitt en svo vonum við að um léttist þegar hlutirnir fara að taka við sér.

*Treystir þú þér til að nefna tölur?*

Nei, það er svo mikil óvissa í þessu enn þá að það væri óábyrgt af mér að nefna tölur. En við tölum ekkert í minna en tugum milljarða hér, það er bara þannig.

*Hvernig á að skapa 20.000 störf hér á landi til að uppræta atvinnuleysið?*

Það er röng nálgun að segja að við þurfum að skapa 20.000 störf. Það verða að verða til 20.000 störf og stjórnvöld þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að skapa aðstæður til að slíkt sé mögulegt. Ég held að það sé engin ein töfralausn til og við erum illa brennd af því Íslendingar, að það sé hægt að laga hlutina með einu stóru fixi, svo maður sletti nú aðeins. Það er arfur frá gamalli tíð sem við verðum að leggja til hliðar. Ég hef sagt að við verðum að fara með stækkunarglerið á alla þá staði sem mögulegt er til að skapa störf. Helst verðum við að horfa til þeirra sviða þar sem störf og verðmæti geta orðið til með litlum tilkostnaði. Margt smátt gerir eitt stórt. Þess vegna legg ég áherslu á að forsmá ekki hið smáa. Þrátt fyrir allt þá mun það sýna sig hér að helsta uppspretta nýrra starfa og verðmætasköpunar er hjá nýsköpunarfyrirtækjum og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Aðstæðurnar munu líka þrýsta okkur í þessa átt. Við verðum ekki í færi, alla vega ekki af okkar eigin rammleik, við að veðja á atvinnuuppbyggingu sem bindur gríðarlegt fjármagn og hvert starf kostar einhver hundruð milljóna króna.

*Margir stjórnmálamenn af þinni kynslóð eru horfnir af sviðinu, hefur þú íhugað að fara að þeirra fordæmi og draga þig í hlé?*

Ég vil nú ekki skrifa undir að margir stjórnmálamenn af minni kynslóð séu hættir. Hins vegar er það hárrétt að ég hef næstlengstu þingreynslu á eftir forsætisráðherra, og það er sögulegt og skemmtilegt að við gömlu brýnin, í þingreynslu talið, skulum hafa valist til að leiða ríkisstjórnina. En nei, það stendur ekki til í bili. Ég er blessaður af fullri starfsorku og hef enn brennandi áhuga á þjóðmálum. Á meðan ég nýt trausts og finn mig í þeim verkum sem mér er trúað fyrir, þá er ég tilbúinn að halda áfram. Ég hef þann metnað að skila af mér góðu búi sem formaður VG og ég er bjartsýnn á að það geti tekist. Ég horfi með tilhlökkun til þess hversu margt glæsilegt fólk er að ganga í okkar raðir og veljast þar til forystu. Ég einsetti mér það líka að falla ekki á síðasta prófinu. Það er að kunna að hætta á réttum tíma og draga það ekki of lengi. Helst þannig að það sé eftirsjá að manni en allir séu ekki dauðfegnir að losna við mann.



FRÉTTAVIÐTAL
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

# Íslenskir dagar

FK
FJARÐARKAUP

## 12. - 21. mars
## Vörukynningar alla dagana

Kjarnafæði London lamb
1.311,kr./kg
ÁÐUR 2.017,kr./kg

Hamborgarar 4x80g m/brauði
396,kr./pk.
ÁÐUR 496,kr./pk.

FK kjúklingabringur
1.665,kr./kg
ÁÐUR 2.220,kr./kg

Nautahakk 5x0.5kg
998,kr./kg
ÁÐUR 1.248,kr./kg

Súkkulaði Ostakaka 800g
998,kr.
ÁÐUR 1.299,kr.

Sveitabiti 26% ostur
977,kr.
ÁÐUR 1.221,kr.

Gunnars sósur 200ml
189,kr./stk.
ÁÐUR 239,kr./stk.

Risa ópal nokkrar teg.
219,kr./2 pk.
ÁÐUR 269,kr./2 pk.

Páskajógúrt
79,kr./stk.
ÁÐUR 99,kr./stk.

Páskaengjaþykkni
95,kr.
ÁÐUR 118,kr.

## þegar mikið stendur til

Frón Matarkex
219,kr.

Frón Mjólkurkex spelt
259,kr.

Ís ársins 1l
398,kr.
ÁÐUR 498,kr.

Coca Cola light 2l
129,kr.
ÁÐUR 198,kr.

Myllu FK brauð
149,kr.
ÁÐUR 179,kr.

Myllu Fitty brauð
249,kr.
ÁÐUR 278,kr.

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga.

FK
FJARÐARKAUP

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 56 **Velta:** 201 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 234 **+4,25%**

**OMX ÍSLAND 6** 605 **+5,12%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC** | 12,77% |
| **ÖSSUR** | +9,55% |
| **FØROYA BANKI** | +2,75% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | -0,69% |
| **MAREL** | -0,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 265,00 +12,77% ... Bakkavör 1,44 -0,69% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 112,00 +2,75% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 46,10 -0,65% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 80,30 +9,55%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Nær öllum sagt upp hjá Straumi

Nær öllu starfsfólki Straums var sagt upp eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur veitti fjárfestingabankanum heimild til greiðslustöðvunar í gær.

Tilgangur greiðslustöðvunarinnar er að koma nýrri skipan á fjármál félagsins og gera það rekstrarhæft á ný í samvinnu við lánardrottna. Heimildin gildir til 11. júní næstkomandi en hana má framlenga að gefnu samþykki kröfuhafa.

Um 300 manns störfuðu hjá Straumi áður en heimildin lá fyrir. Þar af voru um 110 hérlendis. Þrjátíu og átta starfsmenn Straums hér hættu strax í gær en tilkynnt var að nær allir hætti á næstu þremur mánuðum. Þá var 41 starfsmanni sagt upp í Bretlandi og Danmörku.

Ein og hálf vika er síðan skilanefnd á vegum Fjármálaeftirlitsins tók lyklavöldin í bankanum en stjórn bankans hafði í bígerð að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar. William Fall forstjóri sagði starfi sínu upp í kjölfarið og hefur Óttar Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums, tekið við því.

Flestar eignir Straums eru í söluferli. Sumar hafa þegar verið seldar en líklegt er að aðrar verði seldar fljótlega. Á meðal þeirra eru dönsku verslanirnar Illum og Magasin du Nord, sem Straumur fékk úr búi Baugs auk breska verðbréfamiðlarans Teathers og franska flugfélagsins XL Holdings. **- jab**



**STJÓRNARFORMAÐURINN** Straumur fékk heimild til greiðslustöðvunar í gær. Nær öllu starfsfólki var sagt upp í kjölfarið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Greiðsluaðlögun léttir lífið

„Fullyrða má að þessi breyting muni létta mörgum fyrirtækjunum lífið,“ segja Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) um lagabreytingar sem leiða til þess að gjalddagar virðisaukaskatts vegna innflutnings og vörugjalda breytast.

„Þá skiptir verulegu máli að gjalddögum er breytt og verður því ekki um neinar vaxtagreiðslur að ræða eins og upphaflega stóð til,“ segir í yfirlýsingu samtakanna.

Gjalddögum virðisaukaskatts vegna hvers uppgjörstímabils er dreift á þrjá daga og gjalddögum vörugjaldsins skipt í tvennt. „Ekki tókst að ná fram breytingu á gjalddögum virðisaukaskatts vegna innanlandssölu og er það miður. Engu að síður verður að fagna þessari lagasetningu sérstaklega,“ segja talsmenn SVÞ og telja stjórnvöld koma þarna til móts við atvinnulífið með myndarlegum hætti. **- óká**

# Bretar reyna yfirtöku á Össuri

### Erlendir fjárfestar hafa mikinn áhuga á Össuri. Hlutabréfaverðið er hagstætt í dölum eftir fall krónunnar.

Breski einkaframtakssjóðurinn Montagu og fleiri til hafa átt í viðræðum við William Demant Invest, Eyri Invest og stjórnendur Össurar um kaup á hlutabréfum þeirra í stoðtækjaframleiðandanum. Þá mun Össur Kristinssyni, stofnanda fyrirtækisins, hafa fengið tilboð í hluti sína. Hann á 8,4 prósenta hlut í gegnum Mallard Holding.

Eftir því sem næst verður komist er tilboðið gert með vitund og vilja stærsta hluthafa félagsins.

William Demans Invest á 34 prósenta hlut í Össuri en Eyrir Invest tæpan fimmtung. Gengju kaupin eftir yrði kaupandi að gera öðrum hluthöfum boð um yfirtöku.

Viðskipti með hlutabréf Össurar voru stöðvuð í gær eftir að fréttaveitan AMX greindi frá viðræðunum. Þar sagði að tilboðið hljóðaði upp á einn Bandaríkjadal á hlut. Gengi bréfa Össurar stóð í 73,3 krónum á hlut í byrjun dags. Það jafngildir 63 sentum. Á sama tíma í fyrra var verðið um einn dalur á hlut. Gengi bréfa í félaginu hækkaði um tæp tíu prósent í fjórtán viðskiptum í gær. Öll viðskipti voru á söluhliðina.

Ekki náðist í Jón Sigurðsson, forstjóra Össurar í gær. Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest, vildi ekki tjá sig.

Bæði stjórn Össurar og Eyris sendu tilkynningu frá sér í gær vegna málsins.

Í tilkynningu stjórnar Össurar sagði að engar ásættanlegar tillögur hefðu borist og ætti hún ekki von á viðskiptum á þeim nótum sem nefnd hefðu verið.

Í tilkynningu Eyris sagði að fyrirtækið hefði hafnað tilboðunum enda endurspegluðu þau ekki virðisaukninguna fram undan.

Eyrir Invest hefur verið meðal stærstu hluthafa Össurar síðastliðin fimm ár. Fjárfestingarfélagið hefur mikla reynslu af yfirtökum en stjórnendur tóku sér tvö ár í kaup á hollensku iðnsamsteypunni Stork sem gekk í gegn í fyrra.

**jonab@markadurinn.is**

### HAGKVÆMUR KOSTUR

Stoðtækjafyrirtækið Össur finnur minna fyrir efnhagsástandinu en sambærileg félög nú um stundir. Kennitölur fyrirtækisins hafa þó lækkað hlutfallslega meira en sambærileg fyrirtæki og eru þær nú afar hagstæðar, samkvæmt spá IFS Greiningar.

IFS gerir ráð fyrir nokkuð minni vexti hjá Össuri en almennt er spáð en miðgildi samanburðarfélaga er 3,4 prósent á þessu ári. Gert er ráð fyrir að sala Össurar aukist um 2,8 prósent á þessu ári og skili félaginu hagnaði upp á 26,7 milljónir dala samanborið við 28,5 milljónir í fyrra. Hagur félagsins mun batna talsvert eftir það, að mati IFS.



JÓN SIGURÐSSON





BAÐ
INNRÉTTINGAR
Getum aðlagað innréttingarnar að flestum óskum kaupenda
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM INNRÉTTINGUM
til afgreiðslu af lager
Hnota 120x48
Ölur 180x48
Hnota 120x48
Epli 151x48
Hvítt háglans 142x48
Hvítt háglans 121x48
Hvítur fulningur 120x48
Hlynur 121x48
Askur hvíttaður 122x48
ÚRVAL AF GRANÍT- OG MARMARA- BORÐPLÖTUM
30% AFSLÁTTUR!
til afgreiðslu af lager
Eik 121 x 48
Kirsuber 161x48
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
East White
Mocca Crema
Fáanlegar á ákveðnar stærðir innréttinga
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Hver skal gæta sjóðsins?

## Lífeyrissjóði til eigenda sinna

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Við verðum að taka lífeyrissjóðakerfið til endurskoðunar. Afkoma lífeyrissjóðanna eftir hrunið sýnir að í fjárfestingum þeirra var leitað helst til langt í fjárfestingum, ekki aðeins í fjármálastofnunum þar sem þeir eru að tapa verulegum fjármunum eigenda sinna, heldur líka með þátttöku þeirra í fjármögnun fyrirtækja. Skömmu eftir hrunið höfðu forráðamenn lífeyrissjóða stór orð um að flytja fjárfestingar sínar úti í löndum til Íslands. Með fallandi mörkuðum um allan heim má gera því skóna að þar hafi stefna þeirra líka laskast. Innanlands hafa þeir ekki sætt mikilli gagnrýni enda eru lífeyrissjóðir landsmanna illu heilli lokaðar stofnanir, hafa um langt skeið verið í höndum þröngs hóps miðaldra karlmanna, og sjóðfélagar hafa ekki haft nema takmarkaðan aðgang að gerðum þeirra. Þeir eru nánast eins og ríki í ríkinu.

Lífeyrissjóðirnir eru of margir, rekstrarkostnaður þeirra of hár. Laun þar hafa verið fjarri öllum sæmandi mörkum og þótt stjórnendur þeirra hafi sætt launalækkunum er það ekki nóg. Útlánastefna þeirra til lífeyrissjóðsfélaga hefur sætt málefnalegri gagnrýni en lítið hefur farið fyrir vörnum eða svörum. Það ber því allt að sama brunni: kerfið verður að skoða og stokka það upp á nýtt.

Stjórnir lífeyrissjóða eru í flestum tilvikum skipaðar fulltrúum launþega, sjóðsfélaganna, og atvinnurekenda sem hafa heimtað þar sæti sitt í ljósi þess að launagreiðendur eiga samningsbundna skyldu um greiðslur fyrir launþega í sjóðina. Það er óskynsamlegt vald og lyktar af forræðishyggju atvinnurekenda fyrir hinum raunverulegu eigendum sjóðanna: Vinnandi menn – almúginn – hefur ekki vit á peningum: „Við“ – atvinnurekendur – höfum fyrirhyggju og þekkingu á fjármálum. Sem hefur illilega sannast að er ekki raunin. Atvinnurekendur í landinu eru með skítinn upp á bak, hafa keyrt fyrirtækin í offjárfestingar, sogið þau eigin fé og veikt þau úr hófi. Breyta verður stjórnum lífeyrissjóðanna og færa allt vald yfir þeim í hendur eigenda. Atvinnurekendur geta slegist um sæti í skemmtiklúbbnum Verslunarráði.

Hugsa verður fjárfestingarstefnu sjóðanna upp á nýtt nú þegar fjármagnskerfinu er þrotinn kraftur og endurfjármögnun þess á að verða með skattheimtu á almenningi, fyrst kerfið má ekki fara í gjaldþrot. Hér verður sú stefna að lúta að því að byggja upp að nýju atvinnurekstur, styrkja samgöngur sem vit er í, byggja upp innviði samfélagsins. Sjóðina verður að setja undir fáa hatta, auka gegnsæi í starfsemi þeirra og lýðræði í stjórnun, endurskoða regluverkið svo þeir megi nýtast eigendum sínum best. Fjárfestingarstefna verður að vera skýr og sjóðsfélagar að eiga greiðan aðgang að rökstuðningi og ákvörðunum á hverjum tíma sem nýjar stjórnir verða að útskýra fyrir opnum tjöldum. Skiptir þá engu þó þeir séu í samkeppni sem til þessa hefur verið lítil gagnvart sjóðsfélögum og raunar er allt gert til að hindra flutninga réttinda milli sjóða.

Í eina tíð heimtuðu menn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Hrunið gerir okkur skylt að taka alvarlega til endurskoðunar alla lífeyrissjóði landsmanna og koma þeim betur fyrir svo þeir geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki í okkar fjárnauma og skuldsetta samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




**Omeprazol Actavis**

*- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði*

**20 mg, 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazól sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritrómýcín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstagjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýruþolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýruþolnu hylkin með glasi af vökva. Sýruþolnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýruþolnu hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá**. Janúar 2009.

actavis
*hagur í heilsu*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hinum megin línunnar

Mismikil kæti ríkir hjá landsfundarfulltrúum Vinstri grænna með val á fundarstað. Þykir nokkrum sem Hótel Hilton hæfi ekki róttækum grasrótarflokki, í hverjum allt vald á að koma að neðan. Þeim sem stóðu hinum megin gula lögregluborðans þegar Nató hélt fund sinn á hótelinu fyrir skemmstu þykir enn minna koma til staðsetningarinnar.

Rifja þeir upp að Vinstri græn hótuðu að sniðganga Hótel Sögu vegna fyrirhugaðrar klámráðstefnu og einnig kom ekki til greina að vera með kosningamiðstöð í húsi kenndu við fjölþjóðafyrirtækið GAP. Þykir sumum hið sama eiga að gilda um Nató.

### Kynjuð hagstjórn

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra rær nú að því öllum árum að hér muni kynjuð hagstjórn líta dagsins ljós áður en langt um líður. Verkefnisstjórn mun hafa þann starfa að vinna að stefnumótun og undirbúningi slíkrar hagstjórnar. Þessu hefur Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, fagnað eins og eflaust margir fleiri. En það er líka eins gott að þetta heppnist því annars verður blaðinu eflaust snúið við og úrkynjaðri hagstjórn komið á koppinn.



### Jóhanna í formanninn

Jóhanna Sigurðardóttir hefur nú ákveðið að taka slaginn eftir meðbyr mikinn sem feykt hefur henni í formannsframboð. Eftir að það varð ljóst sendi Dagur B. Eggertsson frá sér yfirlýsingu þar sem hann fagnar ákvörðun Jóhönnu. Þar með rættust spádómar margra um að tími Jóhönnu kæmi einn daginn.



**kolbeinn@frettabladid.is, jse@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Ríkisstjórn biðstöðunnar

**UMRÆÐAN**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skrifar um ríkisstjórnina



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Það er ekki sérlega mikið í tísku að líta björtum augum til framtíðarinnar, allt að því að maður sé litinn hornauga ef talað er um þau tækifæri sem gefast á erfiðum tímum. Þau eru nefnilega mýmörg ef rétt er á málum haldið. En að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja. Við Sjálfstæðismenn endurmetum nú fortíðina á opinskáan og heiðarlegan hátt. Það er nauðsynlegt svo hægt verði að skapa traust bæði innan og utan flokksins. Ég held að flestir átti sig á hvað betur mátti fara. Má nefna þröngt eignarhald á bönkum við einkavæðingu, lítið gegnsæi, áhættusækni, eftirliti var ábótavant og fleira. Þetta er margrætt og verður áfram.

Færri hafa viljað ræða um þær pólitísku ákvarðanir fortíðarinnar sem þó hafa leitt til þess að viðspyrna okkar Íslendinga er meiri en ella hefði verið. Þegar hinn Svein Harald Oygard tók við embætti seðlabankastjóra þá tiltók hann þrjá þætti er gæfu tilefni til bjartsýni. Í fyrsta lagi sagði hann ríkissjóð hafa verið rekinn með afgangi fyrir hrun bankanna. Þetta er ekki sjálfgefið. Við skulum ekki gleyma því að það voru pólitískar ákvarðanir sem leiddu til þess að farið var að greiða niður skuldir og lán ríkissjóðs. Voru þó ýmsir góðkunningjar sem vildu allt til þess gera að setja fjármagnið í ýmis „góð“ mál í stað niðurgreiðslu skulda.

Í annan stað nefndi hinn nýi seðlabankastjóri vel menntað fólk. Ég tek undir það. Við settum okkur t.a.m. það nauðsynlega takmark að fjölga nemendum á háskólastigi og efla rannsóknir. Það tókst. Samspil einkarekstrar og opinbers rekstrar í skólamálum var aukið án þess að ógna jöfnum tækifærum til náms. Það stuðlaði að aukinni skólasókn og fleiri valmöguleikum á háskólastigi en áður höfðu sést. Einnig voru settar fram auknar kröfur um gæði náms og rannsókna en slíkar kröfur efla samkeppnishæfni okkar á alþjóðavísu. Þetta voru pólitískar ákvarðanir teknar undir forystu Sjálfstæðismanna.

Í þriðja lagi gat hinn norski seðlabankastjóri Íslands þess að hér væri vinnusamt og duglegt fólk. Það er rétt. Hér er fólk sem hefur stuðlað að uppbyggingu öflugra atvinnuvega hvort sem er á sviði rannsókna, nýsköpunar, iðnaðar, menningar, landbúnaðar, sjávarútvegs eða ferðaþjónustu. Hér er fólk sem vill horfa fram á atvinnutækifæri og að unnið sé að því að verja þau störf sem fyrir eru í landinu. Þrátt fyrir allt sem á undan er gengið, hverjum sem um er að kenna, þá þarf nú að taka ákvarðanir, réttar ákvarðanir. Þess vegna höfum við ekki efni á hræðslu við að taka nauðsynlegri hagræðingu í ríkisrekstri og ákvörðunum um skynsamlega nýtingu orkuauðlinda. Svo ekki sé minnst á peningamálastefnuna.

Í ljósi þróunar síðustu vikna er raunveruleg hætta á að hinar vinnufúsu hendur standi frammi fyrir þeim bráðavanda að hér er biðstofuríkisstjórn. Að hér er komin vinstri ríkisstjórn sem verður bara á gamalkunnugu rauðu ljósi. Á mæltu máli þýðir það stöðnun.

*Höfundur er varaformaður Sjálfstæðisflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**SVEPPIR** eru góðir í margs konar matargerð. Sveppi sem á að sneiða niður er best að setja bara í eggjaskerann. Þá fást jafnar og fallegar sneiðar.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






# Allt í steik

*framlengt til 29. mars*

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

3 MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Guðrún Þóra Hjaltadóttir, næringarráðgjafi og heimilisfræðikennari, segir skyrdrykkina vinsæla á sínu heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fallegt útlit eykur lystina

**Hollur morgunverður eykur orku yfir daginn og er börnum sérstaklega mikilvægur. Guðrún Þóra Hjaltadóttir, næringarráðgjafi og heimilisfræðikennari, veit hvernig best er að fá börn til að borða á morgnana.**

„Það fyrsta sem eykur lystina er augað og síðan nefið,“ segir Guðrún Þóra Hjaltadóttir, næringarráðgjafi og heimilisfræðikennari, sem gefur lesendum uppskriftir að bragðgóðum skyrdrykkjum og gómsætu hafrakexi.

Guðrún segir drykkina mikið drukkna á sínu heimili. Sérstaklega sé sonur hennar, 25 ára, hrifinn af slíku „bústi“ til að byggja sig upp fyrir líkamsræktina.

Hún segir drykkina vel henta til að fá börn til að borða eitthvað á morgnana enda finnist mörgum þeirra erfitt að borða fyrst á morgnana. „Þá hafa þau líklega frekar lyst á skyrdrykk en brauði,“ segir Guðrún sem setur haframjöl út í drykkina til að auka hlutfall kolvetna.

*solveig@frettabladid.is*

## MORGUNKEX OG SKYRDRYKKIR

Með ávöxtum og haframjöli **FYRIR 1**

**Morgundrykkur Viktors**
200 g hreint skyr
100 g af berjum ný eða frosin
1 dl mjólk
½ dl haframjöl
1 lítill banani
Allt sett í blandara.

**Morgundrykkur Söndru**
200 g hreint skyr
½ dl kókosmjólk
4 ananashringir
1 dl súrmjólk eða ab mjólk
1 dl haframjöl
Allt sett í blandara.

**Morgunkex**
250 g haframjöl
75 g smjör
2 msk. sykur
½ tsk. salt
1 tsk. lyftiduft
1 ½ dl mjólk

*Blandið öllu saman. Hnoðið deigið.*

*Flatt út frekar þunnt, pikkað og stungið út í karla eða ferhyrninga. Penslað með mjólk og sesamfræjum stráð yfir.*

*Bakað við 200 C. blástur.*







# Fermingartilboð Nings

**Sparaðu vinnu og fyrirhöfn**
*Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu.*

Veisluþjónusta NINGS

*Síminn er 588 0999 og 822 8833*

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svínakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvítlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógúrtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjólk
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Verð aðeins 2490 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingarveislum Nings.

*Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.*



**ÍSLANDSMÓT SKÁKFÉLAGA** fer fram í Brekkuskóla á Akureyri í dag og á morgun. Skákmótið er það fjölmennasta sem haldið hefur verið á Akureyri en þátttakendur eru um 400.


Glæsilegt Konukvöld
LÉTT BYLGJUNNAR
Í SMÁRALIND 25. MARS 2009

SKEMMTUN
Í VETRARGARÐINUM

- Á móti sól
- Eyjólfur Kristjánsson
- Arnar Jónsson söngvari
- Fúlar á móti
- Afrekskona Létt Bylgjunnar kynnt og heiðruð
- Hera Björk er gestgjafi kvöldsins og tekur lagið

- Fordrykkur í boði K. Karlssonar
- Glæsilegt happdrætti – meðal vinninga er helgarferð til Akureyrar með Flugfélagi Íslands, árskort í Hreyfingu og gjafabréf að upphæð 20.000 kr. í Smáralind.

**Skemmtileg og lifandi stemmning á göngum Smáralindar og verslanir opnar. Glæsileg tískusýning og skemmtilegar uppákomur.**



Smáralind

www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!




Börn að leik á Lækjarbotnum.

# Ævintýraheimur Lækjarbotna

**Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Waldorfs-skólans á Lækjarbotnum á morgun.**

Opið hús verður í Waldorfskólanum á Lækjarbotnum á morgun frá klukkan 12 til 17. Skólinn er í litlum dal rétt austan við Rauðavatn við Suðurlandsveg.

Stuttar kynningar verða á kennsluaðferðum og námskránni og gestir fá innsýn inn í bekkjarkennslu, handverk og listgreinar. Einnig verður ævintýraheimur leikskólans Yls og yngri bekkjarstiganna kynntur. Að lokum verður hægt að skoða húsakynni skólans og fá sér kaffisopa í faðmi náttúrunnar. *- eö*

# Siðfræði að Hólum

**Siðfræðimálstofa verður haldin á Hólum í Hjaltadal á degi Guðmundar góða.**

Guðbrandsstofnun og Hólanefnd bjóða til málstofu um siðfræði á Hólum í Hjaltadal á morgun frá klukkan 13.30 til 17.00. Málstofan verður haldin í Auðunarstofu þar sem flutt verða tvö erindi og boðið upp á umræður.

Jón Ásgeir Kalmansson heimspekingur flytur erindið Hver eru tengsl heimspeki og sjálfbærni? og Ástríður Stefánsdóttir, læknir og dósent í siðfræði við HÍ, fjallar um heilbrigðisþjónustu og alheimsvæðingu.

Að erindum og umræðum loknum spilar Jón Þorsteinn Reynisson á harmonikku og síðast verður veittur styrkur úr áheitasjóði Guðmundar biskups góða, en þetta er í þriðja sinn sem hann er veittur. *- eö*



Allir eru velkomnir á málstofuna á Hólum.





SIGURBOGINN

Laugavegi 80, 101 Reykjavík • sími 561 1330
www.sigurboginn.is

**Kynning föstudag og laugardag í Sigurboganum**

Sérfræðingur frá Dior kynnir nýjan farða og býður uppá förðun með nýju vorlitunum.

***Góð tilboð og freistandi kaupaukar***



Kristjana Ósk sá sér leik á borði þegar tómum verslunarrýmum tók að fjölga á Laugaveginum og ákvað að setja saman listahópinn Flökkukindur sem sýnir hér og þar í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Flökkukindur í miðbænum

**Verkefnið Flökkukindur snýst um að fylla upp í holur sem myndast hafa í miðbæ Reykjavíkur með listsýningum í auðum rýmum. Kristjana Rós Oddsdóttir Guðjohnsen skipuleggur viðburðina og sýnir verk.**

„Verkefninu er ætlað að fylla upp í holur sem hafa myndast í miðbæ Reykjavíkur. Hugmyndin kviknaði þegar ég sá að tómum rýmum í miðbænum var að fjölga og langaði mig að gera eitthvað við þau til að halda lífi í Laugaveginum. Ég setti því saman hóp af myndlistarmönnum sem flakkar á milli, en þó eru það ekki alltaf þeir sömu sem sýna,“ útskýrir Kristjana Rós Oddsdóttir Guðjohnsen, listakona og meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

„Ég fæ rými í hvert sinn til að setja upp sýningu og eru þær unnar sem ferli þar sem sýningin fer eftir listamönnum sem taka þátt, stærð og gerð rýmis sem notast er við hverju sinni og samvinnu innan hópsins,“ segir Kristjana áhugasöm og heldur áfram: „Við erum með sýningar um það bil mánaðarlega og var sú fyrsta 14. febrúar síðastliðinn. Næsta sýning verður á morgun á Laugavegi 42 milli klukkan 13 og 18.“

Þeir listamenn sem taka þátt að þessu sinni hafa notað síðastliðin ár eftir útskrift til að byggja upp myndlistarstefnu sína og hafa verið duglegir við að sýna bæði á einka- og samsýningum hérlendis og erlendis. „Listamennirnir sem taka nú þátt útskrifuðust úr Listaháskóla Íslands og Myndlistarskóla Akureyrar. Við þekkjumst öll vel og vinnum mikið saman þannig að við erum búin að móta einhverja hugmynd um hvað við ætlum að gera en síðan vinnum við inn í rýmið hverju sinni. Hugmyndin er að þróa verkin eða hugmyndina á bak við þau með hverri sýningu sem haldin er. Þannig er hægt að fylgjast með breytingum og komast aðeins inn í hugarheim myndlistarmannsins með því að sjá hvernig tíminn og hver opnun hefur áhrif á vinnsluna og verkin,“ segir Kristjana einlæg. Hverri sýningu fylgir því ákveðin óvissa sem skapar skemmtilega stemningu.

„Allir verslunareigendur hafa verið mjög liðlegir og skemmtilegt að tala við þá. Þeir treysta okkur fyrir þessu og eru opnir fyrir hugmyndinni,“ segir Kristjana og bætir við að hugmyndin sé hluti af námi sínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. „Þetta er mín leið til að miðla menningu til Íslendinga og það að sýna ekki í hefðbundnum sýningarrýmum er skemmtilegt. Þarna tökum við málin í okkar hendur og ráðum meiru sjálf. Verkin eru allt frá myndbandsverkum og innsetningum yfir í hefðbundin olíumálverk.“

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti meðan á sýningunni stendur og verða myndlistarmenn á svæðinu sem hægt er að spyrja út í verkin. Hægt er að fylgjast með Flökkukindum, sýningum sem fram undan eru, listamönnnum sem taka þátt hverju sinni og myndum af liðnum sýningum á www.flokkukindur.blog.is.

*hrefna@frettabladid.is*


HINN EINI SANNI
Ekta fiskur
Útvatnaður saltfiskur -án beina
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali. Gæða skór á góðu verði.

Stærðir: 40 - 45
Litur: svart
Verð: 14.700.-

Stærðir: 40 - 47
Litur: svart
Verð: 12.450.-

Stærðir: 40 - 45
Litur: brúnt
verð: 12.450.-
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is


TEG. 2761 - létt fylltur glæsilegur BH það sem taka má hlýrana af Í BC skálum - teg. 2762 boxer buxur í S,M,L,XL á kr. 1.950,-
Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

VORTILBOÐ Í 3 DAGA
FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS
19.-21. MARS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!

Í Tösku- og hanskabúðinni finnur þú mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt.
Þú getur litið við í verslun okkar eða farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er að skoða úrvalið og gera góð kaup!
Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

Alltaf góður!
Kjúklingastaðurinn Suðurveri
10 bita tilboð

5 stórir bitar og 5 minni, stór hrásalat og stór kokteilsósa með stórum skammt af frönskum og 2l coke
3875,- KR.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"






Stór gítarsveit var sett saman í tilefni tímamótanna en hana skipa á þriðja tug gítarnema.

# Do Re Mi fimmtán ára

**Yfir hundrað börn taka þátt í afmælistónleikum Tónskóla Do Re Mi sem haldnir verða í Neskirkju í dag.**

Tónskólinn Do Re Mi heldur tónleika í dag, föstudag, í tilefni af fimmtánda starfsári sínu. Tónleikarnir verða haldnir í Neskirkju og hefjast klukkan 18. Þema tónleikanna er heimstónlist og á efnisskránni eru verk frá Brasilíu, Ungverjalandi, Grikklandi, Frakklandi, Rússlandi, Skotlandi, Írlandi og Norðurlöndunum.

Fram koma yfir eitt hundrað börn sem leika á ýmis hljóðfæri, frá blokkflautu og hörpu til harmoniku og marimbu. Þá hefur verið mynduð stór gítarsveit af þessu tilefni og eru meðlimir hennar á þriðja tug gítarnema.

Tónskólinn Do Re Mi hefur á að skipa 17 kennurum auk skólastjóra og koma þeir flestir að undirbúningi þessara tónleika. Eftir tónleikana verður tónleikagestum boðið upp á afmæliskaffi í nýju safnaðarheimili Neskirkju, þar sem saga skólans verður rifjuð upp í máli og myndum.

Foreldrar, fyrrverandi nemendur og allir sem láta sig starfsemi skólans varða eru velkomnir á tónleikana. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir.

*- sg*

# Breytt og bætt í Pfaff

**Sérfræðingar í saumi kenna í versluninni Pfaff við Grensásveg.**



Saumavélin verður í aðalhlutverki í Pfaff á morgun.

Gestum og gangandi gefst tækifæri til að fá saumakennslu í Pfaff við Grensásveg á morgun í tilefni af 80 ára starfsafmæli verslunarinnar.

Sérfræðingar í saumi munu kenna gestum ýmislegt nytsamlegt, eins og hvernig skuli stytta buxur með einföldum hætti, sauma einfalda kjóla, hvað hægt er að gera í bútasaumi og notkun þæfingarvéla og svo ýmislegt fleira sem kemur sér vel fyrir fjölskylduna og aðra sem vilja læra að gera við, breyta og sauma á einfaldan hátt.

Kennslan stendur yfir frá klukkan 12 til 15 á morgun, en þess skal getið að um er að ræða einn viðburð í afmælisveislu Pfaff.

*- rve*



Kennsla í bútasaumi verður meðal annars til umfjöllunar í Pfaff.

heimili FASTEIGNASALA

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson, Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

SÖLUSÝNING Á SUNNUDAG





Reykjahvoll 37 Mosfellsbæ
- Sveitasæla Í Borginni!

Glæsilegt 250 fm einbýlishús með innbyggðum 50 fm bílskúr á einstökum útsýnisstað. Húsið er hið vandaðasta á allan hátt. Hönnun, innréttingar, tæki og allur aðbúnaður eins góður og hugsast getur. Fjögur stór svefnherbergi, 200 fm ólpallur með heitum potti og tjörn, mikil lofthæð og glæsilegar innréttingar. Áhvílandi hagstæð lán til yfirtöku. Makaskipti á minni eign. Fleiri myndir og nánari lýsing á www.heimili.is.

Bogi Molby Pétursson fasteignasali sýnir húsið kl. 14:30

Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a
Sími: 530 6500 www.heimili.is



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. mars 2009

# HÖRÐ KEPPNI FRAM UNDAN

12 Idol-keppendur eigast við í Vetrargarðinum í Smáralind í kvöld, í von um að tryggja sér áframhaldandi sæti. Plakat fylgir í miðju blaðsins.



## ÓSKA EFTIR HUGLEIÐINGUM KVENNA

Kristín Birgisdóttir vinnur að dagatalsbókinni Konur eiga orðið fyrir árið 2010.

## MIKLIR MÖGULEIKAR Í FATAHÖNNUN

Þorsteinn J. og Gunnar Hilmarsson gera sjónvarpsmynd um íslenska fatahönnuði.

## FYRIRLESTUR UM TÍSKUBLOGG

Ásta Ottesen tískubloggari heldur fyrirlestur í Norræna húsinu á mánudaginn.

# núna

✻ syngjandi í rigningunni



helgin MÍN

## SOFFÍA SVEINSDÓTTIR VEÐURFRÉTTAMAÐUR

„Á laugardagsmorguninn ætla ég á Esjuna með nokkrum MH-ingum og bandarískum ungmennum sem eru í heimsókn og um kvöldið verður tjúttað ærlega á vorfagnaði Boot Camp. Líklega fer ég á hestbak á sunnudeginum en annars ætla ég að slappa af og hlaða rafhlöðurnar fyrir næstu viku.“

### Gefur út í Bretlandi

Söngvarinn Seth Sharp hefur nú sent frá sér nýtt lag sem heitir Happiness is taking over. Seth var beðinn um að syngja og vera meðhöndur í laginu ásamt D-Reflection, en útgáfan er í höndum Adaptation Music Label í Bretlandi. Lagið hefur hlotið góða dóma frá nokkrum af stærstu nöfnum danstónlistarbransanum og fjallar um að finna hamingjuna innra með sér, frekar en í efnislegum hlutum og á því vel við um þessar mundir. Seth segist stefna á frekari útgáfu danstónlistar í nánustu framtíð, enda í samstarfi við danstónlistarmenn úti um allan heim.



### Sló í gegn á skjánum

þetta HELST

Fyrsti þáttur Karls Berndsen, Nýtt útlit, virðist hafa vakið mikla lukku meðal áhorfenda Skjáseins síðastliðinn þriðjudag því heillaóskunum rignir nú yfir Facebook-síðu Karls. Í þættinum fær venjulegt fólk algjöra útlitsbreytingu, allt frá förðun, og er haft á orði að hann gefi þáttum á borð við Gok's fashion fix og Extreme make over ekkert eftir.



### Innilegur á plötuumslagi

Þó svo að Idolkeppandinn Georg Alexander Valgeirsson hafi ekki enn gefið út sína eigin sólóplötu má segja að hann sé kominn langleiðina því hann prýðir umslag safnplötunnar 100 íslenskar ballöður. Utan á kassanum situr hann fyrir ásamt Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur, fyrrum Ungfrú Ísland, og á plötuumslögunum fjórum innan í kassanum má sjá fleiri innilegar myndir af þeim saman.



Ragnheiður Guðfinna var kjörin Ungfrú Ísland árið 2002, en Georg er ekki alls ókunnur fegurðarsamkeppnum því hann tók þátt í Herra Ísland árið 2007 þar sem hann hafnaði í öðru sæti.

### Þorsteinn J. og Gunnar Hilmarsson gera mynd um íslenska fatahönnuði:

# MIKLIR MÖGULEIKAR Í FATAHÖNNUN

Myndin er nokkurs konar „snapshot“ af fatahönnuðum á Íslandi eins og þeir eru í dag,“ segir Gunnar Hilmarsson hjá Fatahönnunarfélagi Íslands um myndina Möguleikar 2009: Sjónvarpsmynd um íslenska fatahönnuði. Gunnar vann að myndinni ásamt Þorsteini J. fjölmiðlamanni í tilefni af fyrsta norræna tískutvíæringnum, Nordic Fashion Biennale. Þorsteinn segir myndina fjalla um möguleika og Gunnar tekur undir: „Myndin fjallar um möguleika íslenskra fatahönnuða inn á við sem og út á við enda eru margir íslenskir fatahönnuðir með alls konar starfsemi í útlöndum. Möguleikar er stórt orð en möguleikarnir eru líka stórir og margir. Þetta er í rauninni nokkurs konar heimsókn til fatahönnuða og gefur ágætis mynd af breiddinni og stemningunni í faginu,“ segir Gunnar og bætir við að hann hafi verið hissa á hversu ólíkir fatahönnuðirnir eru og hversu vel hverjum og einum hefur tekist að byggja upp sitt eigið merki. „Það er kominn ákveðinn þroski í fagið og það er skemmtilegt að ræða við þá sem byrjuðu fyrir kannski tíu árum. Það er svo margt búið að gerast og meðbyr í hönnun er mikill.“

Þorsteinn segist hafa haft gaman af gerð myndarinnar en myndin verður sýnd á Skjáeinum í næstu viku. „Það er alltaf skemmtilegt að spjalla við fólk um hugmyndir og möguleika frekar en að einblína á það sem vantar eða er að. Það er nóg af því.“ Aðspurður hvort hann hafi mikið vitað um tísku áður en hann hóf vinnu að gerð myndarinnar segist hann ekki einn af þeim sem liggja á kafi í tískublöðum. „Ég gæti trúað að flest sem ég veit um tísku sé komið frá Gunnari, ég hef fylgst með honum síðan hann var með GK og fylgist núna með því sem hann er að gera með Andersen & Lauth.“ Varðandi Andersen & Lauth segir Gunnar nóg að gera. „Við erum að afhenda vorlínu 2009 en hanna vorlínu 2010. Einhver myndi kannski kalla þetta kaos en við köllum það stemningu. “ - iáh



**Vorlína** Gunnar segir nóg að gera hjá Andersen og Lauth þar sem vorlína 2010 er í vinnslu.



**Klassísk** Steinunn Sigurðardóttir er orðin heimsfræg fyrir hönnun sína.



**Vinsælt** Íslenska merkið Nikita nýtur mikilla vinsælda út um allan heim.



**Tvíefld** Ásta í E-Label segist finna fyrir mikilli samstöðu meðal fatahönnuða og verslana á Laugaveginum.

## Fundu aðra framleiðsluverksmiðju

**„Við erum búnar að finna aðra framleiðsluverksmiðju í París,“ segir Ásta Kristjánsdóttir spurð um eftirmálann af deilum sem upp komu milli E-label og Svövu Johansen hjá NTC. Þá taldi Ásta Svövu hindra samstarf E-label við franska verksmiðju sem framleitt hefur fatnað fyrir NTC. „Málið er enn í vinnslu hjá lögfræðingum, en það var mikilvægt fyrir okkur að segja frá þessu. Fólk er almennt ekki með svona viðskiptasiðferði og við finnum fyrir miklum stuðningi meðal fatahönnuða og verslana á Laugaveginum. Við hjá E-label komumst alveg í gegnum þetta og erum tvíefld fyrir vikið.“**

### ✻ augnablikið



**SAKLEYSISLEG**

Söngkonan Lily Allen var heldur sakleysisleg þegar hún mætti í ljósbleikum kjól með hvítt Chanel-veski á Chanel Ready-to-Wear A/W 2009 sýninguna á tískuvikunni í París á dögunum.



# Garðyrkjunámskeið

**í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**

**Ræktun í sumarhúsalandinu**
Miðvikudaginn 25/3 kl. 19:00-21:30.
*Verð kr. 6.500.-*

**Ræktun ávaxtatrjáa**
Tvö kv. mán. 30/3 og 6/4 kl. 19:00-21:30.
*Verð kr. 12.500.-*

**Ræktun berjarunna og -trjáa**
Þriðjudaginn 30/3 kl. 17:00-18:30.
*Verð kr. 3.750.-*

**Matjurtaræktun**
Tvö kvöld, þri. 31/3 og 7/4 kl. 19:00-21:30.
*Verð kr. 12.500.-*

**Kryddjurtaræktun**
Þriðjudaginn 31/3 kl. 17:00-18:30.
*Verð kr. 3.750.-*

**Klipping trjáa og runna**
Miðvikudaginn 1/4 kl. 19:00-21:30.
*Verð kr. 6.500.-*

**Rósir og blómstrandi runnar**
Mánudaginn 6/4 kl. 17:00-19:30.
*Verð kr. 3.750.-*





**Leiðbeinendur:**
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.

**Skráning og upplýsingar**
**í síma 578 4800**
**og á www.rit.is**



### Kristín Birgisdóttir gerir dagatalsbók:

# Konur eiga orðið

„Við erum ekki að leita að löngum eða lærðum hugleiðingum heldur stemningu, einlægni og hispursleysi,“ segir Kristín Birgisdóttir hjá Sölku forlagi sem undirbýr nú gerð dagatalsbókarinnar Konur eiga orðið allan ársins hring fyrir árið 2010, en dagatalsbækurnar 2008 og 2009 seldust upp á mettíma.

„Konum er í sjálfvald sett hvað þær skrifa, svo lengi sem það er frá þeirra eigin brjósti. Við förum svo yfir allar innsendar hugleiðingar og veljum þær sem okkur finnst henta best í bókina. Eftir að hafa valið 64 hugleiðingar, í byrjun hverrar viku og hvers mánaðar, látum við viðkomandi vita hvort hann hafi orðið fyrir valinu,“ segir Kristín og vonar að sem flestar konur sendi inn hugleiðingu á kristin@salkaforlag.is eða kria@internet.is. - ag



**Kristín undirbýr nýja dagatalsbók sem Myrra Leifsdóttir mun myndskreyta.**


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



VOR Í LOFTI
FOR YOUR HOME
30%
KARFA MEÐ VERKFÆRUM
verð 3.990,-
nú aðeins 2.793,-
30%
TASKA MEÐ VERKFÆRUM
verð 3.290,-
nú aðeins 2.303,-
30%
POTTAR með fílamunstri
verð 4.990 ,-
nú aðeins 3.493,-
Snyrtivara
2 fyrir 1
Rýmum fyrir nýrri vöru.
Sea of Life
EGG Á PINNA
á aðeins 190,-
30%
BLÓMAPOTTAR tveir saman
verð 4.990 ,-
nú aðeins 3.493,-
LUKTIR
hæð: 60 og 70 cm
4.990,-
NÝ VARA
KÖNNUR líka til í rauðum lit
verð 2.890,-
NÝ VARA
PÁSKAKANÍNUR
verð aðeins kr. 390
SILKIBLÓM
á aðeins 890,-
the PIER
Ótrúleg Páska tilboð!
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



Coca-Cola
fyrir idol
VATIKANIÐ
'Coca-Cola', 'Coke', the 'Coca-Cola' contour bottle, the dynamic ribbon device are trademarks of The Coca-Cola Company © 2008 The Coca-Cola Company.



Domino's Pizza
Iceland Express
SÉRSTAKAR ÞAKKIR :
Coca-Cola
FRÉTTABLAÐIÐ


Idol
skemmtilegri


FREYJA
FREYJA KYNNIR
LEITIN AÐ GULLLYKLINUM
FREYJUPÁSKAEGGIN ERU KOMIN Í VERSLANIR
PÁSKAR 2009
ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM

# tíðin

✻ alltaf á toppnum

**GUSGUS Á NASA** Fyrstu tónleikar GusGus verða haldnir í kvöld á Nasa en sveitin hefur fyllt staðinn í hvert skipti sem hún hefur troðið þar upp. GusGus spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves en sveitin hefur klárað sjöttu hljóðversskífuna sína sem heitir 24/7 og kemur sú plata út í júní.

**ÓPERUPERLUR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI** Óperuunnendum gefst tækifæri til að njóta nokkurra af helstu perlum óperubókmenntanna í sýningunni Óperuperlur sem sýnd er í Íslensku óperunni í kvöld. Sýningin sló í gegn hjá áhorfendum þegar hún var frumsýnd en meðal söngvara eru margir af fremstu óperusöngvurum landsins.






TOPP 10



## REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

söngkona



GRILLIÐ



LJÓSAKRÓNAN



PÍANÓIÐ



AIR-BOXIÐ



BRÚÐKAUPSMYNDIN Við Svenni Þór giftum okkur síðastliðið sumar og fengum þennan ramma að gjöf. Ég var svo ánægð með vöndinn að ég tímdi ekki að henda honum.



MORGUNGJÖFIN Þetta hálsmen gaf maðurinn minn mér í morgungjöf, daginn eftir stóra daginn. Það er í stíl við trúlofunarhringinn.

GJÖF FRÁ DÓTTUR MINNI Þetta hjarta föndraði Anita dóttir mín og lét mig hafa með mér til Serbíu í Eurovision. Yndislegur lukkugripur sem ég held mikið uppá.



BAÐKARIÐ



BÆKUR



TÖLVAN






Ása Ottesen:

## Heldur fyrirlestur um tískublogg

„Heimsóknum er alltaf að fjölga og að meðaltali skoða 500 manns bloggsíðuna á dag, sem er geggjað,“ segir Ása Ottesen um bloggsíðu sína trend-land.blogspot.com, en hún heldur fyrirlestur um tískublogg í Norræna húsinu á mánudaginn klukkan 16.

„Fyrirlesturinn tekur um tuttugu mínútur og ég mun fjalla stutt um bloggið mitt, af hverju ég byrjaði með það og sýni myndir á glærum. Ég fjalla líka um muninn á tískubloggum, en sum þeirra eru gerð af stelpum sem mynda fötin sín en önnur eru af götutísku eða útdráttur úr tískublöðum,“ útskýrir Ása. „Ég segi svo frá því hvað mér finnst vera í tísku og hvað verður mest áberandi í sumar. Svo verður auðvitað frjálst að spyrja mig um hvað sem tengist tísku.“



**Vinsælt** Um 500 manns skoða bloggsíðu Ásu daglega á trend-land.blogspot.com.

## Naglalakk í formi penna

**Nic's sticks fyrir neglurnar Þú þarft ekki lengur að eyða löngum stundum í að lakka á þér neglurnar heima fyrir því OPI hefur sent frá sér nýjung sem er að gera allt vitlaust vestanhafs. Oprah er einn helsti aðdáandi naglalakksins sem kemur í formi penna. það fæst í ótal mismunandi litum, passar vel í veskið og þornar á örskotsstundu svo þú getur notað það hvar og hvenær sem er.**




**Vinsælt** Nic's sticks passar vel í veskið svo konur geta naglalakkað sig hvar og hvenær sem er.

# 2 0 0 ?

# PÁSKAÚTSALA P.O.G.

**2007 úrval og gæði. Tökum við íslenskum krónum með ánægju.**

Gegnheilt Ybyraro
**3.990** pr $m^2$

Hollenskir eikarplankar
18 sm breiðir, 20 mm þykkir frá
**6.995** kr $m^2$



Hurðir með karmi frá
**14.970** kr
hlynur, beyki, mahóní o.fl.

ALLT AÐ
**70%**
AFSLÁTTUR!

Útlitsgallaðar
hurðir og karmar
á **prúttverði!**



Hnotuplankar,
16 sm breiðir
**8.895** kr $m^2$

Glæsilegar leðurflísar frá
**5.970** kr $m^2$



Hvíttaður 17 mm þykkur
danskur eikarplanki
**7.990** kr $m^2$

3ja stafa eikarparket frá
**3.990** kr $m^2$



Eikarhurð með karmi, 60 sm
**29.900** kr

Yfir 70 gler- og fulninga-
hurðir fyrirliggjandi.
**Sjón er sögu ríkari!**

P.O.G.

## AÐEINS Í 10 DAGA · FRÁ 20. - 30. MARS!

Fylgist með útsölutilboðum á **www.pog.is** · Opið laugardaga 10 - 16

Ármúla 23 | Sími: 568 1888 | www.pog.is | Opið virka daga 9 - 18 | Laugardaga 10 - 16

PARKET OG GÓLF

# KLINGENBERG SPÁIR



## Brynja Valdís Gísladóttir leikkona



„Brynja Valdís er fædd 6.6 1973. Útkoman úr tölunum hennar er þar af leiðandi 32 sem er jafnt og 5. Fimmurnar eru oft dálítið óútreiknanlegar, ómótstæðilegar og dulrænar með afbrigðum eins og t.d. Þórhallur miðill og Klingenbergið. Fimmurnar þurfa alltaf að vera í miklu fjöri til þess að þær haldi ballans og þær þurfa alltaf að hyggja að markmiðum sínum, annars geta þær orðið dálítið leiðar. Fimmurnar hafa oft leiðtogaorku og eru góðir ræðumenn og miklir hugmyndasnillingar finnast oft á meðal fimmanna og þar fer fremst í flokki Brynja Valdís. Hún fer yfir á örlagatöluna sína í ár en það er þegar lífstalan manns er líka árstalan manns.

Þetta ár mun breyta lífi Brynju Valdísar. Ógurlega mikill hraði mun vera á þessu ári og nýir hlutir gerast jafnvel áður en búið er að ljúka gamla viðfangsefninu. Brynja á eftir að vekja mikla athygli fyrir störf sín og verður í framtíðinni mjög þekkt leikkona og kvikmyndaleikstjóri. Myndir hennar eiga eftir að vekja athygli víða og hún á eftir að búa erlendis, ég get séð jafnvel fljótlega flutninga í línum hennar.

Í framtíðinni get ég ekki betur séð en að Brynja Valdís muni hljóta Óskarinn eða álíka velmetin verðlaun fyrir eitthvað. Brynja er að fara inn á góða ástartíð en ég get ekki séð mikla frjósemi næsta árið. Hún mun allavega fæða af sér kvikmyndir og fleira skemmtilegt sem verða hennar börn.“

*www.klingenberg.is*



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

## Arnar Grant einkaþjálfari

1 Byrja daginn eldsnemma með góðri æfingu og innliti í baðstofuna í World Class Laugum.



2 Fæ mér cappuccino á Kaffismiðju Íslands ásamt fjölskyldu og vinum.



3 Skelli mér í sund með fjölskyldunni og horfi á krakkana mína leika sér meðan ég ligg í pottinum.

4 Flýg á vit ævintýranna með konunni minni til Boston.

5 Förum svo út að borða á uppáhalds steikhúsið til að toppa daginn.






Veisla fyrir augun, næring fyrir hugann og innblástur fyrir framtíðina

Norræni tískutvíæringurinn hefst í dag

**Föstudagurinn 20. mars**

**12.00–13.00** *Um sjálfbærni í fatahönnun og klæðaburði:* Hvað þarf að kenna? Hvað þurfum við að læra? eftir Karl Aspelund. Fer fram á ensku.

**17.00** *Að fanga anda staðarins í hönnun:* Kristine Jensen landslagsarkitekt heldur fyrirlestur en hún hlaut Rosa Barba-verðlaunin 2008.

**Laugardagurinn 21. mars**

**14.00–15.00** *Slow Clothing:* Fyrirlestur um færeyska tískumerkið Gudrun & Gudrun. Fer fram á ensku.

**Sunnudagurinn 22. mars**

*Franskar heimildarmyndir í samstarfi við Alliance Française á Íslandi:*
**17.00** Yves Saint Laurent: 5 Avenue Marceau, 75116 Paris
**19.00** Et Elle créa La Femme

**Mánudagurinn 23. mars**

**16.00** *Tískublogg og tískustraumar:* Ása Ottesen tískubloggari segir frá heimi tískunnar á netinu.

**17.00** *Nordic Look:* Alla Nielsen segir frá tískuviðburðinum Nordic Look. Fer fram á ensku.

**Þriðjudagurinn 24. mars**

**9.30–12.30** *Meðvituð um tískuna:* Ráðstefna um tískuiðnaðinn og sjálfbærni.

**20.00** *Project Iceland:* Charlie Strand segir frá bók sinni um tísku, tónlist og listir. Fer fram á ensku. DJ Sykur og Ultra Mega Teknóbandið Stefán spila.

**Aðgangur er ókeypis að öllum viðburðum tvíæringsins.**

Nánari upplýsingar á **www.nordicfashion.is.**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2539

NORRÆNA HÚSIÐ

NORDIC FASHION BIENNALE 19.03.–5.04.2009 NFB
**FASHION & JEWELRY** FROM FAROE ISLANDS, GREENLAND AND ICELAND

Lóðsið s. 908 6060
Tarot, miðlun, fyrirbænir, trúnaður.
Opið frá 12-23.
S. 894 9228
Steinunn VISA/EURO

## Múrarar

**HELLULAGNIR**
Tökum að okkur hellulagnir - Stór og lítil verk. Uppl. í s. 847 2209.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**Sólpallar**
Viltu flottan sólpall ? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

## Viðgerðir

**Heimilistækjviðgerðir. Þvottavélar ofl.**
Tek að mér að gera við þvottavélar, heimilistæki ofl. Geri við í heimahúsum. Uppl. í s. 772 2049 Ath.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Evrur til sölu**
Get útvegað evrur í miklu magni, erlendis eða hérlendis. S. 868 2406, Heimir.

**Frístund krossgátublað**
Fjölbreyttar og vandaðar krossgátur fyrir alla. Fáanlegt á flestum blaðsölustöðum. www.fristund.net

Til sölu bakaraofn, helluborð, stálvaskar og blöndunartæki, borðplötur, 2 eldhússkápar. Alla mjög vel farið og selst saman. S. 867 1451.

## Óskast keypt

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl.**
**Fríða frænka, Vesturgata 3,**
**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbond, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir: Hillukerfi (dýpt 40-60 cm hæð 2,5-3 m), brettatrillu og vinnuborði (ca. 90cm á hæð). Uppl. í s. 770 1062.

Óska eftir að kaupa CD og DVD diska. Uppl. í s. 698 8629.

**Gullskartgripir-Gull**
Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

## Verslun

TANTRA
Erótísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA.
Ný og glæsileg heimasíða!
OPIÐ MÁN - FÖS 12 - 20
LAUGARD. 12 - 18 &
SUNNUD. 12 - 18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
S. 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
ATH !
VSK af þegar pantað er á netinu !
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

ÚTSALA
LOKAVIKA







FIÐRILDI
MEÐ HRAÐASTILLIR
Áður 6.995 2.995

KANÍNU TITRARI
MEÐ ÁFÖSTU EGGI
Áður 14.995 2.995

DVD
500 TITLAR
Áður 3.995 1.495

Rómantík.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
( Horninu á Frakkastíg)
Opið: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18



**NÝJAR VÖRUR 25% afsláttur**
Stærðir 34-52. Endilega kíktu inn á www.gala.is Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsin Faxafeni)S:588 9925 Opið 11-18.laug 11-16.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

**Blómálfurinn**
50% afsláttur á völdum vörum í kjallaranum að Vesturgötu 4.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LR kúrarnir virka. 8 kg fóru á 3 vikum. Hressari og engin hungurtilfinning. s. 662 5599.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Hefurðu kíkt á framtíðina með dáleiðslu ?**
www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Angielski dla Polaków
English4Polish

Szkola angielskiego English4Polish ul. Hátún 19 kolo Hlemmuru zaprasza na wieczorne kursy, tel. 8933089



**HANDVERKSNÁMSKEIÐ - OPIÐ HÚS**
Leiðbeinendur með sýnikennslu og uppl. um námskeiðin Laugardag kl.13-15. Dagskrá apríl-júlí á handverkshusid.is HANDVERKSHÚSIÐ BOLHOLTI 4 S:555-1212

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Regal
Super premium hundamatur
1,8 kg 1.680
7,5 kg 4.480
15 kg 7.580
Dýrabær
Hlíðasmára 9
& Smáralind
www.regalpetfoods.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

LMK.IS
Leigumiðlun Kópavogs & Garðabæjar ☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Kópavogi og Garðabæ, www.LMK.is

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

húsaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

Vesturbær - Boðagrandi. Björt 2ja herb íbúð til leigu. Leiga kr. 95 þús. S. 557 3977.

Ný glæsiíbúð í bryggjuhverfinu í Rvk til leigu. 120 fm. 1-2 rúmgóð svefnh. Allt nýtt. Tilboð óskast. S. 698 3521, Pálmi.

Einstaklingsíbúð á svæði 112. 42 fm. Laus, leiga 57þ. á mán. Anddyri, bað, stofa með eldhúskrók. Sendið blaðinu nafn, kt, síma og eða mail og við höfum samband.

Vantar 2 meðleigendur í ca. 100 fm. íbúð við laugarv. 1herb. laust nú þegar og hitt um miðjan apríl. Topp íbúð á Topp stað. Upplý. í s:8686877

Til leigu í lindarhverfunu 3ja herb íbúð með þvottahúsi á hæðinni. Íbúðin er björt og rúmgóð í toppstandi. Stórar svalir. Ísskápur fylgir með. Geymsla í kjallara.Upplýsingar í síma 8653548

2 herb. íbúð á annari hæð í 170, laus strax s695-2960

**Herbergi í Hafnarfirði**
Herb. til leigu í Hfj. Öll aðstaða innifalin. Eldhús, þvottahús, WC, sturta. Einnig er TV og internet aðgangur. Uppl. í s. 895 8843.

## Húsnæði óskast

Vantar 20-40 fm. húsnæði í Vogahv. undir skrifstofu, má þarfnast lagfæringa eða breytinga. S. 899 4819.

Maður í fullri vinnu og kvöldskóla óskar eftir 2ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 864 1024 & siggiivar@ok.is

## Sumarbústaðir

Óska eftir að kaupa fullklárað 60 m2 -75 m2 sumarhús til flutnings. Aðeins góðar eignir koma til greina. Staðgreiðsla fyrir rétta eign. Áhugasamir sendi póst á netfangið sigurborgbo@simnet.is.

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Óska eftir sumarbústað eða íbúð í skiptum fyrir 180m2 nýja íbúð í Tyrklandi. Nánari uppl. kristinap@internet.is / S.894 0045

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

**Lækkað verð!**
Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax.

S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Spánn**
3 herb. íbúð á Torrevieja svæðinu, hagstæð leiga. S. 820 7701.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hárgreiðslustofa í Stavanger í Noregi**
**óskar eftir 2-3 íslenskum faglærðum hársnyrtum til starfa, þurfa að geta talað norsku, sænsku eða dönsku.**
**Áhugasamir sendi mail á mikkithor@hotmail.com**

## Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



FLESHLIGHT.IS

# Fermingargjafir
## á frábæru verði

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum




**24.990kr**
GOTT VERÐ

**Nikon myndavél** S225
- 10 MegaPixel
- Skýr 2.5" LCD skjár
- 3x Optical Zoom
- 7x Digital Zoom
- 1/ 2.5" CCD
- Hreyfimyndataka (avi @ 30FPS)
- USB 2.0 tenging
- Li-ion rafhlaða
- Tekur rauð augu í burtu
- Sjálfvirkt flass
- 44MB innbyggt minni
- Styður SDHC kort
- Kaplar og hugbúnaður fylgja
- Mál í mm (bxhxd): 91x57x20




**24.990kr**
GOTT VERÐ

**Nikon myndavél** S220
- 10 MegaPixla upplausn
- 2,5 tommu LCD-skjár
- NIKKOR aðdráttarlinsa (jafngildir 35 mm [135] filmusniði: 35–105 mm.)
- 4x vörn fyrir óskýrleika
- 3x Optical Zoom og 7x Digital Zoom
- Rafræn titringsjöfnun (VR)
- Hátt ISO-ljósnæmi (allt að 2000)
- Hreyfiskynjun
- Besta mynd valin (BSS), blikkprófun & brosstilling
- Háþróuð AF-andlitsstilling með lagfæringu á rauðum augum
- D-lýsing skilar góðum myndum með því að lagfæra skugga
- Upptaka hreyfimynda með hljóði
- Litir: Bleik, svört, blá, rauð og græn



**16.990kr**
GOTT VERÐ

**Nikon myndavél** L19
- 8 megapixla myndavél
- Stór 2,7-tommu LCD-skjár
- NIKKOR 3,6x aðdráttarlinsa
- 2x vörn fyrir óskýrleika
- Hreyfiskynjun bætir sjálfkrafa upp fyrir hreyfingu
- Sjálfvirk umhverfisstilling
- Brosstilling smellir af þegar myndavélin greinir bros
- Blikkvörn varar þig við ef einhver er með lokuð augun
- Hátt ISO-ljósnæmi (1600)
- 16 umhverfisstillingar
- Upptaka hreyfimynda með hljóði.
- 2x AA rafhlöður
- Styður SD/SDHC minniskort
- Íslenskir leiðarvísir fylgir

**United 19" LCD með DVD spilara**
TVD8819
- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilari
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir



**49.990kr**
Verð áður 59.990.-



**21.990kr**
GOTT VERÐ

**United DVD ferðaspilari**
DVP7046
- Fjölkerfa DVD spilari - Svartur
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG • Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða og spennubreytir fylgja
- Taska og bílhleðslutæki fylgja



**7.990kr**
GOTT VERÐ

**Dantax ferðaútvarp**
RR303SV
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM Útvarp
- Topp CD Spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet



**8.990kr**
GOTT VERÐ

**Philips 8 in 1 hársett** HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöffluj árn og slöngulokkum



**Melissa sléttujárn** 635105
- Keramík plötur
- Betri hitadreifing
- Fljótt að hitna
- 8 hitastillingar, 130-200°C
- Wet2Dry - sléttir bæði þurrt og blautt hár

**2.990kr**
GOTT VERÐ



**Exido sléttu/krullujárn** 235006
- 2 í 1 sléttu- og krullujárn

**2.990kr**
Verð áður 3.990.-



**2.490kr**
GOTT VERÐ

**Melissa hárklippur** 638146
- Öflugar hárklippur
- 4 kambar, skæri og greiða fylgja

Gildir til 26. mars eða á meðan birgðir endast.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**WILLIAM HURT ER 59 ÁRA Í DAG**

*„Mig langar að koma því til skila að leikarar eru listamenn, ekki endilega sjálfsdýrkendur.“*

***Bandaríski leikarinn William Hurt hefur leikið í fjölda kvikmynda. Hann hlaut bæði Óskars- og BAFTA-verðlaunin fyrir leik sinn í kvikmyndinni Kiss of the Spider Woman.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 20. MARS ÁRIÐ 2003

## Bandaríkjamenn ráðast inn í Írak



Innrás Bandaríkjamanna og Breta auk bandamanna inn í Írak hófst þennan dag fyrir sex árum. Bandaríkjamenn kölluðu stríðið Aðgerð Íraksfrelsi. Innrásin var umdeild og hefur meðal annars verið bent á að ekki hafi verið sátt um innrásina í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eins og var með fyrra Persaflóastríðið árið 1991. Þá réðst Saddam Hussein inn í Kúvæt vegna deilna um landamæri og olíuverð. Í framhaldinu settu Sameinuðu þjóðirnar á laggirnar eftirlitsteymi sem átti að finna og eyða gereyðingarvopnum í Írak.

Gereyðingarvopnin voru ein þeirra ástæðna sem Bandaríkjamenn settu fram til að réttlæta innrásina í Írak árið 2003. Einnig áttu félagar í Al-Kaída hryðjuverkasamtökunum að eiga öruggt skjól í Írak, þar á meðal Osama bin Laden sem er talinn standa á bak við árásirnar 11. september árið 2001. Þá flugu hryðjuverkamenn farþegaflugvélum á Tvíburaturnana á Manhattan og Pentagon með þeim afleiðingum að tæplega 3.000 manns fórust. Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, og Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra, tóku einhliða ákvörðun um að Ísland styddi innrásina án samráðs við Alþingi.

Saddam Hussein var tekinn höndum í desember árið 2003. Hann var dæmdur til dauða og tekinn af lífi árið 2006. Osama bin Laden hefur ekki náðst og ekki hafa fundist gereyðingarvopn í Írak. Þótt stríðinu eigi að hafa lokið formlega hinn 1. maí 2003 sér enn ekki fyrir endann á átökunum.

**MERKISATBURÐIR**

- **44 f.Kr.** Júlíus Caesar er borinn til grafar.
- **1916** Albert Einstein birtir ritgerð sína um almennu afstæðiskenninguna.
- **1927** Flutningaskipið Brúarfoss kemur til landsins.
- **1952** Friðarsamningarnir við Japan eru samþykktir í öldungadeild Bandaríkjaþings.
- **1956** Túnis fær sjálfstæði frá Frakklandi.
- **1969** John Lennon og Yoko Ono gifta sig á Gíbraltar.
- **1990** Hundrað bílar lenda í árekstrum í Reykjavík vegna blindbylja sem ganga yfir.
- **1991** Stysta ræða í sögu Alþingis er flutt. Hún er svohljóðandi: „Virðulegi forseti! Álverið rísi!“ Ræðumaður er Ásgeir Hannes Eiríksson.

**AFMÆLI**



**FERNANDO TORRES** fótboltamaður er 25 ára.



**LEIKKONAN HOLLY HUNTER** er 52 ára.



**GÍSLI RÚNAR JÓNSSON** leikari er 56 ára.



**PÉTUR KR. HAFSTEIN** hæstaréttardómari er 60 ára.



**Á PERSÓNULEGUM NÓTUM** Eterinn er eins konar sögustund flutt með aðstoð stafræns búnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÞÓRIR SÆMUNDSSON LEIKARI:** FRUMSÝNIR ETERINN

# Skyggnst inn í hugarheim Þóris

Sýningin Eterinn eftir leikarann Þóri Sæmundsson verður frumsýnd á Smíðaverkstæðinu í kvöld en þetta er hans fyrsta verk. Það er harla óvenjulegt og er fólk ekki á eitt sátt um hvernig eigi að lýsa því. Er um að ræða fyrirlestur, myndlistarsýningu, rokktónleika eða miðilsfund?

„Þetta er eins konar sögustund flutt með aðstoð hágæða stafræns búnaðar. Þetta er ekki leikrit og myndi ég frekar tala um sýningu. Ég stend á sviðinu sem Þórir en ekki sem leikari og er sýningin því á mjög persónulegum nótum,“ segir Þórir, sem hefur gengið með hugmyndina í maganum um langt skeið.

Þórir býður áhorfendum upp á rafmagnaða stund þar sem gestir fá að kynnast pælingum hans um jafnólíka hluti og skammtafræði, tímaflakk, endurholdgun og Andy Warhol. Uppfinningar Þóris spila stóra rullu í sýningunni en með heimasmíðuðum vélum og tækjum kallar hann fram sjónarspil mynda, hljóða og hugmynda. „Ég styðst ekki við neitt handrit og því verður engin sýning eins. Áhorfendur ættu þó að skynja einhvern rauðan þráð. Ég bendi þeim þó ekki á neitt ákveðið eða segi: Takið sérstaklega eftir þessu, heldur eftirlæt áhorfendum að túlka sýninguna út frá eigin forsendum.“ Þórir segir gaman að sjá hversu misjafnlega áhorfendur, sem hafa komið á forsýningar, skynja hvað er um að vera og er upplifun ungra og þeirra sem eldri eru mjög ólík.

Sýningin gefur áhugasömum kjörið tækifæri til að skyggnast inn í hugarheim Þóris. „Það líður alltaf langur tími á milli þess sem ég upplifi eitthvað sterkt í leikhúsi og öðrum listum. Ég reyni að kalla fram ekta tilfinningar án þess að vera með leikhús eða einhver læti í kringum mig. Það er ekki verið að drepa neinn, öskra eða fara með hástemmdan, fleygan texta. Ætli það megi ekki kalla þetta nútímalegt verk þar sem ég leyfi mér að gera eitthvað óvenjulegt og vera listamaður.

Þórir segir framtakið heiðarlega tilraun ungs manns til að nálgast sjálfan sig og þær spurningar tilverunnar sem brenna á fólki. Hann leitast við að fella niður veggina á milli lista, vísinda, náttúru og yfirnáttúru í viðleitni sinni til að deila sýn sinni á Eterinn – hið ósýnilega efni sem tengir allt saman. „Efniviðurinn er kannski heimspekilegur og þetta eru stórar pælingar. Þetta eru þó ekki bara mínar pælingar heldur hugsanir sem eru á sveimi í okkur öllum.“

vera@frettabladid.is



†

*Okkar ástkæra,*

**Kristín Kristjánsdóttir**

frá Efra-Hóli, Staðarsveit, síðar búsett á Sauðárkróki,

lést 11. mars sl. á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Jarðsett verður á Staðarstað laugardaginn 21. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Friðjón Jónsson** **Hanna Olgeirsdóttir**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ólafar Jóhannsdóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Ingi J. Marinósson**
**Erla Eiríksdóttir** **Sigurður Hallgrímsson**
**og fjölskylda.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valdimar Þórðarson**

húsasmíðameistari
Heiðarvegi 4, Selfossi,

lést þriðjudaginn 17. mars sl. á Hjúkrunarheimilinu Fossheimum Selfossi. Útför hans verður auglýst síðar.

**Helga Jóhannesdóttir**
**Jónína Valdimarsdóttir** **Guðmundur Baldursson**
**Björgvin Þ. Valdimarsson** **Sigríður Magnea Njálsdóttir**
**Guðrún Valdimarsdóttir** **Sigurður Bragason**
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir** **Sigurður Rúnar Sigurðsson**
**Björk Valdimarsdóttir**
**Oddný Magnúsdóttir** **Emil Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Jóhann Sigmundsson**

Lindargötu 57,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum Landakoti mánudaginn 16. mars. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 23. mars kl. 15.00.

**Sigríður Jóhannsdóttir** **Haraldur Hermannsson**
**Sigurdís Haraldsdóttir**
**Svava Jóhanna Haraldsdóttir**
**Jóhann Haraldsson**
**Vilborg Áslaug Sigurðardóttir**
**Guðrún Karla Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kristjana Ósk Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Þórðar Þorvarðssonar**

Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð,
Kópavogi, áður til heimilis að Giljaseli 12.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sunnuhlíðar fyrir veitta umhyggju og alúð.

**Halla S. Nikulásdóttir**
**Skúli Eggert Þórðarson** **Dagmar Elín Sigurðardóttir**
**Nikulás Þórðarson** **Elísabet Berta Bjarnadóttir**
**Guðrún Þórðardóttir** **Randver Þorláksson**
**Elísabet Þórðardóttir** **Einar Gunnarsson**
**Kjartan Þór Þórðarson** **Ásbjörg Geirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ALLTAF BETRA VERÐ

FERMINGATILBOÐ FERMINGATILBOÐ FERMINGATILBOÐ



acer

**Acer Extensa 5230-571G16Mn**

2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" FHD WXGA+ breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3xUSB 2.0, VGA, PC Card slot II, ExpressCard/54 slot ofl. • Windows Vista Home Basic

**79.990**



TOSHIBA

**Toshiba L300-1DT**

2.16GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi • 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Premium með XP Pro

**99.990**



acer

**Acer Aspire 7730ZG-424G32MN**

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR2 667MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW skrifari • 17" WXGA breiðskjár • 512MB GeForce Go 9300M-GS skjákort • 5 í 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, EasyPort IV, HDMI, VGA, ExpressCard/54 ofl. • High Definition hljóðkerfi • Windows Vista Home Premium

**129.990**



acer

**Acer Aspire Blue 6530G-704G64MN**

2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile RM-70 örgjörvi • 4GB (2048 + 2048) DDR2 667MHz minni • 640GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 16" FHD WXGA+ skjár • 512MB ATI Radeon HD 3650 skjákort • 5 í 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, EasyPort IV, HDMI, VGA, ExpressCard/54 ofl. • Windows Vista Home Premium

**139.990**



TOSHIBA

**Toshiba Satellite A300-1SR**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n netkort og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Premium

**169.990**

## TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10<br>S: 414 1760 |










NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Þegar ég varð óléttur

Barnshafandi konur grípur oft ómótstæðileg löngun í eitthvað alveg sérstakt, oftast matarkyns, og gildir þá einu hvort smekkur fyrir viðkomandi hlut hafi verið til staðar fyrir óléttu eður ei. Ótæmandi viskubrunnur Wikipedia útskýrir slíkar langanir þannig að líkama viðkomandi bráðvanti einfaldlega einhver efni sem girndargripurinn inniheldur og djöflist því þar til þörfinni hefur verið svalað.

Ég hélt ég væri óléttur fyrir tveimur árum þegar mig greip brjálæðisleg löngun til að eignast stuttermabol merktum hljómsveitinni Los Lobos. Ég hef aldrei lagt mig sérstaklega eftir því að hlýða á verk þessarar sveitar, hvað þá að merkja mig henni, en ég linnti ekki látum fyrr en mér var gefinn slíkur bolur í jólagjöf. Ég hef ekki klæðst bolnum síðan, en líkami minn var augljóslega í sárri þörf fyrir TexMex-rokkhljómsveitarbol á þessum tíma.

Svipaðri tilfinningu skaut upp í huga mér í vikunni þegar mér fannst ég skyndilega þurfa að leigja mér kvikmyndina „High School High“ frá 1996, með æringjanum Jon Lovitz í aðalhlutverki, á næstu leigu. Ég sá þessa mynd í bíó á sínum tíma og fannst hún ekki góð, en hún hefur greinilega skilið sitthvað eftir sig. Líkami minn hreinlega öskraði á Lovitz, og í stutta stund fannst mér það spurning um líf eða dauða að berja hann augum. Mér tókst að standast freistinguna og horfði á fréttatímann í staðinn. En Jon Lovitz, í hlutverki seinheppins kennara sem reynir að hafa hemil á ódælum nemendum Marion Barry-menntaskólans, hefur leikið gestahlutverk í draumum mínum síðan.



# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRÁBÆR TILBOÐ




## PHILIPS

**Philips 42PFL7403D**
42" LCD BREIÐTJALD, 1920x1080 punkta upplausn, Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 29.000:1 skerpu, 100Hz LCD, ljósskynjara og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 30w Nicam Stereó, BBE Virtual Dolby Digital, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, Coax út,USB ofl.

**TILBOÐ**
**269.995**
FULLT VERÐ 349.995

HDMI PIXEL PLUS 3HD




NETTUR
**MP3 SPILARI**

## PHILIPS 4GB

**Philips SA1942**
4GB MP3 SPILARI með innb. diktafóni og hljóðnema, tónjafnara, LCD skjá, lithium rafhlöðu með 27 klst. afspilun. Þyngd: 0.034kg. Styður MP3/WAV/WMA.

**TILBOÐ**
**7.995**
FULLT VERÐ 12.995



## CASIO 3JA SKREFA KENNSLUKERFI

**Casio CTK-720**
HLJÓMBORÐ með 5 áttundum, 61 nótu, 242 hljóði, 100 ryþmum, 32 nótna pólifóníu, 100 æfingalögum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, USB, fótpedala-, hljóðnema- og heyrnatólstengi. Getur sótt hljóð af netinu.

**TILBOÐ**
**26.995**
FULLT VERÐ 29.995



## Panasonic MEÐ IPOD VÖGGU

**Panasonic SCEN38**
2x8 lítil og nett Panasonic MÍKRÓSAMSTÆÐA með iPod vöggu, geislaspilara, klukku með vekjara og svefnrofa, stafrænt útvarp með 30 stöðvaminnum, heyrnatóls- og USB tengi. Hleður iPod á meðan þú hlustar. Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ 34.995




**Toshiba 19DV550PG**
19" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi.

**TILBOÐ**
**59.995**
FULLT VERÐ 99.995

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki** ht.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT GRÍSAKJÖT GAMALT VERÐ
798
GRÍSAGÚLLAS 798 kr./kg.
498
GRÍSAHAKK 498 kr./kg.
798
GRÍSASNITSEL 798 kr./kg.
798
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR ÚRB 798 kr./kg.
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.
798
GRÍSAKÓTILETTUR 798 kr./kg.
1298
GRÍSALUNDIR 1298 kr./kg.
1679
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR M/SKINNI
40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.
198
GRÍSASKANKAR 198 kr./kg.
FERSKUR KJÚKLINGUR
1477
KJÖRFUGLS-KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 1477 kr./kg.
1798
ALI FERSKAR KJÚKLINGARBRINGUR
40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
419
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR./KG. 419 kr./kg.
Basmatirijst
Basmati rice
49
EUROSHOPPER BASMATI
HRÍSGRJÓN
400g 49 kr.
239
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 398 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 239 kr./kg.
fyrsta flokks íslenskt
SMJÖR
Tilboð
OS TILBOÐS-SMJÖR 500g
NÚ 20% LÆGRA VERÐ 205 kr stk.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS
769
N.F SJÓFRYST ÝSUFLÖK roð og beinlaus
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
769 kr./kg.
598
N.F SALTFISKUR m/roði og beini
598 kr./kg.
579
N.F FORSTEIKTAR FISKBOLLUR
579 kr./kg.
FROSIÐ LAMBAKJÖT
1398
1078
LAMBALÆRI 1078 kr./kg.
LAMBAHRYGGUR 1398 kr./kg.
LAMBAFILLET 2698 kr./kg.
LAMBALÆRISSN. 1359 kr./kg.
2698
1359
HEIMILISBRAUÐ
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 gr 179 kr
Quality Street
1998
MACKINTOSH 2,9 KG DÓS
1998 kr.
Ísblóm
359
EMMESS ÍSBLÓM 6 STK. 359 kr.
BÓNUS
298
BÓNUS KLEINUR 15 STK 298 kr
FILIPPO BERIO
Extra Virgin Olive Oil
598
FILIPPO BERIO
ExtraVirgin olía
750 ml 598 kr.
BÓNUS mayonnaise
198
BÓNUS MAJONES
550 ml 198 kr.
Feti
Feti
259
BÓNUS FETAOSTUR 250g
259 KR.
RJÓMI
259
MJÓLKU RJÓMI
400 ml 259 kr.
Beikon
Nestis
Dönsk
Kinda
98
GOÐA KÆFUR 150g 98 kr. 10 ÞÚS DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.
TILBOÐ
KJÖTFARS
399
K.F NÝTT
KJÖTFARS
399 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

**!** **laugardag kl. 15**

*Stórsveit frá Brown University heldur tónleika í Hátíðarsal FÍH í Rauðagerði kl. 15. Stjórnandi er Matthew McGarrell. Hljómsveitin hefur komið fram víða um heim. Hljómsveitin flytur fjölbreytta efnisskrá þekktra djasslaga fyrir stórsveit og söngkonan Rosalind Schonwald kemur fram í hluta efnisskrárinnar. Stórsveit Tónlistarskóla FÍH kemur fram sem opnunaratriði á tónleikunum. Aðgangur er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Vistarverur og sjónarhorn

Í gærkvöld opnaði Elín Hansdóttir myndlistarkona innsetningu í Listasafni Reykjavíkur í Grófinni. Elín hefur að undanförnu vakið athygli víða um lönd þar sem hún hefur sýnt en innsetning hennar nú, sem er fyrsta sýning hennar hjá Listasafni Reykjavíkur, kallast Parallax sem þýða má sem sýndarhliðrun. Er hún hluti af sýningarröð Hafnarhússins þar sem leitast er við að afmá mörkin á milli safnsins og samfélagsins. Elín býður áhorfendum í óvissuför um sýningarsal jarðhæðarinnar þar sem þeir geta velt fyrir sér spurningunum á borð við:

- Hvað gerist ef sýningarrými er strokað út?

- Hvað gerist ef herbergi sem þú heldur að þú sért í er allt annað herbergi?



MYNDLIST Elín Hansdóttir

- Hvernig getum við talað um tiltekið sjónarhorn þegar slíkur punktur er jafn afstæður og raun ber vitni? Og að lokum:

- Til hvers að setja framhlið á hús sem afhjúpast sem blekking um leið og maður tekur eitt skref til hliðar?

Tækni sína við framsetningu þessara spurninga sækir Elín í blekkingar augans um dýpt eftir sjónarmiði og lögun flata sem afmarka sjónrýmið. Sjón er sögu ríkari á vel við í þessari upplifun.

Elín Hansdóttir fylgir sýningunni úr hlaði með listamannsspjalli á sunnudag kl. 15. Sýningarlok verða 17. maí.

**- pbb**

**> Ekki missa af…**

Síðasta sýning á Óperuperlum verður í Íslensku óperunni í kvöld. Þar fara fjórir þaulvanir söngvarar með atriði úr yfir tuttugu óperum í sviðsetningu óperustjórans, Stefáns Baldurssonar. Þau sem fram koma eru Diddú, Bjarni Thor, Ágúst Ólafs og Sigríður Aðalsteins. Sýningin hefst kl. 20.






# AÐ RÆKTA BÓKAORMA

**Á laugardag verður ellefta barna- og unglingabókaráðstefnan haldin í Gerðubergi. Þar verða fjórir fyrirlestrar haldnir um bækur og börn.**



**BÓKMENNTIR** Börn eiga rétt á að læra að lesa bækur.

Þinghaldið, sem nú er orðið árlegt, er haldið í samstarfi við Borgarbókasafnið, IBBY á Íslandi, Síung, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Upplýsingu – félag bókasafns- og upplýsingafræða og Félag fagfólks á skólasöfnum. Það hefst á morgun kl. 10.30 og stendur vel fram yfir hádegi. Fyrirlesarar eru Halla Kjartansdóttir: Að verða læs eða lens. Halla segir: „Glíman við ólæsið er stærsta og mikilvægasta verkefni bókmenntakennarans. Nemendur ættu að vera orðnir sæmilega læsir á bókmenntatexta þegar þeir koma í framhaldsskóla þar sem skilningur þeirra ætti að vaxa og dýpka í takt við þroska þeirra og reynslu. En er það raunin?“

Guðlaug Richter rithöfundur spyr: Hvernig glæðum við áhuga barna á lestri? Fyrirlesturinn fjallar um könnun sem gerð var á vegum Samtaka um Barnabókastofu síðastliðið sumar. Tilgangurinn með könnuninni var að safna upplýsingum um allt það helsta sem verið er að gera á sviði lestrarhvatningar á Íslandi.

Ingibjörg Baldursdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, hefur starfað undanfarin tólf ár á skólasafni Flataskóla í Garðabæ. Áður starfaði hún meðal annars á Borgarbókasafni og á Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur. Í erindi sínu fjallar Ingibjörg um ýmislegt sem hún hefur verið að gera til að kveikja áhuga nemenda á lestri bóka.

Brynhildur Þórarinsdóttir kallar erindi sitt: „Lestrarhestamót(un) – gæðingaskeið, slaktaumatölt og fleiri lestraríþróttir.

Í erindinu verður fjallað um bóklestur sem tómstundastarf, einkum út frá hugmyndum um bókmenntauppeldi. Rætt verður um gagnsemi bóklestrar og mikilvægi þess að foreldrar, kennarar og samfélagið allt virði barnabókmenntir og sýni lestri barna áhuga. Fundarstjóri er Silja Aðalsteinsdóttir.

**pbb@frettabladid.is**




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 21/3 kl. 14:00 U | Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 26/4 kl. 14:00 U |
| Lau 21/3 kl. 17:00 U | Sun 5/4 kl. 17:00 U | Sun 26/4 kl. 17:00 U |
| Sun 22/3 kl. 14:00 U | Sun 5/4 kl. 17:00 U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U |
| Sun 22/3 kl. 17:00 U | Lau 18/4 kl. 14:00 U | Sun 3/5 kl. 14:00 U |
| Lau 28/3 kl. 14:00 U | Lau 18/4 kl. 17:00 U | Sun 3/5 kl. 17:00 U |
| Lau 28/3 kl. 17:00 U | Sun 19/4 kl. 14:00 U | Þri 5/5 kl. 18:00 U |
| Sun 29/3 kl. 14:00 U | Sun 19/4 kl. 17:00 U | Sun 10/5 kl. 14:00 U |
| Sun 29/3 kl. 17:00 U | Lau 25/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Lau 25/4 kl. 17:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 25/3 kl. 20:00 Ö | Fim 2/4 kl. 20:00 Ö | Fim 23/4 kl. 20:00 |
| Mið 1/4 kl. 20:00 Ö | Mið 15/4 kl. 20:00 Ö | |

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. Ö | Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. Ö | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. Ö |
| Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. Ö | Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Þri 24/3 kl. 21:00 fors. Ö | Fös 3/4 kl. 21:00 Ö | Fös 24/4 kl. 21:00 |
| Fim 26/3 kl. 21:00 fors. U | Sun 5/4 kl. 21:00 | Lau 25/4 kl. 21:00 |
| Fös 27/3 kl. 21:00 frums. U | Fös 17/4 kl. 21:00 | |
| Lau 28/3 kl. 21:00 Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 21/3 kl. 13:00 U | Lau 28/3 kl. 14:30 U | Lau 18/4 kl. 14:30 |
| Lau 21/3 kl. 14:30 U | Lau 28/3 kl. 16:00 auka. | Lau 25/4 kl. 13:00 |
| Lau 28/3 kl. 13:00 U | Lau 18/4 kl. 13:00 | Lau 25/4 kl. 14:30 |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 20/3 kl. 21:00 frums. Ö | Fim 2/4 kl. 21:00 | Fös 17/4 kl. 21:00 |
| Fim 26/3 kl. 21:00 Ö | Fös 3/4 kl. 21:00 | |
| Fös 27/3 kl. 21:00 | Fim 16/4 kl. 21:00 | |


# Í Hreindýralandi um helgina

Tilraunakvikmynda- og myndbandahátíð 700.IS Hreindýralands hefst á Héraði á morgun. Er þetta í fjórða sinn sem hátíðin er haldin og er hún þriðja kvikmyndahátíðin sem efnt er til utan höfuðborgarsvæðisins.

Hátíðin verður sett í Sláturhúsinu á Egilsstöðum annað kvöld kl. 20 með ávarpi Áslaugar Thorlacius, myndlistarmanns og formanns Sambands íslenskra listamanna. Meginárhersla á hátíðinni er nú á videóinnsetningar og verða átta listamenn með verk sín í Sláturhúsinu: Andreas Templin (Þýskaland); Hrafnkell Sigurðsson (Ísland); Johanna Reich (Þýskaland); Julie Sparsö Damkjaer (Danmörk); Lana Vogestad (USA); Sigrún Lýðsdóttir (Ísland) og Tom Goulden (Bretland); Soffía Guðrún Kr. Jóhannsdóttir (Ísland). Opnuninni verður síðan fagnað frá hálftíu til miðnættis í Skjálfta í Valaskjálf þar sem Gísli Galdur, Maggi Noem og Danni Deluxxx halda uppi fjörinu með dj/vj sýningu og boðið verður upp á léttar veitingar.



**KRISTÍN SCHEVING** Listrænn stjórnandi Hreindýralands.

Á sunnudag verður svokölluð listamannaganga í Sláturhúsinu milli kl. 12 og 13.30. Þá verða allir listamennirnir á staðnum, ganga um með gestum og sitja fyrir svörum um verkin. Sama dag kl. 14 verður svo frumsýning gestasýningarstjóradagskrár á Skriðuklaustri. Um er að ræða CologneOFF, frá Köln í Þýskalandi. Þetta er úrval verka af síðustu CologneOFF hátíð, valið af Agricola de Cologne. Dagskráin tekur rúmlega klukkutíma í sýningu. Á sunnudagskvöld verður frumsýning gestasýningarstjóradagskrár í Skaftfelli á Seyðisfirði. Þetta er dagskrá frá sænsku Örebro-hátíðinni, AVS. Sýningarstjórarnir, Jonas Olsson og Eva Nilsson, verða með spjall fyrir sýninguna, en hún tekur tæpan klukkutíma.



**KVIKMYNDIR** Myndir frá verki Jóhönnu Reich.

Á mánudag verður frumsýnt sýningarstjóraprógramm í sundlauginni á Eiðum kl. 20.00. Þetta er dagskrá frá hátíðinni MOVES í Manchester í Bretlandi. Sýningarstjóri er Pascale Moyse.

Á þriðjudagskvöld er síðasta frumsýningin, en hún fer fram í Þekkingarsetri Austurlands á Egilsstöðum. Dagskráin er frá VAIA-hátíðinni á Spáni og hefst kl. 19.30, en það á sérlega vel við því að ÞNA sýnir einmitt spænskar bíómyndir á þriðjudagskvöldum kl. 20 þessar vikurnar. Sýningarstjóri VAIA er Pau Pascual Galbis.

Sýningin í Sláturhúsinu verður opin alla vikuna að minnsta kosti milli kl. 14 og 18. Hátíðinni lýkur laugardaginn 28. mars og verða þá gestaprógrömmin sýnd aftur kl. 14 um daginn.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni www.700.is.

**pbb@frettabladid.is**

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is



+ með hjartað á réttum stað

Þú ert með hjartað á réttum stað í verslunum Lyfju. Þar getur þú styrkt hjörtu landsmanna og þitt eigið með því að kaupa merki Hjartaheilla. **Merkið kostar 1.000 kr. en ágóðinn af söfnuninni rennur til kaupa á hjartagreiningartæki fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús.**

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 45588 03/09




Hvernig er þrýstingurinn?

Við í Lyfju mælum í þér blóðþrýsting og blóðfitu. Þannig færðu mikilvægar vísbendingar um heilsufar þitt. Með því tekur þú ábyrgð á eigin heilsu og getur gripið inn í með breyttu líferni til að bæta líðan þína.

**Láttu hjartað ráða för og pantaðu skoðun í Lyfju Lágmúla eða Smáratorgi.**

**Af hverjum seldum mæli renna 500 kr. til Hjartaheilla.**




**+ 15% afsláttur í mars** **MICROLIFE blóðþrýstingsmælir**
Sjálfvirkur, einfaldur í notkun og nákvæmur. Minni: 30 niðurstöður.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# Bjargey tilnefnd



Bjargey Ólafsdóttir ljósmyndari hefur verið tilnefnd til hinna virtu Leopold Godowsky, Jr. Color Photography Awards (http://www.bu.edu/prc/godowsky.htm) fyrir sýningu sína TÍRU sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Verðlaunin voru sett á laggirnar til að heiðra Leopold Godowsky Jr. sem var einn þeirra sem fann upp Kodachrome-filmuna og hefur tilkoma hennar haft gríðarmikil og varanleg áhrif í ljósmyndun. Tilgangurinn með þessum alþjóðlegu verðlaunum, sem voru fyrst veitt árið 1987, er að verðlauna framúrskarandi framlag á sviði samtíma litljósmyndunar og er valið úr tilnefningum frá virtum alþjóðlegum hópi sýningarstjóra, gagnrýnenda, ritstjóra og fagfólks á sviði ljósmyndakennslu. Meðal þeirra sem hafa hlotið verðlaunin eru Yinka Shonibare frá Nígeríu, Alex Webb, New York og Paul Seawright frá Norður-Írlandi.

Sýning Bjargeyjar, Tíra: Horfðu í ljósið heillin mín en ekki í skuggann þarna, sem stendur til 10. maí nk. er opin virka daga 12-19 og frá 13-17 um helgar. Aðgangur er ókeypis í Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

# Velur konfektmolana sjálf

Guðrún Dalía Salómonsdóttir heldur sína fyrstu einleikstónleika í Salnum á morgun en áður hefur hún haldið einleikstónleika í Listasafni Sigurjóns og í Stuttgart í Þýskalandi. Guðrún Dalía segir efnisskrá tónleikanna bera nokkurn keim af því að hún hafi stundað nám bæði í Þýskalandi og Frakklandi. „Ég er með tvær Beethoven-sónötur, sú fyrri er létt, stutt í tveimur köflum og er oft spiluð af styttra komnum nemendum – en sú síðari er síðan fyrsta virtúósa-sónatan hans. Ég ákvað að stilla þessum tveimur sónötum saman til að sýna þá miklu breidd sem er í verkum Beethovens.“ Eftir hlé slær Guðrún Dalía á mýkri, kvenlegri og franskari strengi. Þá



**TÓNLIST** Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari.

hefst efnisskráin á þremur verkum eftir Rameau, Papillons op. 2 eftir Schumann og loks þremur Prelúdíum eftir Debussy. Þegar hún er spurð hvað hafi ráðið efnisvalinu á tónleikunum segir hún: „Þetta er allt yndislega fallleg tónlist, konfektmolar sem ég fæ að velja mér sjálf. Mig langaði til að setja saman íhaldssama og hefðbundna efnisskrá. Þótt ég hafi mjög gaman af því að spila nútímatónlist, þá er ég ekki með neitt af nýjum verkum núna vegna þess að mig langaði frekar að leggja áherslu á heildstæða efnisskrá en að reyna að spanna alla tónlistarsöguna.“

Guðrún Dalía stundaði píanónám í Tónmenntaskólanum í Reykjavík og síðan við Tónlistarskólann í Reykjavík. Árið 2003 hélt hún til náms við Staatliche Hochschule für Musik og darstellende Kunst í Stuttgart og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn sumarið 2007. Hún er nú í framhaldsnámi í París. Árið 2006 fékk hún fyrstu verðlaun í háskólaflokki píanókeppni EPTA í Salnum í Kópavogi. Guðrún Dalía hefur hlotið ýmsa styrki, meðal annars úr Minningarsjóði um Birgi Einarsson apótekara og Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur. Á undanförnum árum hefur Guðrún Dalía leikið á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og í Þýskalandi, bæði sem einleikari og meðleikari. Árið 2008 flutti hún, ásamt Helgu Rós Indriðadóttur, öll útgefin sönglög Jórunnar Viðar í Salnum og á næstu vikum kemur út geisladiskur með sönglögunum. **- pbb**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## NÝJAR BÆKUR

Nýtt hefti af Þjóðmálum er komið út í ritstjórn Jakobs F. Ásgeirssonar, fyrsta hefti þessa árs. Í heftinu eru greinar og ritgerðir um þjóðmál: Björn Bjarnason skrifar grein af vettvangi stjórnmálanna, Vilhjálmur Eyþórsson skrifar þjóðarhugtakið í umræðu kringum hrunið. Gunnlaugur Jónsson ræðir vörn frjálshyggjunnar og Gísli Freyr Valdórsson fjallar um pólitískar hreinsanir. Margt fleira er í ritinu sem er 96 bls. að stærð. Bókafélagið Ugla gefur út.




Penny for your thoughts – tíu ráð til fjárfestinga og vaxtar er komin út. Í þessari bók er horft gagnrýnum augum á helstu goðsagnir viðskiptaheimsins um uppbyggingu og rekstur fyrirtækja. Bókin er skemmtilega uppsett sem handbók með lýsandi dæmum úr atvinnulífinu og eru niðurstöður hennar byggðar á viðamiklum rannsóknum á fyrirtækjum í skapandi rekstri á Norðurlöndunum. Rannsóknin sem bókin byggist á er styrkt af Norræna nýsköpunarsjóðnum. Höfundar eru Tobias Nielsén, Dominic Power og Margrét Sigrún Sigurðardóttir. Bókin er á ensku.




Leiðin til lífshamingju eftir Dalai Lama og Howard C. Cutler hefur nú verið endurútgefin í kilju, enda má ætla að þörf fólks fyrir innri frið sé með meira móti nú um stundir. Í þessari einstöku bók greinir Dalai Lama, einn fremsti andlegi leiðtogi heims, frá því hvernig hann öðlaðist sálarró og sigrast á þunglyndi, kvíða, reiði, afbrýði eða bara hversdagslegri geðvonsku. Dalai Lama er væntanlegur til Íslands í sumar. Meðan á dvöl hans stendur mun hann halda fyrirlestur í Laugardalshöll þann 2. júní kl. 15.00. Miðasala er hafin á www.midi.is. Jóhanna Þráinsdóttir þýddi og Forlagið gefur út.



# Sannleikur og myrkur

Á morgun opnar Cinzia D'Ambrosi ljósmyndasýninguna Myrkur sannleikans í Gerðubergi. Fréttamyndaserían Myrkur sannleikur: Kolanámumenn í Kína, sem er meginefnið á sýningunni, varpar ljósi á vinnuaðstæður í stærsta kolaiðnaði heims, iðnaði sem knýr áfram kínverska „efnahagsundrið". Áætlað hefur verið að að minnsta kosti 12,3 milljónir manna í heiminum séu hnepptar í nauðungarvinnu, sem myndar grunn að nútímaþrælahaldi.

Í tengslum við sýninguna ætlar Cinzia, sem er sjálfstætt starfandi blaðaljósmyndari, að bjóða upp á ljósmyndanámskeið fyrir áhugasama á aldrinum 17-25 ára ungmenni í samstarfi við Menningarmiðstöðina.



**LJÓSMYNDIR** Eitt verka Cinziu á sýningunni í Gerðubergi.
FRÉTTABLAÐIÐ/CINZIA D'AMBROSI

Þátttakendur þróa með sér grunnatriði ljósmyndunar og skilning á því hvernig maður finnur viðfangsefni, ljósmyndar þau og skrifar sögu þess þar sem myndir gegna stærra hlutverki en ritað mál. Þátttakendur þróa jafnframt með sér hæfileika í heimildarljósmyndun, rannsóknaraðferðum, klippingu, ritun skýringartexta, ritun markmiðslýsingar og sögu.

Námskeiðið stendur yfir í þrjár vikur frá 23. mars til 8. apríl og fer fram í Gerðubergi á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16-18.

Athugið að námskeiðið fer fram á ensku. Námskeiðið er ókeypis en þátttakendur þurfa að koma með eigin 35 mm SLR-myndavél eða sambærilega stafræna myndavél.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga á öðru en hefðbundinni ljósmyndatækni. - pbb

# Steinunn á Akureyri

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður heldur fyrirlestur á Akureyri í dag kl. 14.30. Fyrirlesturinn nefnir hún „Persónueinkenni í alþjóðaheimi" en þar fjallar hún um verk sín og hugmyndir sem hún sækir gjarnan í íslenskan menningararf, handverkshefð og náttúru, en vinnur á alþjóðavettvangi.

Fyrirlestur Steinunnar er hluti af fyrirlestraröð listnámsbrautar VMA, Listasafnsins á Akureyri og Menningarmiðstöðvarinnar í Grófargilii. Mun þetta vera níundi vetur fyrirlestraraðarinnar sem hefur það að markmiði að fá átta sérfræðinga úr margvíslegum geirum menningarlífsins til þess að fjalla um sín sjónarhorn á tilveruna.



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** Fatahönnuður sem fékk Menningarverðlaun DV í hönnun 2003.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 20. mars**

### → Opið Hús



Opið hús verður í **Alliance Française** við Tryggvagötu 8, fyrir þá sem hafa hug á að kynna sér franska tungu og menningu, milli kl. 10 og 18. Alliance Française, Tryggvagötu 8.

### → Sýningar

**Á Háskólatorgi** við Sæmundargötu 4 hafa nokkrir nýútskrifaðir myndlistarmenn opnað sýningu. Opið mán.-fös. kl. 7.30-22, lau. kl. 7.30-20 og sun. kl. 10-20.

Í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi, hefur verið opnuð gluggasýning í rýminu Bókabúðin. Þar sýnir **Sandra Mjöll Jónsdóttir** verk sem hægt er að skoða á öllum tímum sólarhringsins.

**Ívar Valgarðsson** hefur opnað sýningu í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

### → Tónleikar



**12.15 Tríó Reykjavíkur** verður með tónleika á Kjarvalsstöðum við Flókagötu þar sem meðal annars verða leikin stef úr **Töfraflautu Mozarts** og **Czardas** eftir **Monti**. Aðgangur er ókeypis.

**18.00 Tónskólinn Do Re Mi** fagnar 15 ára starfsafmæli sínu með tónleikum í Neskirkju við Hagatorg. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**22.00** Hljómsveitin **U2 project** verður á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri. Húsið opnar kl. 21.00.

**22.00 Tríó Robins Nolan** verður með tónleika á Café Rósenberg við Klapparstíg.

**00.00** Hljómsveitirnar **Dikta**, **Jeff Who** og **Sing for me Sandra** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### → Hönnun og tíska



**Norræni tískutvíæringurinn** í Norræna húsinu við Sturlugötu 19. mars til 5 apríl. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.nordice.is.

**12.00 Karl Aspelund** fatahönnuður og kennari við University of Rhode Island heldur fyrirlestur.

**17.00** Landslagsarkitekinn **Kristine Jensen** flytur fyrirlestur.

### → Dansleikir

Hljómsveitin **Karma** spilar á Players Bæjarlind 4 í Kópavogi.

### → Kvikmyndir

**Ítölsk kvikmyndahátíð** 20.-22. mars í Regnboganum, Hverfisgötu 54. Sýndar verða kvikmyndir eftir leikstjórann **Paolo Sorrentino**. Enskur texti.

**17.50** L'amico di famiglia

**20.10** Le conseguenze dell'amore

**22.10** L'uomo in più

### → Opnanir

**13.30 Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum** verður opnuð í Gallerí Ormi í Sögusetrinu á Hvolsvelli við Hlíðarveg. Allir velkomnir. Sýningin verður opin um helgar kl. 11-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



## > MÁ EKKI GIFTA SIG

Foreldrar Kelly Osbourne hafa bannað henni að giftast unnusta sínum, Luke Worrall, næstu fimm árin. Kelly er nýkomin úr þriðju meðferð sinni við áfengis- og eiturlyfjafíkn og þarf að taka sig saman í andlitinu að mati foreldranna. „Hvorugt þeirra er tilbúið í hjónaband,“ segir Sharon Osbourne og bóndi hennar, rokkarinn Ozzy, er innilega sammála.



# fólk

folk@frettabladid.is

# B-meistarar hitta silfurdrengi

„Við verðum örugglega með rauðan dregil,“ segir Þór Elís Pálsson, leikstjóri heimildarmyndarinnar Gott silfur gulli betra sem verður forsýnd í Kringlubíói í kvöld.

Þar verður mikið um dýrðir því íslenska handboltalandsliðið sem vann B-heimsmeistarakeppnina fyrir tuttugu árum mætir á staðinn ásamt landsliðinu sem keppir við Eista á sunnudaginn í undankeppni EM. Væntanlega verður því glatt á hjalla þegar handboltakapparnir fræknu bera saman bækur sínar og rifja upp skemmtilegar stundir.

Myndin fjallar um frækilega frammistöðu silfurdrengjanna á Ólympíuleikunum í sumar og er þetta fyrsta heimildarmynd Þórs um íþróttir. „Ég hef alltaf fylgst með handboltanum. Hann hefur alltaf verið mín uppáhaldsboltaíþrótt,“ segir hann. „Myndin spannar allt árið 2008, frá því að þeir byrja á EM í Noregi og þau leiðindi sem urðu þar og svo framhaldið. Þessi saga hefur bæði toppa og dali en hún endar mjög vel.“





**SILFURDRENGIRNIR** Kristján Arason verður væntanlega viðstaddur forsýningu á Gott silfur gulli betra.

Hann ákvað að gera myndina eftir að hinn glæsilegi árangur í Kína var í höfn. Vann hann myndina í samvinnu við RÚV, ÍSÍ og HSÍ. „Tilgangurinn með myndinni er fyrst og fremst að kynnast strákunum og hvernig þeir upplifðu þetta. Við tökum viðtöl við alla strákana og starfsfólkið í kringum þá sem heldur þeim gangandi. Þetta er skemmtileg mynd og jákvæð, sem er ekki vanþörf á í dag.“

Valgeir Guðjónsson, höfundur handboltaslagarans Við gerum okkar besta, samdi alla tónlistina í myndinni. **- fb**


Fallegar fermingargjafir

Pilgrim



Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR


# Undrabarnið í Gettu betur

**Auður Tinna Aðalbjarnardóttir hefur vakið eftirtekt í liði MH í Gettu betur. Hún er eina stúlkan sem eftir er í keppninni og gæti orðið sú fyrsta frá upphafi til að vera í sigurliði.**

„Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt. Ég held að fólk geri sér bara ekki grein fyrir því hvað þetta er skemmtilegt,“ segir Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, liðsmaður Gettu betur-liðs MH sem keppir í undanúrslitum spurningakeppni framhaldsskólanna á laugardaginn. MH dróst á móti grönnum sínum í Verslunarskóla Íslands og má fastlega búast við hörðum slag í sjónvarpssal. Stífar æfingar standa nú yfir og Auður viðurkennir að þátttaka í Gettu betur sé svolítið tímafrek. „Ef maður ætlar að æfa sig vel fyrir keppnina, já, þá er hún það. Annars fer mestur tíminn í að lesa sér til fróðleiks en ekki æfingarnar sjálfar.“

Mikla athygli vakti í átta liða úrslitunum að MH-ingar mættu í sjónvarpssal klæddir í efnafræðisloppa. Auður segir að næsti búningur verði kannski ekki alveg jafn einsleitur en þau hafi þó samráð um flíkurnar.

Auður er eina stelpan sem eftir er í keppninni og ef lið MH fer alla leið getur hún orðið fyrsta konan í sögu spurningakeppninnar sem fer með sigur af hólmi. „Ég hef alltaf litið upp til MH hvað þetta varðar því undanfarin tólf ár hefur alltaf verið stelpa í liðinu þeirra nema í fyrra,“ segir Auður. Auk þess er hún eini fyrsta árs neminn í liðunum fjórum en hún segist ekki vera neitt sérstaklega stressuð þrátt fyrir ungan aldur. „Þetta venst. Ég var smá stressuð fyrst en svo rjátlast þetta bara af manni.“ Þrátt fyrir reynsluleysi á framhaldsskólastigi ætti Auður að koma með dýrmæta sigurhefð frá spurningakeppni grunnskólanna enda var hún í sigurliði Hagaskóla í þeirri keppni á síðasta ári.



**HORFÐI ALLTAF Á GETTU BETUR** Auður Tinna segist hafa horft á Gettu betur frá unga aldri og mamma hennar hafi spáð því að hún myndi örugglega sóma sér vel í þeirri keppni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auður segist hafa horft á Gettu betur frá barnsaldri og hún hafi alltaf haft gaman af því að leggja fánýtan fróðleik á minnið. „Mamma sagði stundum við mig að ég ætti örugglega eftir að enda í Gettu betur en ég trúði því aldrei. Það var ekki fyrr en í 10. bekk að ég sá að þetta gæti verið raunhæfur möguleiki.“ Auður fór í gegnum árleg inntökupróf sem haldin eru á haustin í MH en sex efstu eru síðan metnir inn í liðið. Auður vill hins vegar ekki gefa upp hvert sé hennar sérsvið, fólk ætti hins vegar að koma auga á það þegar það horfir á þáttinn. **freyrgigja@frettabladid.is**


Snyrtivörudeild Debenhams



Frí förðun

ef keypt er fyrir 5.000 kr.

Þú velur merkið:

**Mac**
**Clarins**
**Shisedo**
**Clinique**
**Kaneboo**
**Lancome**
**Biotherm**
**Estee Lauder**
**Helena Rubinstein**

Pantaðu tíma* í 522 8015

* Í boði í dag og á morgun.

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR


# Íslandsgrein Vanity Fair út í hött

„Mér fannst þessar greinar í bæði Portfolio og Vanity Fair algjörlega út í hött og ákvað að svara þeim,“ segir Jonas Moody, bandarískur blaðamaður sem búsettur er á Íslandi.

Jonas sendir hinum virta Michael Lewis tóninn í grein sem birtist í New York Magazine fyrir skömmu og telur upp átta vitleysur sem Lewis skrifar sem staðreyndir í grein sinni fyrir Vanity Fair. Grein Lewis vakti mikla athygli þegar hún kom út fyrr í þessum mánuði og mörgum þótti blaðamaðurinn skauta nokkuð létt yfir svellið. „Þessum Lewis virðist eitthvað uppsigað við íslenska karlmenn, hann lendir í einhverjum leiðindum í flugvélinni á leiðinni hingað og endar á því að vera kvikindislegur í garð þeirra og kennir þeim alfarið um kreppuna,“ segir Moody sem sjálfur er giftur íslenskum manni. Lewis gangi jafnvel svo langt að segja íslenska karlmenn óaðlaðandi í augum kvenkynsins og það sé meðal annars ein af ástæðum kreppunnar.

Moody telur upp átta atriði í grein Lewis sem hann segir að ekki eigi við rök að styðjast. Þannig séu bílasprengjur og skíðlogandi Range Roverar ekki daglegt brauð í Reykjavík, Íslendingar séu ekki úrkynjaðasta þjóð heims heldur hafi einfaldlega haldið vel utan um ætterni sitt og að ekki sé til álfaráð á vegum ríkisstjórnarinnar. „Ekki nema Lewis haldi að við förum með Hogwart-hraðlestinni í vinnuna á morgnana,“ skrifar Moody.

Og töluvert af athugasemdum hafa birst við grein Moodys á vef New York Magazine. Einum Íslendingnum sárnaði töluvert þegar hann las grein Lewis í Vanity Fair. „Ég hef aldrei orðið eins móðgaður og þegar ég sá blaðið,“ segir viðkomandi. Annar bætir því við að hann hafi ekki trúað sínum eigin augum þegar hann sá Lewis lýsa Íslendingum sem einsleitum. „Ég hef komið til Reykjavíkur og þar eru ljóshærðar, fallegar konur á hverju strái, mér leið eins og ég væri í Stokkhólmi.“ Bandaríkjamaður blandar sér í umræðuna og segir að ef bandaríska þjóðin væri alltaf að leiðrétta alla vitleysuna sem skrifuð er um hana hefði hún fátt annað að gera en að skrifa greinar eins og Moody. **- fgg**



**ÓSÁTTUR** Jonas Moody er ósáttur við grein Michaels Lewis í Vanity Fair og sendir honum tóninn í grein sem birtist í New York Magazine.


Auglýsingasími 512 50 50

# Rihanna í Lífvörðinn

Breska poppstjarnan Rihanna hefur verið töluvert á síðum slúðurblaðanna eftir að unnusti hennar, Chris Brown, lagði hendur á hana áður en Grammy-verðlaunin voru afhent. Og nú er orðrómur á kreiki um að Rihanna muni jafnvel taka að sér hlutverk frægrar söngkonu í endurgerð The Bodyguard (Lífvörðurinn). Svo skemmtilega vill til að sú sem lék aðalhlutverkið í upprunalegu myndinni var Whitney Houston en eiginmanni hennar, Bobby Brown, var nokkuð laus höndin.

Vefmiðlar hafa þó leyft sér að efast um að einhver fótur sé fyrir þessari sögusögn, menn sjái einfaldlega mikil líkindi í daglegu lífi Rihönnu og Whitney Houston og því fari svona sögur á kreik. Ef af verður má teljast ólíklegt að Kevin Costner endurtaki leikinn frá því síðast enda eru 33 ár á milli hans og Rihönnu. Ekki það að slíkur aldursmunur myndi stoppa Costner.



**Í BÍÓ** Ríhanna er sögð vera í viðræðum um að leika í endurgerð af The Bodyguard eða Lífverðinum sem Whitney Houston lék í á sínum tíma.

# Gefur út Alltihop

Sænski tónlistarmaðurinn Mikael Lind gefur út plötuna Alltihop á mánudag. Hinn 28 ára Mikael hefur verið niðursokkinn í raftónlist frá þrettán ára aldri og heldur mikið upp á flytjendur á borð við Aphex Twin, Boards of Canada og Autechre. Honum finnst raftónlist þó hafa skort frumlegheit síðustu ár og hefur því leitað að innblæstri í klassískri tónlist og jafnvel poppi.

Mikael, sem er tungumálafræðingur að mennt, hefur búið á Íslandi í þrjú og hálft ár og vinnur í bókabúð Máls og menningar. Nánari upplýsingar um hann má finna á Myspace.com/mikaellind eða á bloggsíðu hans Mikaellind.blogspot.com.



**MIKAEL LIND** Sænski tónlistarmaðurinn gefur út plötuna Alltihop á mánudag.



**DIKTA** Hljómsveitin Dikta heldur tónleika á Sódóma Reykjavík í kvöld ásamt Jeff Who?. MYND/REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR

# Samningur trúnaðarmál

Hljómsveitin Dikta hefur leigt sjónvarpsstöðinni MTV réttinn að nokkrum lögum sínum. Þau verða notuð í sjónvarpsþáttum sem MTV er að framleiða fyrir næsta vetur. „Það er trúnaðarmál sem ég má ekki ræða," segir söngvarinn Haukur Heiðar Hauksson um upphæð samningsins.

Aðdragandinn er sá að Dikta var að spila í Los Angeles í ágúst í fyrra. Tónleikarnir gengu mjög vel en það var ekki fyrr en nokkru síðar sem MTV hafði samband. „Það var gaur frá MTV á staðnum og hann var gríðarlega hrifinn og vildi leigja lögin," segir Haukur. Næstu tónleikar Diktu verða á Sódómu Reykjavík í kvöld ásamt Jeff Who?. Þar mun sveitin spila ný lög af væntanlegri plötu sinni.



**ANTONIO BANDERAS** Spænski leikarinn hefur fest kaup á vínekru í föðurlandi sínu.

# Keypti sér vínekru

**Spænski hjartaknúsarinn Antonio Banderas hefur fest kaup á vínekru í föðurlandi sínu. Um helmingshlut er að ræða í glæsilegri 230 hektara vínekru við bakka Duero-árinnar í norðurhluta Spánar. Hinn 48 ára Banderas hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um vín og ákvað að láta gamlan draum rætast með viðskiptunum.**

**Leikarinn bætist þar með í hóp þekktra vínekrueigenda á Spáni á borð við kollega sína Michael Douglas og Gerard Depardieu og spænska söngvarann Joan Manuel Serrat.**






| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH... | kl. 3:40D - 5:50D - 8D - 10:20 | L |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 5 - 8:10 - 10:10D | 16 |
| WATCHMEN | kl. 10:10 | |
| ELEGY | kl. 8 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 3:40 | L |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:30 | L |
| ROLE MODELS | kl. 5:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 3:40D - 5:50D - 8D | L |
| WATCHMEN | kl. 10:10D | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH... | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 | L |
| BLÁI FÍLLINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| DUPLICITY | kl. 8 - 10 | L |
| WATCHMEN | kl. 5 - 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| BLÁI FÍLLINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| DEFIANCE | kl. 10:30 | 16 |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 4 | L |
| WATCHMEN D | kl. 4.50 - 8 - 11.10 | 16 |
| WATCHMEN LÚXUS D | kl. 8 - 11.10 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 | L |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 8 - 10.10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| KILLSHOT | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| FANBOYS | kl. 5.50 | L |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 | L |
| THE FAMILY FRIEND | kl. 6 | L |
| THE CONSEQUENCES OF LOVE | kl. 8 | L |
| ONE MAN UP | kl. 10.10 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 5.50 | L |
| MILK | kl. 8 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 10.20 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 5.40, 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN - Ísl. tal | kl. 4(650kr) | L |
| WATCHMEN - POWER | kl. 7 og 10 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 4 - Ísl.tal | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |


# GusGus spilar nýju lögin

Hljómsveitin Gus Gus heldur sína fyrstu tónleika á árinu á skemmtistaðnum Nasa í kvöld. Gus Gus spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra við mjög góðar undirtektir.

Sveitin er að leggja lokahönd á sína sjöttu plötu sem hefur fengið nafnið 24/7 og kemur út 6. júlí hjá hinu virta þýska útgáfufyrirtæki Kompakt. Á henni verða fimm lög, alls 55 mínútur að lengd, og verða þau spiluð á tónleikunum í kvöld ásamt eldra efni.

President Bongo, eða Stephan Stephensen, lofar skemmtilegum tónleikum. „Við erum í fantaformi. Þó að við höfum ekkert spilað í rúma þrjá mánuði, eða síðan 10. desember í Berlín, þá höfum við verið að spila þessi nýju lög síðan síðasta sumar,“ segir hann.



**GUS GUS** Hljómsveitin Gus Gus heldur sína fyrstu tónleika á árinu á Nasa í kvöld.

Til að fylgja 24/7 eftir verða þremenningarnir í Gus Gus duglegir við tónleikahald í sumar. Þegar hafa þeir verið bókaðir á Total 10-hátíðina í Köln og á Sonar-hátíðina í Barcelona í júní. Þar koma einnig fram Grace Jones, Fever Ray og The Orbital.

Auk Gus Gus-plötunnar hefur Kompakt ákveðið að gefa út endurhljóðblöndun þeirra Gluteus Maximus (President Bongo og Jack Schidt) á Sigur Rósar-laginu Gobbledigook í júní. Vafalaust bíða margir spenntir eftir þessari nýju útáfu. **- fb**

# Sviplegt fráfall Richardson

**Breska leikkonan Natasha Richardson er látin, 45 ára að aldri. Hún lést á sjúkrahúsi í New York umvafin fjölskyldu sinni eftir að hafa orðið fyrir höfuðmeiðslum á skíðum í Kanada.**



**NATASHA RICHARDSON** Breska leikkonan er látin, 45 ára að aldri. Hún lætur eftir sig eiginmanninn Liam Neeson og tvo syni. NORDICPHOTOS/AFP

Upplýsingafulltrúi leikarans Liams Neeson, eiginmanns Richardson, tilkynnti andlát hennar í yfirlýsingu sinni. „Liam Neeson og synir hans (hinir 12 og 13 ára Michael og Daniel) og öll fjölskyldan eru í miklu uppnámi vegna sviplegs andláts þeirra heittelskuðu Natasha. Þeir eru mjög þakklátir fyrir allan stuðninginn og hlýjuna sem þeir hafa fengið en hafa óskað eftir næði á þessum erfiðu tímum.“

Richardson meiddist á höfði er hún datt í skíðatíma hjá einkakennara. Meiðslin virtust ekki alvarleg í fyrstu en klukkutíma eftir slysið að kvartaði hún yfir höfuðverk og var í framhaldinu flutt á sjúkrahús. Þar lést hún eftir að slökkt var á öndunarvél sem hún var tengd vegna alvarlegs heilaskaða sem hún hafði orðið fyrir.

Afar óvenjulegt er að fólk látist af völdum höfuðhöggs af þessu tagi. Virtur taugalæknir, Chris Chandler sem starfar við King's College-sjúkrahúsið í London, sagði í viðtali við BBC að það gæti tekið nokkrar klukkustundir fyrir högg sem virðast minni háttar í fyrstu að hafa áhrif. Ef ekkert væri að gert gæti sjúklingurinn fallið í dá. „Högg á höfuðið getur valdið mari eða rifið upp æð sem blógnar smám saman upp og orsakar þrýsting í höfuðkúpunni,“ sagði hann. „Ef ekki er létt á þessum þrýstingi getur hann leitt til dauða.“

Richardson var elsta dóttir Óskarsverðlaunaleikkonunnar Vanessu Redgrave og leikstjórans Tony Richardson sem er látinn. Hún lék í myndum á borð við Nell, Maid in Manhattan og The Parent Trap, þar sem ungstirnið Lindsay Lohan lék á móti henni. „Hún var yndisleg kona og leikkona og kom fram við mig eins og ég væri hennar eigin stelpa,“ sagði Lohan. „Hugur minn er hjá fjölskyldu hennar. Þetta er hræðilegur missir.“

Auk þess að leika í kvikmyndum var Richardson öflugur sviðsleikari á Broadway. Hún vann Tony-verðlaunin árið 1998 fyrir hlutverk sitt í Cabaret og á meðal annarra leikrita sem hún lék í voru Closer og A Streetcar Named Desire.





DUBBELDUSCH

eftir Björn Hlyn Haraldsson

5 GRÍMUTILNEFNINGAR

Besta aðalleikkona. Besti aðalleikari. Besta sýning. Besta leikrit. Besta tónlist.

SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

Sýning í kvöld kl. 20[00] Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is


KILLSHOT
DIANE LANE
MICKEY ROURKE
THOMAS JANE
JOSEPH GORDON-LEVITT
AND ROSARIO DAWSON
ÆSISPENNANDI ÞRILLER MEÐ DIANE LANE
OG MICKEY ROURKE Í AÐALHLUTVERKUM!
FRUMSÝND 20. MARS
WWW.SENA.IS/KILLSHOT
SENDU SMS ESL KSV
Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR, GOS OG MARGT FLEIRA!
9. HVER
VINNUR!
BÍÓMIÐI
SMS
LEIKUR
Sony Ericsson
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

## > Björgólfur búinn að semja

Björgólfur Takefusa hefur gengið frá samningi við KR sem gildir til loka næstu leiktíðar. Þetta staðfesti Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, í samtali við Fréttablaðið. Björgólfur var efins um hvort hann ætlaði að halda áfram í knattspyrnu eftir að síðasta tímabili lauk en eins og hann sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir nokkru vaknaði áhuginn á ný nú á vormánuðunum.



sport
sport@frettabladid.is

ALEXANDER PETERSSON: SÉR FRAM Á BJARTARI TÍMA MEÐ BETRI HEILSU OG ÖÐRU BARNI

# *Get vonandi spilað með landsliðinu í sumar*

Landsliðsmaðurinn Alexander Petersson hefur verið lengi á hliðarlínunni sökum erfiðra axlarmeiðsla. Það er loksins að birta til hjá hörkutólinu og hann byrjaði að æfa með félögum sínum í Flensburg í síðustu viku.

Reyndar má hann ekki fara í neinar snertingar enn sem komið er enda tekur Flensburg ekki neina áhættu með öxlina á honum. Alexander fór í aðgerð á hægri öxlinni nú í nóvember og getur því kastað þar sem hann er örvhentur. Hann hafði lengi verið að hlaupa einn áður en hann fékk að koma á æfingar og hann neitar því ekki að vera fullur óþreyju yfir að komast almennilega af stað.

„Þetta er búinn að vera frekar erfiður tími. Fyrstu tveir mánuðirnir voru alveg hræðilegir. Ég gat ekki hreyft hendina, svaf ekki neitt og var bara ónýtur," sagði Alexander við Fréttablaðið í gær en hann hitti lækni í gærkvöldi og var að vonast eftir að fá grænt ljós á að geta farið að æfa almennilega í næstu viku.



„Ég fór svona smám saman að sjá ljós við enda gangsins. Öxlin fór að styrkjast og ég gat farið að hreyfa mig. Hún er samt enn mjög veik og ég þarf að passa hana. Það er raunhæft að segja að ég geti farið að spila á ný í byrjun maí," sagði Alexander sem gengur oft undir nafninu vélmennið enda vílar hann ekki fyrir sér að spila meiddur. Hann spilaði til að mynda kjálkabrotinn eitt sinn með landsliðinu.

„Ég er að vonast til þess að geta spilað með landsliðinu í sumar. Ég sá leikinn við Makedóníu heima og samgladdist strákunum sem stóðu sig frábærlega. Ég var allur á iði í sófanum og hreyfði hendurnar með sama hvort liðið var í vörn eða sókn. Ég var á staðnum en samt ekki. Þessi úrslit eru mögnuð og sýnir hvað við erum með frábæran þjálfara," sagði Alexander kátur. Alexander og unnusta hans, Eivor Pála Blöndal, eiga von á barni eftir þrjár vikur, öðrum syni. „Ég er að safna slagsmálahundum í íslenska landsliðið," sagði Alex og hló létt. „Það verður nóg að gera hjá okkur næstu mánuði sem



**ÞJÁLFARINN** Á æfingu með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJORIVIC

Landsliðsmenn komnir heim:

## Sváfu ekkert

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið kom til landsins skömmu fyrir kvöldmatarleytið í gær eftir langt og strangt ferðalag frá Makedóníu. Það hófst með því að þeir fóru frá hótelinu í Skopje klukkan þrjú um nóttina, flugu til Búdapest og þaðan til Frankfurt og loks heim.

„Þetta var 15-16 tíma ferðalag," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. „Og við náðum auðvitað ekkert að sofa. Við misstum einfaldlega úr eina nótt. Við erum því nokkuð þreyttir." - esá

Arnór Atlason meiddur:

## Ekki með gegn Eistlandi

**HANDBOLTI Það er nú ljóst að Arnór Atlason verður ekki með íslenska landsliðinu gegn Eistlandi á sunnudaginn. Arnór meiddist á læri á æfingu landsliðsins á mánudaginn og er einnig meiddur á hné.**

**„Ég fer til læknis í fyrramálið (í dag) og gæti jafnvel komið til greina að fara í speglunaraðgerð á hnénu. Hnéð er bólgið þó svo að ég hafi fengið bólgueyðandi sprautu fyrir nokkrum vikum. Það þýðir ekki að eitthvað er að þó svo að ekkert óeðlilegt hafi sést í myndatökum," sagði Arnór.**

**Meiðslin á lærinu gera það að verkum að hann verður frá næstu 2-3 vikurnar.** - esá

# Við þurfum kannski að hringja í Geof

Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli eru komnir í undanúrslit Iceland Express-deildar karla á móti Grindavík eftir 73-71 sigur í spennandi oddaleik á móti bikarmeisturum Stjörnunnar í Hólminum í gær.

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingum tókst loksins að vinna leik þegar tímabilið var undir þegar þeir unnu 73-71 sigur á Stjörnunni í oddaleik liðanna í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta. Snæfell hafði tapað fjórum slíkum leikjum í röð fyrir leikinn í gær og um tíma í lokin var eins og félagið ætlaði að kasta frá sér leiknum.

Snæfellsliðið var með frumkvæðið allan leikinn en baráttuglaðir Stjörnumenn gáfust aldrei upp og Hólmurum ætlaði síðan aldrei að takast að landa sigrinum á lokasekúndunum sem drógust á langinn.

„Þessi leikur var alveg stórmerkilegur og þessi endir var alveg fáránlegur. Fyrst náðu þeir að plata dómarana til þess að láta mig taka vítin. Það var gott trix hjá þeim því ég var ekki búinn að hitta mikið af þeim undanfarið. Þá byrjaði einhver atburðarrás þar sem alltaf var verið að stoppa og bæta við tímann. Þetta ætlaði ekki að klárast," sagði Hlynur Bæringsson, annar þjálfara Snæfells, eftir leikinn.

„Ég var kannski ekki nógu stressaður fyrir leikinn því mér er alveg sama þótt við hefðum dottið út á móti Stjörnunni. Ef við hefðum ekki unnið þennan leik þá hefðum við ekkert átt í Grindavík að gera. Takmarkið hjá mér er bara að vinna titilinn og tímabilið hjá mér er ekkert betra sama hvort ég fer í úrslit eða undanúrslit," sagði Hlynur Bæringsson sem sér alltaf hlutina á sinn einstaka hátt. Snæfell mætir Grindavík í undanúrslitunum.

Stjörnumenn voru með frumkvæðið framan af leik og voru 14-12 yfir þegar rúmar tvær mínútur voru eftir af fyrsta leikhlutanum. Snæfellsliðið náði þá góðum og löngum spretti. Stjörnuliðið skoraði bara þrjú stig á átta mínútum og á meðan breyttu Hólmarar stöðunni úr 12-14 í 30-17. Snæfell var



**SIGURÐUR ÞORVALDSSON** Skoraði sautján stig fyrir Snæfell í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ellefu stigum yfir í hálfeik, 38-27. Stjörnumenn komu grimmir inn í seinni hálfleikinn, fóru að hitta betur og komu sér inn í leikinn.

Það virtist þó vera sem mistök Justins Shouse 1 mínútu og 55 sekúndum fyrir leikslok væru að kosta Garðbæinga leikinn. Justin lét Hlyn stela af sér boltanum og fékk síðan á sig óíþróttamannslega villu. Jón Ólafur Jónsson setti bæði vítin niður og Snæfell var komið með 7 stiga forskot, 70-63, og boltann.

Slobodan Subasic gekk þá eiginlega í lið með Stjörnumönnum með því að stoppa klukkuna, braut þrisvar af sér í röð og endaði á að brjóta á Fannari Frey Helgasyni í þriggja stiga skoti og áður en heimamenn vissu af voru Stjörnumenn komnir með möguleika á að senda þá í sumarfrí.

Sóknarleikur Snæfells í seinni hálfleik var hægur og vandræðalegur og Hlynur gerir sér grein fyrir að þar þarf liðið að bæta sig. „Við vorum svolítið í basli með sóknarleikinn í þessari seríu. Við þurfum að finna einhver svör til þess að fá betra flæði í þetta. Við þurfum kannski að hringja í Geof [Kotila, fyrrum þjálfara Snæfells] til að fá svörin við þessu því við erum að láta hanka okkur á smáatriðum sem eru að frysta sóknarleikinn hjá okkur," sagði Hlynur. Hann viðurkenndi að þeim hefði gengið hræðilega að dekka sinn gamla félaga Justin Shouse sem kom nánast að öllum körfum Stjörnuliðsins í seríunni.

„Það er alltaf erfitt að tapa síðasta leiknum en það gerðust margir góðir hlutir hjá liðinu í vetur. Vonandi fara þeir sem lengst í úrslitakeppninni og láta okkur líta betur út," sagði Justin eftir leikinn Hann var skiljanlega svekktur eins og þjálfarinn því það munaði svo litlu hjá þeim í lokin en það var líka auðvelt fyrir þá að vera ánægðir með tímabilið.

„Ég er gríðarlega stoltur af strákunum. Andrúmsloftið var mjög dauft þegar ég kom í desember en núna er þetta árið sem þessi strákar muna eftir allavega er það svoleiðis fyrir mig. Ég er ofboðslega sáttur með veturinn. Það vantar ekki mikið í þetta lið til þess að það komist í fremstu röð," sagði Teitur Örkygsson, þjálfari Stjörnunnar.

ooj@frettabladid.is




Skiptum um bremsuklossa strax í dag hjá Max1.
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel. Og ódýrt einnig.

MAX1

**Eru bremsurnar búnar?**

**Fáðu fast verð hjá Max1 í dag**

Skoðaðu verðdæmin hér að neðan.
Komdu við hjá Max1 í dag
og fáðu þér kaffi.

**Max1 verðdæmi – bremsuklossaskipti að framan:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Árg. 2002–2007 | Varahlutir og vinna: | 13.013 kr. |
| Nissan Almera | 1,4 | Árg. 1995–2007 | Varahlutir og vinna: | 12.685 kr. |
| VW Golf V Plus | 1,4 16v | Árg. 2005–2007 | Varahlutir og vinna: | 14.541 kr. |
| Honda Civic HB | 1,6 16v | Árg. 1991–1995 | Varahlutir og vinna: | 14.472 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Árg. 1999–2004 | Varahlutir og vinna: | 14.536 kr. |

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt, vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN


Nick Bradford, Grindavík, tæpur fyrir úrslitakeppnina:

## Rotaðist og þurfti tólf spor í andlitið

**KÖRFUBOLTI** Óvíst er hvort Nick Bradford, leikmaður Grindavíkur, getur spilað með sínum mönnum í undanúrslitum úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla.

Bradford féll í yfirlið eftir að hafa fengið sprautu í hnéð vegna meiðsla. Hann féll í gólfið með þeim afleiðingum að hann rotaðist og sauma þurfti tólf spor í andlit hans.

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið að talið sé að blóðþrýstingur Bradfords hafi hríðfallið með fyrrgreindum afleiðingum.



„Hann skall bara með andlitið á undan sér á flísarnar. Ég var með hann í fanginu með opin augun og hann fékk krampakast í kjölfarið. Ég vissi ekki hvort maðurinn væri að fá hjartaáfall eða hvað. Hann fékk stóran skurð á hökuna og það blæddi úr eyrunum á honum, svo ég var mjög smeykur," sagði Friðrik.

Bradford gisti á spítala í fyrrinótt og er líðan hans góð eftir atvikum.

„Ég er að gera mér vonir um að hann spili með okkur á manudaginn. Hann er merkilega brattur þrátt fyrir allt." - esá, bb

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla*

**Snæfell - Stjarnan 73-71**

Stig Snæfells: Jón Ólafur Jónsson 20, Sigurður Þorvaldsson 17 (9 fráköst), Hlynur Bæringsson 14 (12 fráköst), Lucious Wagner 10 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Magni Hafsteinsson 6, Slobodan Subasic 4, Atli Hreinsson 2.

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 16, Justin Shouse 16 (8 stoðsendingar), Ólafur Sigurðsson 13, Fannar Freyr Helgason 11 (10 fráköst), Guðjón Lárusson 8, Kjartan Atli Kjartansson 7.

**NÆSTU LEIKIR**

**Sunnudagur 22. mars: KR - Keflavík**
Mánudagur 23. mars: Grindavík - Snæfell

*UEFA-bikarkeppnin:*

**Metalist Kharkov - Dynamo Kiev 3-2**
Dynamo Kiev komst áfram á útivallarmörkum.
**Shakhtar Donetsk - CSKA Moskva 2-0**
Shakhtar Donetsk vann samanlagt, 2-1.
**Zenit St. Pétursborg - Udinese 1-0**
Udinese vann samanlagt, 2-1.
**Galatasaray - Hamburger SV 2-3**
Hamburger SV vann samanlagt, 4-3.
*Tveimur leikjum var ólokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.*


FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGAR TILBOÐUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
LACIE
500GB
LACIE HARÐISK FLAKKARI
14.900
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
22"
Hágæða Hanns G LCD skjár
29.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Leonardo DiCaprio

„Ég er mjög ólíkur þeim persónum sem ég hef leikið. Mér finnst tilhugsunin um að leika sjálfan mig eða einhvern sem að líkist mér ákaflega óspennandi.“ DiCaprio leikur í kvikmyndinni The Man in the Iron Mask sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILL KÓSÍ PAR EXCELLENCE

# *Tími stórviðburða er liðinn*

Góðærið margumrædda var tímabil stöðugs áreitis. Tíminn þar sem sjónvarpsstöðvarnar hækkuðu í magnaranum þegar auglýsingarnar runnu yfir skjáinn svo að maður neyddist til að lækka í kynningunum á öllum þeim tækjum og tólum sem maður þurfti að eignast til að vera maður með mönnum. Góðærið var taumlaus gleði þar sem allir voru frægir og ríkir, allir voru í sjónvarpi og til að sjónvarpsþáttur þætti góður varð hann helst að vera hávaðasamur, framandi og umfram allt, alls ekki íslenskur, slíkt var hallærislegt. En góðærið er liðið og nú er tími Íslands runninn upp í sjónvarpi og þjóðin horfist í augu við að hún er það sem hún er. Hún er ekki lítil útgáfa af Ameríku heldur sérkennilegt samansafn eyjarskeggja í Norður-Atlantshafi.

Það fór þannig um mig sæluhrollur þegar Ómar Ragnarsson og Egill Helgason rifjuðu upp kvæðaþátt sem sýndur var á RÚV, í bókaþættinum Kiljunni. Þar mátti sjá dómkirkjuprest og alþingismann fara með hálfkveðnar vísur um menn og málefni. Sjónvarpsþátturinn Útsvar er í svipuðum flokki, hæfilega asnalegur sjónvarpsþáttur í ljótu myndveri þar sem sveitamenn og borgarbúar takast á um hvorir séu gáfaðri. Útsvar er svona týpískur íslenskur þáttur sem vafalítið verður rifjaður upp árið 2040.

Sjónvarpsstöðvarnar verða að átta sig á því að stór hluti þjóðarinnar er ein taugahrúga sem veit ekki hvort vinnustaðurinn lifir af vikuna. Hún hefur því lítið að gera við uppskrúfaða ameríska dellu eða stóra viðburði þar sem spennan er í hámarki með tilheyrandi ljósasjóvi heldur þarf hún nauðsynlega á einhverju notalegu og íslensku að halda á meðan hún poppar og drekkur djús.



## FÖSTUDAGUR



▶ **20.00 Beerfest** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30 Stelpurnar** STÖÐ 2



▶ **22.00 Battlestar Galactica** SKJÁREINN



▶ **22.10 Leikurinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Dansað á fáksspori** Þáttaröð um Meistaramót Norðurlands í hestaíþróttum. (e)

**15.50 Leiðarljós** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar** (10:26)

**17.47 Músahús Mikka** (47:55)

**18.10 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (4:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson og Luke Ward-Wilkinson. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.40 Njósnarar** (Spies) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1992. Sagan gerist árið 1942 og segir frá 12 ára strák sem sér njósnara alls staðar og lendir í ótrúlegum ævintýrum eftir að hann kynnist tveimur krökkum frá London. Leikstjóri er Kevin Connor og meðal leikenda eru David Dukes, Shiloh Strong, Matthew Steer og Karen Salt.

▶**22.10 Leikurinn** (The Game) Bandarísk bíómynd frá 1997. Auðugur einfari í San Francisco fær einkennilega afmælisgjöf frá bróður sínum og verður ekki samur maður á eftir. Leikstjóri er David Fincher og meðal leikenda eru Michael Douglas, Sean Penn, Deborah Kara Unger og Armin Mueller-Stahl. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Pink Panther**

**10.00 Over the Hedge**

**12.00 The Truth About Love**

**14.00 The Pink Panther**

**16.00 Over the Hedge**

**18.00 The Truth About Love**

▶**20.00 Beerfest** Gamanmynd um tvo bræður sem láta draum sinn rætast og fara til Þýskalands á októberfest.

**22.00 Man in the Iron Mask** Skytturnar þrjár snúa bökum saman og ætla að steypa Loðvík 14. Frakklandskonungi af stóli með dyggri aðstoð tvíburabróður konungs.

**00.10 The Omen**

**02.00 Damien: Omen II**

**04.00 Man in the Iron Mask**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (277:300)

**10.15 Sisters** (10:28)

**11.05 Ghost Whisperer** (57:62)

**11.50 Numbers**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (150:260)

**13.25 Wings of Love** (31:120)

**14.10 Wings of Love** (32:120)

**14.55 Wings of Love** (33:120)

**15.40 A.T.O.M.**

**16.03 Camp Lazlo**

**16.23 Bratz**

**16.48 Nornafélagið**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (24:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.10 Veður**

**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**20.00 Idol stjörnuleit** (6:14) Tíu efnilegir söngvarar keppa til úrslita í beinni útsendingu og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir halda áfram með símakosningu.

▶**21.30 Stelpurnar** (1:20) Á meðan símakosning stendur yfir í Idol stjörnuleit er kjörið að rifja upp nokkra bestu brandarana frá fyndnustu stelpum Íslands.

**21.55 Idol stjörnuleit**

**22.20 Danny the Dog** Hasarmynd úr smiðju Luc Besson með Jet Li í aðalhlutverki. Li leikur mann sem alinn var upp í þrældómi hjá miskunnarlausum eigendum. Honum tekst að sleppa en það reynist honum erfitt að lifa eðlilegu lífi því óprúttnir aðilar ásælast mjög þetta dýrmæta dýrseðli hans.

**00.00 The Badge**

**01.40 The Gingerbread Man**

**03.30 Cheaper By The Dozen 2**

**05.05 Ghost Whisperer** (57:62)

**05.50 Friends** (24:24)

## SPORT *besta sætið*

**19.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**19.30 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**19.55 Spænski boltinn - Fréttaþáttur** Hver umferð fyrir sig skoðuð í bak og fyrir. Leikir helgarinnar skoðaðir og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**20.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**20.55 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**21.40 World Series of Poker 2008** Hér mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

**22.35 Iceland Express-deildin 2009** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

**00.05 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**00.30 Boston - San Antonio** Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Bolton - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Arsenal - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.50 PL Classic Matches** Tottenham - Newcastle, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Hull - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.20 Game Tíví** (7:15) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Game Tíví** (7:15) (e)

**12.40 Óstöðvandi tónlist**

**17.05 Vörutorg**

**18.05 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.50 Káta maskínan** (7:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar. (e)

**19.20 One Tree Hill** (8:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. (e)

**20.10 Survivor** (4:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.

**21.00 Spjallið með Sölva** (5:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.

▶**22.00 Battlestar Galactica** (5:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst með klassískri baráttu góðs og ills.

**22.50 Painkiller Jane** (6:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit.

**23.40 Flashpoint** (9:13) (e)

**00.30 The Dangerous Lives Of Altar Boys** (e)

**02.00 Jay Leno** (e)

**02.50 Jay Leno** (e)

**03.40 Vörutorg**

**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn Hrafnaþings kemur saman: Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm.

**21.00 Mér finnst** Í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur, Katrínar Bessadóttur og Láru Ómarsdóttur. Konur láta í sér heyra hvað þeim finnst um samfélagið í dag.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Idol Stjörnuleit – úrslitakeppni

Úrslit eru nú hafin í Vetrargarðinum í Smáralindinni. Tólf efnilegir söngvarar keppa til úrslita í beinni útsendingu og það er á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir halda áfram með símakosningu. Þema kvöldsins er „Idolið mitt“ þar sem keppendur flytja lög eftir átrúnaðargoð sín við undirleik húsbands Idolsins. Seinni þátturinn er á dagskrá kl. 21.55, þar sem niðurstöður símakosningar eru kunngjörðar og þar með upplýst hver fellur úr leik að þessu sinni.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Spjallið með Sölva
### SkjárEinn kl. 21.00

Hér er á ferðinni nýr og ferskur umræðuþáttur þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Gestir Sölva í kvöld eru Geir H. Haarde og handboltafeðgarnir Logi Geirsson og Geir Hallsteinsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (149:260)
**16.30 Hollyoaks** (150:260)
**17.00 Ally McBeal** (16:24)
**17.45 The O.C.** (13:27)
**18.30 20 Good Years** (13:13)
**19.00 Hollyoaks** (149:260)
**19.30 Hollyoaks** (150:260)

▶**20.00 Ally McBeal** (16:24) Cage og Ling verja bókabúðareiganda sem varð gjaldþrota vegna þess að stjórnmálamaður hélt því fram að hann seldi klám í búðinni. Ally og Billy takast á við eftirskjálfta kossins.

**20.45 The O.C.** (13:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**21.30 20 Good Years** (13:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta. Með aðalhlutverk fara John Lithgow og Jeffrey Tambor úr Arrested Development.

**22.00 The Mentalist** (6:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.

**22.45 Twenty Four** (8:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**23.30 Auddi og Sveppi**
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.30** My Hero **15.00** Blackadder the Third **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** My Hero **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder the Third **20.10** Extras **20.40** The Catherine Tate Show **21.10** Lead Balloon **21.40** Rob Brydon's Annually Retentive **22.10** Blackadder the Third **22.40** My Hero **23.10** Extras **23.40** The Catherine Tate Show **00.10** Lead Balloon

## DR 1

**10.00** Mission. Baby **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Hammerslag **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Amigo **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **21.00** Reimers **21.40** Bandits **23.40** Hvide nætter

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Grønn glede **10.30** Landgang **11.00** NRK nyheter **11.10** Ut i nærturen **11.25** V-cup langrenn **12.15** V-cup hopp **12.55** V-cup langrenn **13.50** V-cup langrenn **14.10** V-cup hopp **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ugleskogen **17.10** Mumfie **17.25** Charlie og Lola **17.35** Leon **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen. Livvaktene **22.05** Kveldsnytt **22.20** I tjukt og tynt **23.20** Gasolin

## SVT 1

**10.00** Om familj **11.00** Rapport **11.20** Skidor **12.20** Mat och grönt på Friland **12.50** Skidor **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Grillad **20.45** Hundtricket **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Wilbur **00.30** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta aðallega á létta og notalega tónlist. Ég hlusta mest á Léttbylgjuna og svo stendur Friðrik Karlsson alltaf fyrir sínu.“*

Sigurlaug G. Ingólfsdóttir, jógakennari og heilari.



**LÁRÉTT**
2. á bíl, 6. íþróttafélag, 8. traust, 9. blástur, 11. samanburðartenging, 12. fyrirtak, 14. óbyggðir, 16. tveir eins, 17. reik, 18. skörp brún, 20. tveir eins, 21. göngulag.

**LÓÐRÉTT**
1. þurrka út, 3. stefna, 4. sáldrar, 5. fiður, 7. hátign, 10. haf, 13. hreinn, 15. sjá eftir, 16. fjór, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. húdd, 6. fh, 8. trú, 9. maís, 11. en, 12. ágæti, 14. óræfi, 16. ff, 17. rið, 18. egg, 20. rr, 21. rigs.
**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. út, 4. dreifir, 5. dún, 7. hágöfgi, 10. sær, 13. tær, 15. iðra, 16. fer, 19. gg.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Græningja.
2. Makríl.
3. Guðjón Valur Sigurðsson.







# Risavaxin Sony-auglýsing tekin á Íslandi

„Ég hef bara ekki leyfi til að tjá mig um þetta. Verkefnið er á undirbúningsstigi. En ég get staðfest það að við erum að fara að gera auglýsingu fyrir Sony. Og, já, ég vona að hún endi með því að verða stór,“ segir Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri hjá viðburðafyrirtækinu True North.

Risafyrirtækið Sony hefur verið með lið hér á landi til að athuga tökustaði fyrir auglýsingu sem þeir ráðgera að taka hér. Þeim innan handar er True North. Leynd er um verkefnið og Helga Margrét gat ekki einu sinni upplýst um hvaða varning ætti að flytja til landsins til að auglýsa. Hópurinn hefur farið um landið undanfarna daga. Og var meðal annars á Seyðisfirði um síðustu helgi til að skoða mögulega tökustaði. Finni Jóhannsson hjá True North var með í för og gat ekki staðfest annað en nákvæmlega það í samtali við Fréttablaðið. Þótt verkefnið sé á undirbúningsstigi er áætlað að tökur hefjist fljótlega.

Sony er þekkt fyrir glæsilegar auglýsingaherferðir sínar og muna margir til dæmis framúrstefnulega leir-auglýsingu þar sem kanínur í öllum litum hoppuðu og skoppuðu í stórborg og breyttu sér í allra kvikinda líki. Þá átti Íslandsvinurinn Jose Gonzáles lag í einni herferðinni þar sem mislitir boltar voru í aðalhlutverki.

**- jbg, fgg**



**VÉLMENNI FRÁ SONY** Algert hernaðarleyndarmál er hvaða varningur það er sem Sony ætlar að auglýsa í tengslum við auglýsinguna sem verður tekin hér.



**HELGA MARGRÉT** Staðfestir að til standi að taka upp stóra Sony-auglýsingu á Íslandi en frekari upplýsingar var ekki að fá.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON: GOTT AÐ GETA HJÁLPAÐ TIL

# Jóhanna Guðrún á námskeið í utanríkisráðuneytinu

„Ég kaus hana, eða við stelpurnar, að mig minnir og við í utanríkisþjónustunni erum afskaplega glöð yfir því að geta stutt hana til góðra verka,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni stendur til að Jóhanna Guðrún Jónsdóttir fari á stutt námskeið um Ísland og fræðist um það sem á hefur gengið í efnahagslífi þjóðarinnar áður en hún heldur út til Rússlands sem fulltrúi Íslands í Eurovision-keppninni. Þann fróðleik fær Jóhanna hjá Össuri og hans fólki í utanríkisráðuneytinu.

Utanríkisþjónustan býr yfir miklum og aðgengilegum fróðleik um þau mál öll og María Björk Sverrisdóttir, talsmaður Eurovision-hópsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að þar væri unnið að málinu. „Við erum að vinna að þessu saman enda viljum við hafa flottan fulltrúa fyrir Íslands hönd í Moskvu,“ segir María. Óhætt er að segja að Jóhanna fái storminn í fangið enda Ísland verið stöðugt í kastljósi fjölmiðla eftir að stóru bankarnir þrír sukku með manni og mús. Össur sjálfur var hins vegar ekki í nokkrum vafa um að Jóhönnu Guðrúnu ætti eftir að vegna vel. „Við vonum auðvitað að þetta verði sæmdar- og sigurför. Hún hefur alla burði til að ná langt og þótt ég vilji ekki skapa of miklar væntingar þá held ég að hún eigi eftir að koma á óvart,“ segir Össur.

Auður Edda Jökulsdóttir, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu, segir að ráðuneytið hafi tekið vel í þessa bón enda sé utanríkisþjónustan bakhjarl listafólks sem fær tækifæri erlendis. En Auður óttast þó ekki að blaðamenn muni reyna að reka Jóhönnu á gat með spurningum um skilanefndir gömlu bankanna og umdeilda netreikninga. „Nei, við höfum verið í samskiptum við kynningarskrifstofur sem hafa verið að koma íslenskri menningu á framfæri erlendis og þar virðist þetta fjármálahrun ekki vera snertiflötur. Auðvitað getur hún verið spurð hvort við höfum nóg að borða eða getum hitað húsin okkar en þá er það auðvitað bara kærkomið tækifæri til að útskýra fyrir blaðamönnum að hér sé vel starfandi samfélag,“ segir Auður.

Auður er sannfærð um að Jóhanna Guðrún verði mjög frambærilegur fulltrúi Íslands í Moskvu. „Okkur finnst bara frábært af Jóhönnu og hennar fólki að vilja koma hingað og fræðast um þetta allt og erum bara þakklát fyrir að þau skuli hafa hugsað til okkar,“ segir Auður og upplýsir jafnframt að Jóhanna ætli sér að fræðast töluvert um rússneska menningu og hugsanagang. „Við munum miðla af þeirri sérfræðiþekkingu sem við búum yfir á því sviði og undirbúa hana þannig sem best fyrir Rússlandsferðina.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**NÝTT MYNDBAND** Jóhanna Guðrún var í tökum fyrir nýtt Eurovision-myndband í gær. Tökur fóru fram í upptökuveri Latabæjar en leikstjóri er Baldvin Z. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STOLT** Össur Skarphéðinsson segist vera ákaflega stoltur yfir því að utanríkisþjónustan geti orðið að liði hjá Eurovision-förunum Jóhönnu Guðrúnu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Bjarni Haukur Þórsson, leikhússtjóri Loftkastalans, stendur nú í ströngu við að semja við þá sem munu fara með helstu hlutverk í sumarsýningunni Grease sem Selma Björnsdóttir mun leikstýra. Fer öll samningagerð í gegnum FÍL en þar eru aðalmenn Randver Þorláksson og Björn Ingi Hilmarsson. Ekki er búið að ganga frá neinum samningum en ein hugmyndin er sú að nokkrar stjörnur muni skipta með sér hlutverki söngvarans sem birtist „skvíkíklín“ í draumi táningsstúlkunnar og er það enginn smá kvartett: Páll Óskar, Jógvan, Jónsi og **Friðrik Ómar**.



Í dag ræðst hver vinnur baráttu- og bjartsýnissöngvakeppni Óla Palla á Rás 2. Má heita merkilegt að hann skuli hafa fengið margar af helstu kanónum íslenskrar dægurtónlistar til að senda inn lag til keppninnar og þar fer vitaskuld fremstur **Gunnar Þórðarson** sem á lag þar við texta Jónasar Friðriks. Það eru Skuggasveinar sem syngja, huldumenn og svo virðist sem þar fari fyrir flokki sjálfur Engilbert Jensen og Þe Lónlí Blú Bojs-flokkurinn. En eftir því sem næst verður komist eru skuggasveinar Gunnar sjálfur, Magnús Kjartansson og Vilhjálmur Guðjónsson.



Nakið faðmlag þeirra **Auðuns Blöndal** og Sverris Þór Sverrissonar vakti mikla athygli í síðustu viku en þessir fóstbræður féllust í faðma án neinna klæða í sjónvarpsþætti sínum. Augljóst er að þetta uppátæki hefur fært þá fjær karlmennsku sinni því á morgun endurnýja þeir kynnin við testósterónið og fá til sín nokkrar fegurðardrottningar.

**- jbg, fgg**

# Vesturport í sárum eftir fráfall Natöshu

„Jú, þetta eru sláandi fréttir. Ég var nú bara að sjá þetta rétt áðan í fréttunum,“ segir Björn Hlynur Haraldsson leikari um fráfall leikkonunnar Natöshu Richardson sem lenti í slysi á skíðasvæði í Kanada á mánudag.

Vesturportshópurinn kynntist móður Natöshu Richardson, leikkonunni Vanessu Redgrave, þegar hann sýndi Rómeó og Júlíu úti í London. Móðir Natöshu varð strax í upphafi mikill aðdáandi sýningarinnar og mætti oft sem áhorfandi úti í sal. „Hún kom alltaf með fólk með sér, vini og fjölskyldumeðlimi og fann sig eiginlega í einhverju mömmuhlutverki gagnvart hópnum sem var þarna í útlegð í London. Hún er frábær kona og yndisleg og bauð okkur meðal annars eitt skiptið heim í lambalæri. Við hittum ekki dóttur hennar, Natöshu, en ég er samt nokkuð viss um að hún hafi komið á sýninguna einu sinni með móður sinni,“ segir Björn Hlynur en systur Natöshu, leikkonuna Joely Richardson, sem hvað þekktust er fyrir hlutverk sitt sem Julia í Nip/Tuck, hitti hópurinn einnig. „Það var reyndar í öðru samhengi en þetta fólk er allt mjög yndislegt og hlýtt og móðirin sjálf einstök.“ Vanessa sjálf lék svo í uppfærslunni á Rómeó og Júlíu en um tíma voru gestaleikarar fengnir til að taka þátt lokaatriði verksins.

Björn Hlynur segist að þar sem hann væri svo nýbúinn að frétta af þessu hörmulega slysi hafi hann ekki enn heyrt í öðrum meðlimum Vesturports sem eru ytra. Hann búist þó við því að Vesturports-fólkið muni senda Vanessu og fjölskyldu samúðarskeyti eða blóm. Natasha var eiginkona stórleikarans Liams Neeson og átti tvo syni en er sjálf af stórri ætt leikara í Bretlandi. „Redgrave-fjölskyldan er svona hálfgerð konungsfjölskylda leikhússins í Bretlandi, mikið í sviðsljósinu og er mjög samheldin. Maður sá það einnig á heimilisbrag Vanessu og þau eru mikið fjölskyldufólk og halda náinn tengslum. Ég get ímyndað mér að þetta sé afar erfitt.“

**- jma /** **sjá einnig síðu 36**





**SAMHELDIN FJÖLSKYLDA** Sérstakur vinskapur myndaðist með móður Natöshu, Vanessu Redgrave, og Vesturportshópnum. Hér sést hún ásamt systur Natöshu, Joely. Björn Hlynur Haraldsson segist sleginn yfir tíðindunum.

# OUTLET CENTER



Mikið úrval af kósý peysum
**VERÐ FRÁ 2.990,-**
Margar gerðir og stærðir



London peysa
**VERÐ 4.490,-**
St: xs-l



Leggings
**VERÐ FRÁ: 1.490,-**
St: xs-l

## VALDAR VÖRUR Á 500 KR MJÖG MIKIÐ ÚRVAL

Lee Wrangler Levi Strauss SIGNATURE ORIGINAL STYLE, GREAT VALUE

Allar gallabuxur Lee, Wrangler og Levi's
Dömu, herra og barna **VERÐ: 2.990,-**

Levi's dömubuxur St: 26-31 mitti **VERÐ: 1.990,-**

Bee&Bee bolur St: xs-xxl **VERÐ: 990,-**



Hettupeysa án vasa St: xxs-l
**VERÐ ÁÐUR: 1.990,-**
**VERÐ NÚ: 990**

**OPIÐ ALLA VIRKA DAGA $11^{00}$- $18^{00}$ LAUGARDAGA $11^{00}$- $18^{00}$ SUNNUDAGA $12^{00}$ - $17^{00}$**

**OUTLET CENTER • FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



visir.is
„...ég sá það á vísi“




**BAKÞANKAR**

Bergsteins Sigurðssonar


## *Ekki aftur Jenga*

Nýlega kynntist ég skemmtilegu borðspili sem nefnist Jenga. Spilið samanstendur af 54 ílöngum trékubbum sem er raðað upp þremur og þremur saman í átján stæður, sem liggja þvert hver á aðra. Leikurinn gengur út á að leikmenn, sem geta verið nokkrir, skiptast á að fjarlægja einn kubb úr undirstöðunni og leggja hann ofan á stæðuna. Markmiðið er að láta stæðuna ná sem hæst. Hængurinn er sá að eftir því sem blokkin hækkar og kubbunum í undirstöðunum fækkar verður stæðan þeim mun óstöðugri og fellur að lokum um koll.

**LEIKURINN** endar því ávallt á einn veg og þar sem hrunið er óumflýjanlegt stendur í rauninni enginn uppi sem sigurvegari; markmiðið er að vera ekki sá sem fjarlægir kubbinn sem fellir stæðuna um koll. Þegar það gerist er kubbunum raðað aftur saman og byrjað upp á nýtt. Þetta er spennandi og taugatrekkjandi leikur, einhver heillandi togstreita í honum þar sem hrunið helst í hendur við uppbygginguna. Þegar ég spilaði hann í fyrsta sinn flögraði hins vegar að mér sú hugsun að ef til vill hafi Ísland lotið sömu grundvallarreglum og Jenga.

**HÆGT** og bítandi var hverri undirstöðunni á fætur annarri kippt undan samfélaginu og raðað ofan á stæðuna með það að augnamiði að ná sem hæst. Og stæðan náði ansi hátt þegar mest lét. Þeir sem tóku þátt í leiknum – og þeir voru margir – gleymdu hins vegar hvernig leikurinn er dæmdur til að enda. Grunnurinn hvíldi á sífellt færri stoðum og þegar loksins fór að hrikta í þeim gerðu þeir sem spiluðu nákvæmlega það sama og í borðspilinu: fóru sér aðeins hægar – en héldu leiknum engu að síður áfram. Drógu næsta kubb varlega úr grunninum og lögðu hann gætilega á toppinn; reyndu eftir fremsta megni að verða ekki sá sem fjarlægir kubbinn sem veltir stæðunni endanlega um koll.

**AÐ LOKUM** gerðist hið óumflýjanlega og blokkin hrundi. Smám saman erum við farin að safna kubbunum aftur saman og raða þeim upp á nýtt. Reynslunni ríkari og sannfærð um að láta söguna ekki endurtaka sig. Það er auðvitað góðra gjalda vert að vilja hleypa nýjum leikmönnum að borðinu, í stað þeirra sem sátu einir að veislukostinum meðan leikar stóðu sem hæst, og það er engin ástæða til að frýja þá ábyrgð. En það eitt og sér dugar ekki til. Hrunið er nefnilega innbyggt í spilið. Við þurfum fyrst og fremst að finna annan leik til að spila.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 20. mars, 79. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.28 | 13.35 | 19.44 |
| Akureyri | 7.12 | 13.20 | 19.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




# Fjármálanámskeið
## fermingarbarnsins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-0345

„Stuðla að ábyrgri fjármálakennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins.“
Karlmaður, 39 ára.

## Íslandsbanki og Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík bjóða öllum krökkum á fermingaraldri á fjármálanámskeið

Viðskiptavinir Íslandsbanka hafa komið á framfæri ábendingum um mikilvægi þess að miðla fjármálaþekkingu til ungmenna. Til að bregðast við þessu mun Íslandsbanki bjóða öllum krökkum á fermingaraldri að sækja fjármálanámskeið.

Námskeiðin verða haldin í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík og er markmið þeirra að bæta fjármálafærni þátttakenda í raunhæfum og einföldum skrefum.

Námskeiðin fara fram í húsakynnum Háskólans í Reykjavík við Ofanleiti. Leiðbeinandi verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum.

**Fyrsta námskeiðið verður 16. apríl kl. 18–21.**

Nánari upplýsingar og skráning er á **islandsbanki.is**, opnihaskolinn.is eða í síma 599 6350.




### Kynntu þér sniðugar fermingargjafir hjá Íslandsbanka

**Framtíðarreikningur Íslandsbanka**
Framtíðarreikningur ber hæstu innlánsvexti bankans hverju sinni og er kjörinn fyrir þá sem vilja gefa fermingargjöf sem vex.

**Gjafakort Íslandsbanka**
Með gjafakortinu getur þú verið viss um að gefa fermingargjöf sem allir kunna að meta.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki